ÁSRÚN MAGNÚSDÓTTIR

Með dömulegan smekk og líkar kvenleg snið

• tíska • sumar • heimili • heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

VINNUVÉLAR

Tæki og tól í garðinn

Sérblað um vinnuvélar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. júní 2008 — 172. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Vaka yfir viðskiptunum

Fiskbúðin á Freyjugötu getur stært sig af tveimur verslunarköttum sem vakta búðina frá morgni til kvölds.

FÓLK 50

Fjallatónlist og dansar

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði verður haldin í níunda sinn í byrjun júlí. Þar verður boðið upp á fjölda forvitnilegra tónleika og námskeiða.

MENNING 34

Karlmannlegt og ódýrt

Torfi Geirmundsson er einn örfárra rakara sem enn býður upp á rakstur með hnífi upp á gamla mátann.

FÓLK 42

Allir á völlinn

Kvennalandsliðið í fótbolta mætir Grikkjum í mikilvægum leik í dag.

ÍÞRÓTTIR 44

VEÐRIÐ Í DAG



FREMUR MILT Í dag verða norðaustlægar áttir, 3-8 m/s. Skýjað með köflum en hætt við skúrum suðvestanlands og lítilsháttar vætu austan til. Hiti á bilinu 6-14 stig, hlýjast á landinu vestanverðu.

VEÐUR 4

muundu eftir mjólkinni!

Muu

Össur kvittar fyrir álver á Bakka í dag

Iðnaðarráðherra hittir aðstoðarforstjóra Alcoa til að undirrita viljayfirlýsingu um nýtt álver á Bakka hjá Húsavík. Að mestu óbreytt endurnýjun yfirlýsingar fyrri ríkisstjórnar. Efnahagsþrengingar gera álver líklegri, segir Geir Haarde.

IÐNAÐUR Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra hittir í dag aðstoðarforstjóra Alcoa til að undirrita viljayfirlýsinu um nýtt álver Alcoa á Bakka við Húsavík.

„Það er verið að uppfæra viljayfirlýsingu frá maí 2006," segir Einar Karl Haraldsson, aðstoðarmaður ráðherra. Í fyrri viljayfirlýsingu var gert ráð fyrir 250.000 tonna ársframleiðslu á áli og 400 megavatta orkuþörf versins.

Alcoa hefur ekki lokið við þau verkefni sem stefnt var að með yfirlýsingunni frá 2006.

„Þeir eru rétt að byrja á umhverfismatinu og hagkvæmnismati er ekki lokið heldur. Því er eðlilegt að framlengja þetta," segir Einar. Engar gagngerar breytingar verði gerðar á yfirlýsingunni. En í ljósi þess að vinnunni átti að vera lokið þykir við hæfi að gildistími nýju yfirlýsingarinnar verði nokkuð skemmri en hinnar.

Ekki var frágengið í gærdag hve langur gildistíminn yrði en lítið bar í milli viðsemjenda, sagði Einar. Ekki hafði heldur verið ákveðið hvar á landinu né hvenær dags yrði skrifað undir.

Geir Haarde forsætisráðherra sagði í viðtali við Dow Jones, sem birtist í gær, að vegna þrenginga í íslensku efnahagslífi væru stjórnvöld líklegri en áður til að samþykkja álver Alcoa.

Össur vildi ekki tjá sig um málið, en þess má geta að flokkur hans, Samfylkingin, vildi fyrir síðustu kosningar fresta öllum stóriðjuframkvæmdum í allt að fimm ár.

Sendinefnd Alcoa kom til landsins fyrr í vikunni og hefur meðal annars gert sér glaðan dag á ferðalagi á Reykjanesi. - kóþ

SIGLT Í SÓLINNI Veðrið hefur leikið við þátttakendur í sumarbúðum Íþróttabandalags fatlaðra á Laugarvatni. Um fimmtíu fatlaðir einstaklingar eru í búðunum og hafa skemmt sér konunglega við alls kyns iðju, ásamt ellefu starfsmönnum. Bandalagið hefur rekið sumarbúðir á Laugarvatni síðan árið 1986 og eru þær opnar öllum fötluðum. Yngsti þátttakandinn í ár er 15 ára en sá elsti 55 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SLÖKKVILIÐ Slökkviliðsmenn í hlífðarbúningum mættu á svæðið til að fjarlægja beinin. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Miltisbrandur í Garðabæ:

Fólk hvatt til að halda sig fjarri

HEILBRIGÐISMÁL Grunur leikur á að dýrabein sem fundust í húsgrunni við Lyngholt í Garðabæ í gærkvöldi séu smituð af miltisbrandi.

Svæðið hefur verið girt af og beinin fjarlægð. Tekið verður sýni úr dýraleifunum og er fljótlega að vænta niðurstöðu um hvort þau séu smituð.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, segir ekki hættu á ferð fyrir íbúa, en hvetur þó fólk til að „vera ekki að góna mikið ofan í". Fréttavefurinn Vísir greindi frá því að íbúar í nágrenninu hafi lokað gluggum sínum í varúðarskyni.

Í nóvember síðastliðnum fundust tvö miltisbrandssýkt kúahræ í Garðabænum og var þeim komið í einangrun. - gh

Folfspilurum fjölgar stöðugt:

Vaxandi íþrótt

ÍÞRÓTTIR Folf, eða frísbígolf, nýtur vaxandi vinsælda hér á landi eins og annars staðar í heiminum. Sömu reglur gilda og í golfi, en í stað þess að slá kúlum í holur er frisbídiskum kastað í körfur. Árið 2005 var Íslenska frisbígolfsambandið stofnað og fyrsta Íslandsmótið haldið. Svo var haldið stórt alþjóðlegt mót hér á landi 2006 með 24 erlendum keppendum.

„Folf er mjög vinsælt erlendis og hörð atvinnumennska í íþróttinni í Bandaríkjunum. Bæði þar og í Asíu er vöxturinn mikill. Í dag eru um 2.500 vellir um allan heim," segir Haukur Árnason, félagi í Íslenska frisbígolfssambandinu. - eö / sjá allt

Forstjóri Glitnis segir áhuga erlendra fjárfesta á krónuninni hafa minnkað:

Geir telur upptöku Bandaríkjadals rökréttari en evru

EFNAHAGSMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í gær að Íslendingar gætu allt eins tekið upp Bandaríkjadal í stað íslensku krónunnar væri þörfin á inngöngu í myntbandalag knýjandi.

Hann benti á að stór hluti viðskipta Íslendinga færu nú þegar fram í Bandaríkjadölum og væri upptaka dals því rökréttari en innganga í myntbandalag Evrópu sem svo myndi leiða til evruvæðingar. Evran væri þannig ekki sjálfgefin mynt. Aðrir gjaldmiðlar gætu sömuleiðis komið til greina, svo sem breska pundið og aðrir norrænir gjaldmiðlar.

„Bankarnir stunda ekki spákaupmennsku með íslensku krónuna. Krónan er minnsta mynt í heimi og áhugi erlendra fjárfesta á henni hefur dvínað," segir Lárus Welding, forstjóri Glitnis.

GEIR H. HAARDE

Gengi krónunnar féll hratt í mánuðinum þar til í gær og hafa háværar raddir verið uppi um að bönkunum gæti verið þar um að kenna, þar sem þeir vilji rétta sína stöðu í lok annars ársfjórðungs. Aðrir segja réttast að Íslendingar taki upp annan gjaldmiðil.

„Við höfum enga hagsmuni af því. Hagsmunir okkar felast í stöðugu gengi og lágum vöxtum," segir Lárus og bendir á að málið felist í gjaldeyrisvanda. - jab / sjá síðu 22

MYLLAN

HEIMILIS BRAUÐ

Veldu ekta Myllu Heimilisbrauð

- brauðið sem allir á heimilinu velja

SPURNING DAGSINS

Hrefna, var ísbjörninn ekkert kindarlegur?

„Nei, það var ekkert kindarlegt við hann."

Hrefna Björg Guðmundsdóttir kveðst fullviss um að hafa séð ísbjörn á Skaga, þótt leit hafi engu skilað og einu sporin sem fundist hafi eru eftir kindur.

Við Kattholt biðu þrír kettlingar í gærmorgun sem höfðu verið skildir þar eftir:

Skildir eftir í loftlausum poka

DÝRAVERND „Þeir voru bara hjá húsinu hér á horninu í lokuðum poka sem þeir hefðu líklega getað dáið í ef þeir hefðu verið mikið lengur í honum," segir Sigríður Heiðberg, formaður Kattavinafélagsins, sem rekur Kattholt.

Í gærmorgun fundust þrír kettir í poka fyrir utan Kattholt og höfðu verið skildir eftir.

„Þetta var skelfilegur poki. Það var blessunarlega allt í lagi með kisurnar en þær höfðu greinilega ekki verið lengi í pokanum því hann var ansi þéttur," segir Sigríður sem brá mjög við að finna kettlingana.

Hún segir þó ekki algengt að þetta komi fyrir en gerist þó nokkrum sinnum á ári. Venjulegu séu þeir þá í kassa. „Það á samt ekki að koma svona fram við dýr, að senda þau í kassa. Það er þó betra en að þeim sé hent út í hraun."

Taka verður harðar á dýraníðingum að mati Sigríðar og hafa háar sektir og viðurlög við þessum brotum.

„Hér hafa kettir verið teknir út úr íbúðum og fólk sleppur alveg með ákæru. Í Bandaríkjunum væri fólki skellt í handjárn fyrir svona framkomu við dýr."

Kettlingarnir þrír eru tveggja mánaða gamlir og þeim heilsast vel, þótt einn sé örlítið veikburða.

- vsp

KISUR Í POKA Hér sjást kettlingarnir þrír í loftlausum poka sem þeir voru skildir eftir í.

Elísabet II. sviptir Mugabe titli:

Mugabe sviptur riddaratitli

ENGLAND, AP **Elísabet önnur Englandsdrottning svipti í gær Robert Mugabe, forseta Simbabve, titli heiðursriddara.**

Utanríkisráðherra Bretlands, David Milibrand, beindi því til drottningarinnar að Mugabe yrði sviptur titlinum vegna mannréttindabrota stjórnar Mugabes.

Mugabe var gerður að heiðursriddara árið 1994 þegar litið var á hann sem hetju í baráttunni gegn nýlendustefnunni. Slík svipting er afar óvenjuleg en þó ekki óheyrð. Nicolae Ceausescu, fyrrverandi forseti Rúmeníu, var sviptur titlinum meðan á byltingu stóð í Rúmeníu 1989. **- gh**

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir:

Aðstoðarmaður Ólafs F. hættir

STJÓRNMÁL Ólöf Guðný Valdimarsdóttir mun láta af störfum sem aðstoðarmaður Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra á næstunni, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

ÓLÖF GUÐNÝ VALDIMARSDÓTTIR

Ólöf Guðný varð aðstoðarmaður þegar Ólafur tók við í janúar á þessu ári. Samkvæmt samkomulagi meirihlutans í Reykjavík situr hann sem borgarstjóri til mars á næsta ári, en þá tekur Hanna Birna Kristjánsdóttir við.

Ólöf Guðný vildi hvorki staðfesta né neita þegar blaðamaður náði tali af henni. „Ég var í vinnunni í dag og verð í vinnunni á morgun, meira hef ég ekki um það að segja." **- kóp**

Útsendingatruflanir á EM:

Bilun í gervihnetti í Basel

TÆKNI **Bilanir í gervihnetti í Basel í Sviss voru valdandi þeim truflunum sem urðu á útsendingum Sjónvarpsins frá leik Þýskalands og Tyrklands í EM í knattspyrnu í gærkvöldi.**

Bilanirnar komu oftar en ekki á versta tíma og þurftu lýsendur að geta í eyðurnar. Leikurinn var þrælspennandi og fór 3-2 fyrir Þýskalandi. **- kóp**

DÓMSTÓLAR

Mál prests til saksóknara

Mál séra Gunnars Björnssonar, sóknarprests á Selfossi, hefur verið sent til ríkissaksóknara. Fjórar stúlkur kærðu Gunnar fyrir kynferðislega áreitni. Hann hefur neitað þeim ásökunum.

Fullir sandkassar af kattaskít á leikvelli

Sandkassar á opnu leiksvæði við Ljósheima í Reykjavík eru fullir af kattaskít. Beiðni til borgaryfirvalda um að skipt sé um sand í kössunum ekki sinnt. Illframkvæmanlegt að fylgjast með sandkössum á opnum leiksvæðum í borginni.

DÝRAHALD „Ég vil ekki að barnið mitt leiki sér í kattaskít," segir Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, íbúi í Vogahverfi í Reykjavík.

Hrafnhildur segir ítrekað hafa verið eftir því leitað við borgaryfirvöld að skipt sé um sand í tveimur sandkössum á opnu leiksvæði við Ljósheima í Reykjavík en því hafi ekki verið sinnt.

„Sandkassarnir eru báðir fullir af kattaskít og í hvorugum þeirra hægt að hafa barn," segir Hrafnhildur. „Í morgun sáum við einnig að kassinn iðaði af lirfum sem hafast við í sandinum."

Hrafnhildur hefur ásamt ungri dóttur sinni hitt nokkrar dagmæður með fleiri börn á opnu leiksvæði við Ljósheima í Reykjavík reglulega. Leiksvæðið er mjög gott og vel nýtt að sögn Hrafnhildar, oft komi samtals fleiri en tuttugu þar saman á morgnana þegar veðrið er gott. „Það er auðvitað mjög leiðinlegt að geta ekki leyft börnunum að leika sér í sandkössunum," segir Hrafnhildur.

„Þetta vandamál hefur verið til staðar mjög lengi," segir Hrafnhildur. „Við búum hér í grenndinni og höfum brugðist við með því að vara aðra foreldra við að setja börnin sín í sandkassann."

Hrafnhildur segir vandamálið erfitt við að eiga enda komi kettirnir alltaf aftur. „Ég held að eina lausnin sé bann við lausagöngu katta."

Ekki eru til beinar reglur um sandskipti í sandkössum á opnum leiksvæðum í borginni en Rósa Magnúsdóttir hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar segir að það sé gert einu sinni á ári, yfirleitt að vori.

KATTASKÍTUR Í SANDKASSA Fjöldi barna kemur saman á leikvelli við Ljósheima í Reykjavík flesta morgna en leika sér ekki í sandkössunum vegna kattaskítsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gott eftirlit er með sandkössum á leikskólalóðum en það er að sögn Rósu illframkvæmanlegt á opnum svæðum sem eru um þrjú hundruð talsins í borginni. „Við getum ekki komið í veg fyrir þetta," segir Rósa. „Leikvellirnir eru opnir öllum."

Rósa segir mjög mikilvægt að láta vita ef vandamál komi upp á leiksvæðunum. Hægt er að leita til Umhverfissviðs og hverfamiðstöðva borgarinnar með kvartanir.

helgat@frettabladid.is

KATTASKÍTUR Mæður sem koma saman á leikvellinum sópuðu þar saman talsverðu magni af kattaskít á þriðjudag.

Á SAFNI Eftir langa þjónustu mun Sifin gleðja augu safngesta. MYND/LHG

Höfðingleg gjöf:

TF-SIF komin á Flugsafn Íslands

SAFNAMÁL TF-SIF, björgunarþyrla Landhelgisgæslunnar sem lenti í sjónum við Straumsvík í fyrra, hefur verið afhent flugsafni Íslands á Akureyri til varðveislu.

Landhelgisgæslan fékk TF-SIF nýja frá verksmiðju árið 1985 og á 22 ára ferli sínum átti Sifin, eins og hún var oft kölluð, þátt í björgun 250 mannslífa, að áætlað er. Hún flaug samtals 7.056 klukkustundir á ferlinum áður en hún lenti í sjónum við Straumsvík á síðastliðnu ári.

Vélin var afhent safninu um flughelgi flugsafnsins um liðna helgi. **- shá**

Nýr prestur ráðinn í embætti:

Sr. Guðni Már í Lindaprestakall

TRÚMÁL **Séra Guðni Már Harðarson verður prestur í Lindaprestakalli frá og með fyrsta september næstkomandi.**

Valnefnd prestakallsins tók ákvörðun um embættisveitinguna á fundi sínum síðastliðinn mánudag. Umsækjendur um stöðuna voru þrír. Valnefndina skipuðu níu aðilar úr prestakallinu ásamt prófasti Reykjavíkurprófastsdæmis eystra.

Guðni Már lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands 2006. Sama ár var hann vígður til prestsþjónustu sem skólaprestur á vegum Kristilegu skólahreyfingarinnar. **- ges**

Mörg krefjandi verkefni hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins 2007:

Rúmlega 60 kynferðisbrot gegn börnum á einu ári

LÖGREGLUMÁL Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsakaði hátt í tvö hundruð kynferðisbrotamál á síðasta ári. Þar af voru 48 nauðganir og 62 kynferðisbrot gegn börnum.

Þetta kemur fram í ársskýrslu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2007.

Þá voru til rannsóknar hjá deildinni fjölmörg mál er varða barnaklám í tengslum við netið.

Auk ofangreinds komu fjöldamörg önnur krefjandi verkefni á borð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á árinu. Má þar nefna tvö morðmál, annað á Sæbraut, hitt í fjölbýlishúsi við Hringbraut. Mál sem risu vegna ofbeldisbrota voru rúmlega 900 á síðasta ári. Af þeim voru rúmlega 100 mál flokkuð sem alvarleg. Þá rannsakaði lögregla Fáskrúðsfjarðarmálið, sem er eitt stærsta fíkniefnamál sem upp hefur komið hér á landi. Samtals var 41 rán framið á síðasta ári.

Ránsmennirnir voru flestir ungir að árum. Þeir sögðu fjármögnun fíkniefnakaupa hafa verið ástæðu ránanna. Eitt grófasta ránið var framið í Vogahverfi. Þar var jafnframt gengið í skrokk á hinum rænda. Hann var bundinn bæði á höndum og fótum og gúmmímotta dregin yfir höfuð hans meðan á athæfinu stóð. **- jss**

RÁN Rúmlega fjörutíu rán voru framin á síðasta ári. Vel gekk að upplýsa þau. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Úllen

dúllen

doff

kikke

lane

koff

koffe

lane

bikke

bane

úllen

dúllen

doff!

Stærsta útsala landsins
hefst í dag!

Kringlan

Mán til mið 10–18:30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 Sími 568 9200 www.kringlan.is

GENGIÐ 25.06.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	82,65	83,05
Sterlingspund	163,06	163,86
Evra	128,76	129,48
Dönsk króna	17,262	17,362
Norsk króna	16,153	16,249
Sænsk króna	13,69	13,77
Japanskt jen	0,7652	0,7696
SDR	133,78	134,58

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
165,9207
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hætt við að greiða atkvæði um viðkvæm mál á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins:

Reynt að sætta sjónarmið

SJÁVARÚTVEGUR Öllum atkvæðagreiðslum um viðkvæm mál hefur verið slegið á frest á 60. ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins sem stendur yfir í Chile. Ástæðan er að fulltrúar ráðsins telja mikilvægara að jafna þann ágreining sem hefur logað innan ráðsins í fjölda ára og kristallast fyrst og síðast í deilum Japana og Ástrala. Japanar hafa um árabil krafist veiðikvóta en Ástralar setja sífellt fram nýjar kröfur um verndun og eru sakaðir af Japönum um að snúa eðli ráðsins í andhverfu sína; um hvalverndunarráð sé að ræða í þeirra skilningi.

Japanar hafa lengi hótað að draga sig út úr ráðinu vegna þeirra deilna sem þar hafa ríkt. Nú verður settur saman vinnuhópur sem tuttugu lönd munu eiga aðild að. Ekki er settur tímarammi á vinnu hópsins en stefnt er að því að niðurstöður liggi fyrir á ársfundi ráðsins í Madeira í Portúgal að ári.

Þegar vinnuhópurinn hefur skilað skýrslu sinni verða efnisleg atriði tekin fyrir. Þeirra helst eru tillögur Japana um að hætta vísindaveiðum og taka upp hvalveiðar í atvinnuskyni og umhverfissinna um stofnun verndarsvæðis fyrir hvali í Suður-Atlantshafi. Danir hafa farið fram á að veiðikvóti Grænlendinga, á grunni frumbyggjaveiða, verði aukinn. **- shá**

HREFNUVEIÐAR Japan, Noregur og Ísland leiða hóp hvalveiðisinna en Ástralar og Bretar eru fyrirferðarmiklir í hópi verndunarsinna.

Golf fyrir hjartveik börn:

Eiður Smári bauð upp treyju

LÍKNARMÁL „Það var uppboð á árituðum treyjum frá Jóni Arnóri Stefánssyni og Eiði Smára Guðjohnsen," segir Ágúst Guðmundsson, einn umsjónarmanna Stjörnugolfs Nova.

Stjörnugolf Nova var haldið í fimmta sinn í gær á Urriðavelli í Garðabæ. Á því móti voru tuttugu þjóðþekktir Íslendingar fengnir til að spila golf og þar voru meðal annars Eiður Smári Guðjohnsen, Helga Möller og Sveppi.

Mótið er haldið ár hvert og allur ágóði af söfnuninni rennur óskiptur í styrktarsjóð hjartveikra barna. - vsp

Rannsókn á Barnadeild LSH:

Erlend börn eru illa bólusett

HEILBRIGÐISMÁL Rannsóknir á göngudeild smitsjúkdóma á Barnaspítala Hringsins sýna að erlend börn sem hingað flytjast eru í mörgum tilfellum illa bólusett á íslenskan mælikvarða. Mörg voru næm gegn hettusótt, mislingum og rauðum hundum en öll mældust með verndandi mótefni gegn stífkrampa.

Þetta er niðurstaða Ernu Sigmundsdóttur læknanema sem greint er frá í Sóttvarnartíðindum Landlæknisembættisins. Niðurstaða rannsóknarinnar sýnir að til að koma í veg fyrir að hér á landi brjótist út bólusetningasjúkdómar er nauðsynlegt að fylgjast vel með fyrri bólusetningum hjá börnum sem flytjast til Íslands og bjóða þeim sem illa eru bólusett nýja bólusetningu. - shá

Embætti forstjóra Veðurstofu:

Auglýst eftir umsóknum

STJÓRNSÝSLA Embætti forstjóra Veðurstofu Íslands hefur verið auglýst laust til umsóknar. Um áramót renna Veðurstofa Íslands og Vatnamælingar Orkustofnunar saman í nýja stofnun undir nafni hinnar fyrrnefndu. Viðfangsefni hennar snúa að eðlisþáttum jarðar, það er lofti, vatni, snjó og jöklum, jörð og hafi. Nýr forstjóri tekur við í ágúst en umsóknarfrestur er til 11. júlí.

Magnús Jónsson hefur verið forstjóri Veðurstofu Íslands síðan 1994. **- bs**

DÓMSTÓLAR

Stal bíl og ók um Vopnafjörð

23 ára maður hefur verið dæmdur í 45 daga fangelsi fyrir að stela bíl á Vopnafirði og aka honum um götur bæjarins. Hann hefur frá árinu 2003 hlotið sjö refsidóma fyrir umferðar- og þjófnaðarbrot, rán og líkamsárás.

Reynt að tryggja bráðaþjónustuna

Hjúkrunarfræðingar hafa boðað yfirvinnubann frá og með 10. júlí og mun það setja strik í reikninginn á sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum og heilsugæslustöðvum um allt land. Reynt verður að tryggja bráðaþjónustu.

VINNUMARKAÐUR Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur boðað til yfirvinnubanns hjúkrunarfræðinga frá og með fimmtudeginum 10. júlí þar sem samningaviðræður hafa reynst árangurslausar. Eftir þennan tíma munu hjúkrunarfræðingar aðeins skila vinnu í samræmi við umsamið starfshlutfall.

Búist er við að yfirvinnubannið komi mest niður á Landspítalaháskólasjúkrahúsi, LSH, lyflækningasviði og skurðstofum, öðrum sjúkrahúsum í landinu, heilbrigðisstofnunum og heilsugæslustöðvum.

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, starfandi hjúkrunarforstjóri á LSH, segir að yfirvinnubannið hafi veruleg áhrif á starfsemna, sérstaklega fyrstu helgarnar. „Við erum að vinna núna í því hvort við getum tryggt bráðaþjónustuna," segir hún og getur ekki svarað því hvort deildum verði lokað. „Ég á von á því að það verði hliðrað til."

Verið er að skoða hversu margar vaktir eru skráðar yfirvinnuvaktir á LSH. Guðlaug Rakel segir að félagið hafi sér vitanlega ekki boðað yfirvinnubann áður og því séu ekki mörg fordæmi. Ræða þurfi ýmislegt, til dæmis hvort undanþágunefnd verði starfandi eins og í verkfalli.

„Þetta er hásumartími, fólk er að koma úr fríi og fara í frí þannig að þetta er að mörgu leyti erfiður tími og töluvert verkefni að púsla þessu saman," segir hún.

Lilja Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands, segir að dregið verði úr starfsemi og aðeins sinnt neyðarþjónustu. „Það er mannekla fyrir hjá okkur þannig að við megum ekki við miklu. Við endurskoðum starfsemina en lokum ekki deildum, fólk fær ekki þá þjónustu sem það á von á að fá. Við reynum að gera ekkert sem ekki er bráðaðkallandi," segir hún.

Þóra Ákadóttir, starfandi hjúkrunarforstjóri á Sjúkrahúsinu á Akureyri, segir að þokkaleg mönnun sé á spítalanum og ekki mikið um yfirvinnu. „Ég hef aðallega áhyggjur af bráðasviðinu, skurð-, svæfinga- og slysadeild, þar eru einu vaktirnar sem eru bakvaktir," segir hún og vonast til að tíminn fram til 10. júlí verði notaður vel til að semja.

Bæði á St. Jósefsspítala og Sólvangi kemur bannið lítið við starfsemina fyrstu dagana.

Yfirvinnubannið nær til rúmlega tvö þúsund hjúkrunarfræðinga. **ghs@frettabladid.is**

FLESTIR Í BANNI Á LSH Yfirvinnubann Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, FÍH, nær til ríflega 2.000 hjúkrunarfræðinga um allt land. Flestir hjúkrunarfræðingarnir starfa þó á LSH enda kemur yfirvinnubannið þar harðast niður. Starfandi hjúkrunarforstjóri segir unnið að því að tryggja bráðaþjónustuna komi til yfirvinnubanns. MYND/ÚR SAFNI

Héraðsdómur ómerktur:

Úrskurðað skal um bú Fischers

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur ómerkt dóm Héraðsdóms Reykjavíkur um dánarbú skákmeistarans Bobbys Fischer þar sem kröfu systursona Fischers um opinber skipti búsins var hafnað.

BOBBY FISCHER

Héraðsdómur hafnaði kröfunni á þeim grundvelli að hin japanska Myoko Watai segðist vera eiginkona Fischers og ætti með honum barn en ef á því léki vafi væri það sýslumanns að ákveða að krefjast opinberra skipta á búinu. Hæstiréttur hefur nú vísað málinu aftur í hérað til löglegrar meðferðar þar sem systursonunum væri sannarlega heimilt að krefjast skiptanna ef þeir véfengdu tilkall annarra til þess. **- sh**

LÖGREGLUFRÉTTIR

Kona steig í hver

Erlendur ferðamaður á miðjum aldri brenndist illa á fæti þegar hann steig í hver utan við Hveragerði í gær. Var hann fluttur með sjúkrabíl á slysadeild.

Árekstur við framúrakstur

Kona slasaðist lítillega þegar tveir jeppar rákust saman vestan við Kirkjubæjarklaustur í gærmorgun. Báðir bílar skemmdust mikið.

GEORGÍA

Leyniviðræður í Svíþjóð

Leynilegar viðræður áttu sér stað nýverið milli abkasískra og georgískra embættismanna í Svíþjóð. Abkasar hafa viljað sjálfstæði frá Georgíu og njóta stuðnings Rússa. Viðræðurnar munu ekki hafa skilað árangri en þóttu þó gagnlegar.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

BEST FYRIR VESTAN

Á morgun má búast við skúrum með köflum víða á suðvestanverðu landinu og dálítilli vætu um landið austanvert. Heldur kólnandi veður fyrir norðan og austan og ættu ferðamenn og útivistarfólk að huga að því fyrir helgina.



Á MORGUN Norðlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s.

LAUGARDAGUR Norðlægar áttir, víða 5-10 m/s .

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	20°
Billund	18°
Ósló	16°
Stokkhólmur	19°
Gautaborg	18°
London	20°
París	24°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	24°
Berlín	26°
Alicante	28°
Mallorca	29°
Basel	27°
Eindhoven	22°
Las Palmas	23°
New York	31°
Orlando	32°
San Francisco	19°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Fíton/SÍA

Mundu mig – ég man þig

Ánægðustu viðskiptavinir á Íslandi*

Sparisjóðurinn leggur megináherslu á að eiga ánægjulegt samstarf við viðskiptavini sína. Verið velkomin í hóp ánægðustu viðskiptavina allra fyrirtækja á Íslandi – það er engin tilviljun að þeir eru hjá okkur.

* Samkvæmt niðurstöðum Íslensku ánægjuvogarinnar.

SPARISJÓÐURINN
spar.is

KJÖRKASSINN

Óttast þú að missa vinnuna vegna kreppuástands í þjóðfélaginu?

Já 26,2%

Nei 73,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Finnst þér að stjórnvöld eigi að rannsaka veikingu krónunnar?

Segðu skoðun þína á vísir.is VÍSIR

Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps óttast ekki andstöðu íbúanna:

Segir virkjanir í þjóðarhag

ORKA Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps segir að það sé í þágu þjóðarinnar að virkja í Þjórsá. Hann reiknar ekki með mikilli andstöðu íbúa. Sveitarstjórnin öll hafi verið á einu máli um að breyta skipulagi hreppsins þannig að það rúmi Hvamms- og Holtavirkjanir Landsvirkjunar.

„Og menn verða að vega og meta hagsmuni þjóðarinnar sem heildar. Þetta eru taldir með umhverfisvænni virkjunarkostum á landinu. Ef við virkjum ekki hérna veit ég ekki hvar við ættum að virkja. Kannski vill fólk bara hætta að nýta orkuna. Það er sjónarmið út af fyrir sig," segir oddvitinn, Gunnar Örn Marteinsson.

Margfeldisáhrif framkvæmdanna komi sér vel fyrir hreppinn og vonandi greiði einhverjir verkamannanna skatt þangað. Nýjar brýr verði lagðar yfir Þjórsá og líklega nýr skáli fyrir ferðamenn.

Næstu skref í átt til virkjunar eru þau að Skipulagsstofnun geri athugasemdir við skipulagið og svo þarf umhverfisráðuneyti að staðfesta það.

Undirbúningsvinna fyrir framkvæmdir ætti að geta hafist í vetur, segir Gunnar. - kóþ

FRÁ ÞJÓRSÁ Þrátt fyrir hávær mótmæli náttúruverndarsinna og ýmissa íbúa á svæðinu hefur sveitarstjórnin sett virkjanirnar inn á skipulag. Fljóahreppur hefur enn ekki samþykkt Urriðafossvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verkalýðsfélag Akraness:

Sjómaðurinn átti fullan rétt

VINNUMARKAÐUR Sjómaður, sem varð fyrir slysi á loðnubátnum Víkingi AK 100 árið 2007, á fullan rétt til launa vegna slyssins. Sjómaðurinn hefur nú fengið greiddar tæpar þrjár milljónir samkvæmt frétt á vef Verkalýðsfélags Akraness.

Sjómaðurinn slasaðist í sínum fyrsta túr með Víkingi. Skipstjórinn tjáði honum að hann ætti ekki rétt á launum þar sem um tímabundna ráðningu væri að ræða. Formaður Verkalýðsfélags Akraness og starfsmannastjóri HB Granda komust hins vegar að þeirri niðurstöðu að hann ætti fullan rétt til launa. - ghs

Ásakanir um líffærasölu:

Evrópuráðið hefur rannsókn

ALBANÍA, AP Evrópuráðið hyggst rannsaka hvað hæft sé í ásökunum um að kosovo-albanskir skæruliðar hafi myrt Serba og selt úr þeim líffæri undir lok stríðsins í Kosovo árið 1999.

Ásakanir þessa efnis komu fram í bók fyrrverandi saksóknara Stríðsglæpadómstólsins í Haag, Cörlu del Ponte. Segir hún þar áreiðanlega blaðamenn hafa tjáð sér að hundrað til þrjú hundruð menn, flestir serbneskir, hafi verið fluttir frá Kosovo til Albaníu. Þar hafi þeir verið myrtir og líffæri úr þeim seld.

Utanríkisráðherra Albaníu hefur sagt ásakanirnar „fáránlegan uppspuna". Samtökin Mannréttindavaktin segjast þó hafa upplýsingar sem styðji þær. - gh

FINNLAND

Mega fá njósnaralista

Dómstóll í Helsinki hefur úrskurðað að gera eigi opinberan lista yfir tuttugu Finna sem voru að mati vesturþýsku leyniþjónustunnar í nánu sambandi við Stasi, leyniþjónustu Austur-Þýskalands, í kalda stríðinu.

FJÖLMIÐLAR

Eystrahorn kveður

Síðasta tölublað héraðsfréttablaðsins Eystrahorns kemur út að öllu óbreyttu í dag. Útgáfufélag blaðsins, Galdur ehf., hættir störfum um mánaðamótin en hvorki hefur fundist kaupandi að Eystrahorni né fréttavefnum horn.is.

AKUREYRI

Rekstur mötuneyta í járnum

Rekstur grunnskólamötuneyta á Akureyri er í járnum, að því er fram kemur í fundargerð skólanefndar Akureyrarbæjar. Hráefniskostnaður sé meiri en ráð var gert fyrir. Þó nýti 80 prósent nemdenda sér mötuneytin.

Tvö prósent fjárins í megintilgang sjóðs

Lögbundið hlutverk Bókmenntasjóðs er að styrkja frumsamdar íslenskar fagurbókmenntir. Það hefur hann ekki gert enn sem komið er. Stefnt er á að tvö prósent styrkja fari í slík verk í framtíðinni. Nýhil kvartar til ráðherra.

MENNING Ekki er að sjá að Bókmenntasjóður hafi farið nákvæmlega eftir forskrift þeirri sem er að finna í lögum um hann þegar 24 milljónum var úthlutað til útgáfu í síðasta mánuði. Sjóðurinn styrkti engin frumsamin íslensk verk og hefur ekki styrkt þau síðan hann var stofnaður á síðasta ári.

Lögin segja að sjóðurinn skuli rækja hlutverk sitt með ýmsum hætti. En það sem er efst á lista, undir lið A, er að „styrkja útgáfu frumsaminna íslenskra skáldverka [...]".

Liður C, að „stuðla að kynningu á íslenskum bókmenntum [...] erlendis", er hins vegar sá sem tekur mesta orku og peninga sjóðsins, að sögn Njarðar Sigurjónssonar, framkvæmdastjóra hans. Þetta sé gert með því að styrkja þýðingar á útgefnum verkum á erlend mál.

En í haust á að gera bragarbót á þessu, segir Njörður, og úthluta sérstaklega til frumsaminna verka. Sjóðurinn hefur yfir fimmtíu milljónum að ráða árlega og ætlar að nýta eina þeirra í þessi verk. Tvö prósent fjárins.

Bókaútgáfan Nýhil sótti um styrki fyrir útgáfu ungra skálda í ár en fékk ekki. Öll ljóðskáldin sem fengu styrki til útgáfu í ár, fyrir utan Gunnar Dal, eru reyndar látin. Þetta eru því endurútgáfur eða safn eldri verka.

Viðar Þorsteinsson, stjórnarformaður Nýhils, sendi í gær menntamálaráðherra bréf „í nafni nýsköpunar", þar sem hann fer fram á að lögmæti úthlutunarinnar verði rannsakað.

Ljóðabækur ungra höfunda séu verkin sem síst seljist og því oft gefnar út í sjálfboðavinnu. Þessi fyrstu verk séu hins vegar ómetanleg fyrir bókmenninguna.

NÝHILISTAR Á GÓÐRI STUNDU Þessi spræki hópur ungskálda hefur vakið nokkra athygli síðustu ár. Hann hefur hins vegar ekki átt greiðan aðgang að sjóðum ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

NJÖRÐUR SIGURJÓNSSON

VIÐAR ÞORSTEINSSON

„Við erum gríðarlega óánægð og lítum á þetta sem svik við þá bókaútgáfu sem er mest styrktarþurfi," segir hann.

Njörður Sigurjónsson bendir á að enn sé verið að móta starf sjóðsins. Hann telur ekki að ein milljón sé lítið fé til fagurbókmennta. Þó kunni upphæðin að hækka í framtíðinni.

„En í ár bárust okkur fáar umsóknir og úthlutunin var svolítið sérstök, í anda hins gamla Menningarsjóðs, sem styrkti til dæmis orðabækur. Það er hins vegar mikill vilji til að gera vel við fagurbókmenntir og við þurfum að kynna þessa styrki betur fyrir úthlutunina í haust."

klemens@frettabladid.is

DEILT UM SJÓÐINN

Einn stjórnarmaður Bókmenntasjóðs er tilnefndur af Hagþenki – félagi höfunda fræðirita. Formaður Hagþenkis, Jón Yngvi Jóhannsson, skrifaði um sjóðinn í Tímarit Máls og menningar fyrr í ár:

„Í nýjum lögum um Bókmenntasjóð er vanhugsuð setning sem ég og fleiri mótmæltum á sínum tíma en slapp engu að síður í gegn. [...] að það sé hlutverk sjóðsins að styrkja útgáfu frumsaminna íslenskra skáldverka, ekki einungis fræðirita og annarra rita sem hafa „menningarsögulegt gildi" eins og gamli Menningarsjóður."

Útsalan er hafin

POLARN O. PYRET
Kringlunni • sími 568 1822
www.polarnopyret.is

OFNÆMI... NEI TAKK

Neutral®
verndar viðkvæma húð

Kynferðisbrotadeild LRH hefur lokið rannsókn sinni:

Kynferðisbrot gegn níu fórnarlömbum til saksóknara

LÖGREGLUMÁL Mjög umfangsmikið kynferðisbrotamál, sem kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur rannsakað að undanförnu, var sent til ríkissaksóknara í gær. Þetta staðfesti Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar LRH, við Fréttablaðið.

Um er að ræða meint kynferðisbrot rúmlega fimmtugs karlmanns gegn níu einstaklingum. Þeir eru tvær dætur hans og fósturdóttir, sonur, hálfsystir mannsins og fjórar vinkonur dætranna. Meint fórnarlömb eru á aldrinum tíu ára til tæplega fertugs.

EMBÆTTI RÍKISSAKSÓKNARA Umfangsmikið kynferðisbrotamál var sent til embættisins í gær.

Grunur leikur á að misnotkunin hafi staðið yfir um árabil og verið enn í gangi þegar maðurinn var handtekinn. Það var gert í kjölfar kæru sem lögreglunni barst frá barnaverndarnefnd vegna gruns um að hann hefði brotið gegn tveimur ungum dætrum sínum, eins og Fréttablaðið greindi frá á sínum tíma. Eftir það stigu fleiri meint fórnarlömb fram og lögðu fram kæru á hendur manninum.

Þá rannsakar kynferðisbrotadeild mál manns sem grunaður er um að hafa gerst brotlegur gegn tólf ára fósturdóttur sinni. - jss

Hagkaup býður mesta vörúrval!

OPIÐ til 20 alla daga

Yfir 50 tegundir af BBQ sósum í Hagkaupum

Gildir til 29. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein fers betra vers

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hve mörgum starfsmönnum Icelandair Group var sagt upp í fyrradag?*

2 *Hvað heitir golfmót presta og útfararstjóra?*

3 *Á hvaða verði seldist verk Monets, Le Bassin Aux Nympheas, á uppboði hjá Christie's í Lundúnum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Velferðarráð Reykjavíkur frestar ósk um samstarf við rekstur:

Droplaugarstaðamáli frestað

HEILBRIGÐISMÁL Velferðarráð Reykjavíkurborgar frestaði á fundi sínum í gær tillögu um að óska eftir heimild til að leita samstarfsaðila um rekstur Droplaugarstaða. Frestunin er að ósk minnihlutans.

Jórunn Frímannsdóttir, formaður ráðsins, segir að sjálfsagt hafi verið að verða við frestuninni. „Það er alvanalegt að verða við beiðni um frestun ef það hefur ekki neikvæð áhrif á málið. Svo er ekki nú," segir Jórunn.

Hún þvertekur fyrir að frestunin sýni ágreining í meirihlutanum vegna málsins. „Nei, alls ekki. Ég var á fundi með Ólafi F. Magnússyni borgarstjóra á þriðjudag þar sem við fórum yfir málið. Við erum sammála um að leita leiða til að mæta hallarekstrinum og einn liður í því er að leita samstarfsaðila."

MÁLINU FRESTAÐ Ósk um heimild til að leita samstarfsaðila um reksturinn hefur verið frestað.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fulltrúar minnihlutans sendu frá sér sameiginlega bókun um málið. Í henni segir að ljúka eigi viðræðum við heilbrigðisráðuneytið um rekstrarhallann áður en farið sé í útboð. „Möguleikar annarra rekstraraðila til að minnka rekstrarkostnað eru annaðhvort að lækka laun starfsmanna eða draga saman í þeim aðbúnaði sem heimilisfólki er boðið upp á. Báðir kostirnir eru óásættanlegir," segir í bókuninni.

Velferðarráð er nú farið í sumarleyfi. Ekki náðist í borgarstjóra við vinnslu fréttarinnar. - kóp

Samkeppniseftirlit sektar:

Geysir Green talið brotlegt

VIÐSKIPTI Samkeppnisstofnun hefur sektað Geysi Green Energy (GGE) um 500 þúsund krónur fyrir brot á samkeppnislögum.

Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um kaup GGE á öllu hlutafélagi Jarðborana. Síðar breyttust forsendur vegna samruna GGE og Reykjavík Energy Invest. Eftirlitinu var ekki tilkynnt um það og ekki gerð fullnægjandi grein fyrir því þegar fallið var frá samrunanum.

Ósk eftirlitsins um gögn var ekki svarað innan tilskilins tíma og þykir það sérlega ámælisvert þegar um samruna er að ræða.

- kóp

ÁLFTANES Vísa getur þurft máli aftur til nefndar vegna vanhæfis.

Fulltrúi vanhæfur á Álftanesi:

Máli frestað vegna vanhæfis

STJÓRNMÁL Sveinbjörn Hrafn Sveinbjörnsson, fulltrúi í skipulags- og bygginganefndar Álftaness, er bróðir Kristjáns, forseta bæjarstjórnar. Nefndin samþykkti á dögunum tillögu að skipulagi þar sem ekki er gert ráð fyrir íbúðarlóð að Miðhúsum 8.

Kristján hefur sagt sig frá málinu þegar það hefur verið tekið fyrir, en hann býr í nágrenni lóðarinnar.

„Menn hafa ekki áttað sig á þessu. Ef spurning kemur upp um vanhæfi, frestum við málinu einfaldlega og vísum til nefndarinnar á ný," segir Sigurður Magnússon bæjarstjóri.

Málið verður tekið fyrir í bæjarstjórn í dag. - kóp

LÖGREGLUFRÉTTIR

Grunaður um lyfjaakstur

Maður var stöðvaður í Hvalfirði á þriðjudagskvöldið grunaður um lyfja- og ölvunarakstur. Niðurstaða úr blóðrannsókn er væntanleg fljótlega.

Kafarar fanga íslenskan túnfisk í nót og smala í kvíar

Eyborgin frá Hrísey hélt í gær frá Möltu til óvenjulegra túnfiskveiða. Útgerðarmaður segir þetta í fyrsta sinn sem íslenski kvótinn er veiddur í Miðjarðarhafinu. Túnfiskurinn verður alinn fram að jólum.

SJÁVARÚTVEGUR „Við veiðum túnfiskinn í nót og látum hann svo synda yfir í kví sem dregin er af skipinu," segir Birgir Sigurjónsson, útgerðarmaður í Hrísey.

Hann sendi skip sitt, Eyborgina, til þessara óvenjulegu veiða í Miðjarðarhafinu í gær. Ætlunin er að ná þar fimmtíu tonna túnfiskkvóta Íslendinga.

„Þetta er í fyrsta sinn sem íslenski kvótinn er veiddur þarna suður frá," segir Birgir.

Skipstjóri á Eyborginni er Rafn Svansson, en aðrir í áhöfninni eru frá Indónesíu og Rúmeníu. Í þeim hópi eru túnfiskssmalar.

„Við erum með kafara sem skera á milli nótarinnar og kvíarinnar og hleypa fiskinum yfir," segir Birgir. Kvíin er stór. Um 70 metrar í þvermál.

Birgir segir að þá verði siglt með kvína að landi við Möltu. Þar verði fiskurinn alinn. Honum verði síðan slátrað þegar vel stendur á mörkuðum, hugsanlega þegar nálgast jól.

Bláuggatúnfiskur er verðmikill en hann er til að mynda mjög eftirsóttur í sushi. Fiskurinn er að jafnaði einn metri að lengd og upp undir fjörutíu kíló að þyngd. Dæmi eru þó um mun stærri fisk, allt upp undir sjö hundruð kílóa flykki.

Hæsta verð sem vitað er að greitt hafi verið fyrir einn fisk eru um 100 þúsund Bandaríkjadalir, rúmlega 80 milljónir króna.

EYBORGIN Ætlunin er að veiða fimmtíu tonna túnfiskkvóta Íslendinga. MYND / HAFÞÓR HREIÐARSSON

Birgir gerir ráð fyrir að fimmtíu tonnin veiðist á fáum dögum. Hann segir óvíst um gróða af veiðunum. „Við rennum alveg blint í sjóinn með þetta." Veiðin þarna sé hins vegar töluverð og margar þjóðir taki þátt í þeim. „Ég held að heildarveiðin sé um ellefu þúsund tonn á ári þarna suður frá."

Birgir greiðir ekkert fyrir kvótann sem slíkan, en greiðir fyrir eftirlit og ýmislegt fleira. Eftirlitsmaður frá Fiskistofu verður um borð og fylgist með veiðunum.

Atlantshafs-túnfiskveiðiráðið úthlutar kvótanum, en hann er til veiða í íslenskri lögsögu og á alþjóðlegu hafsvæði. Stór hluti Miðjarðarhafsins telst vera alþjóðlegt hafsvæði.

Kvóta til túnfiskveiða hér og á aðlþjóðlegum hafsvæðum hefur áður verið úthlutað. Yfirleitt hafa það verið Japanar sem hafa veitt túnfiskinn úti við mörk efnahagslögsögunnar.

Eyborgin er gamall frystitogari og hefur undanfarið verið notuð til að draga flotkvíar í Miðjarðarhafi. Skipið komst í fréttir í fyrra, þegar 21 norðurafrískur flóttamaður kom sér fyrir í flotkví, sem skipið dró, frá Líbíu til Möltu.

ingimar@frettabladid.is

Millet Hiker
Vinsæll dagpoki með regnvörn.
Frábær hönnun og vel útbúinn.
Fáanlegur í 3 litum.

38 l
Verð 16.990 kr.
Sumartilboð:
13.990 kr.

28 l verð 12990 kr.
Sumartilboð
10.990 kr.

TNF Crestone ´07
Vandaðir bakpokar úr smiðju The North Face.
Skemmtilega útfærðir og vel útbúnir með stillanlegt bak og gott burðarkerfi.
60 l til í dömuútfærslu.

60 l W
Verð 19.990 kr.
Sumartilboð
15.990 kr.

Crestone 75 l ´07
Verð 22.990 kr.
Sumartilboð
16.990 kr.

Deuter Aircontact
Aircontact pokarnir frá Deuter eru mest verðlaunuðu pokar seinni ára.
Poki ársins í sínum flokki hjá Outdoor tímaritinu 2004, 2006 og 2007.
Bakpoki fyrir lengri göngur.

50+10 SL
Verð 25.990 kr.
65+10 l
verð 28.990 kr.
75+10 l
verð 32.990 kr.

ÍSLENSKA / SÍA / IS / UTI 42814 06/08

Öll helstu merkin í bakpokum: TNF, Millet, Deuter, Osprey.

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

Sumarútsala

Allt að

70%

afsláttur af völdum vörum

Rýmum fyrir nýjum vörum

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

NÝJU ÁRI FAGNAÐ Töfralæknir í Bólivíu fagnar nýju ári. Samkvæmt tímatali Aymara-indjána hefst nýtt ár við vetrarsólstöður á suðurhveli. Nú er árið 5516. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hlýnun veldur því að gróður blómgast fyrr en áður:

Gróður blómgast óvenju snemma

VEÐUR Gróður hefur blómgast tveimur til þremur vikum fyrr en venjulega í ár, að því er Hafsteinn Hafliðason garðyrkjumaður segir.

„Þetta er allt svona tveimur til þremur vikum á undan," segir hann. Hann reiknar með því að það sé þróun sem sé komin til að vera og megi rekja til hlýnandi veðurfars.

„Ég er farinn að fjalla um aldintrjárækt í mínum leiðbeiningum því hér á Suðurlandi eru epli farin að spretta árvisst. Það er merki um nokkuð," segir hann glettinn.

Sæmundur Guðmundsson hefur ræktað epli á Hellu frá 1993. Hann segist finna fyrir áhrifum hlýnunar: „Já. Þetta er allt saman blómlegra, að minnsta kosti í vor." - gh

GULLREGN Í HALLARGARÐINUM Gullregn er meðal þeirra plantna sem hafa blómgast óvenju snemma í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vinnustöðvun í fluginu:

Farþegarnir bera tjónið

SAMGÖNGUR Flest bendir til þess að farþegar beri fjárhagslegt tjón sjálfir, til dæmis ef þeir missa af tengiflugi.

„Kostnaðurinn lendir ekki á Icelandair en við reynum að gera sem mest til þess að þetta hafi sem minnst áhrif á farþegana," segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group.

Hjá Tryggingamiðstöðinni fást þær upplýsingar að verkfallsaðgerðir séu yfirleitt ekki bótaskyld tjón jafnvel þótt forfallatrygging hafi verið greidd með greiðslukorti. Í sumum tilvikum sé hægt að fá ákveðnar bætur vegna ferðatafar. - ghs

Réttað yfir CIA-mönnum:

Njósnamyndir benda til sektar

ÍTALÍA, AP Njósnamyndir af egypska klerknum Osama Moustafa Hassan Nasr hafa fundist í tölvu fyrrverandi stjórnanda stöðvar CIA í Mílanó.

OSAMA MOUSTAFA HASSAN NASR

Á Ítalíu er réttað yfir bandarískum og ítölskum leyniþjónustumönnum sem grunaðir eru um að hafa verið viðriðnir ránið á Nasr á götu í Mílanó árið 2003. Nasr var svo fluttur til Egyptalands. Bandarísku sakborningarnir eru ekki viðstaddir réttarhöldin og bandarísk stjórnvöld hafa sagt að þeir verði ekki framseldir. - gh

Þjóðverji sem smyglaði e-töflum fékk þrjú og hálft ár:

Var lofað tíu þúsund evrum fyrir Íslandsferð

DÓMSMÁL Þjóðverji á sextugsaldri, Holger Erich Maykopf, átti að fá tíu þúsund evrur, eða sem svaraði þá milljón íslenskra króna, fyrir að smygla hingað til lands rúmlega 23.400 e-töflum.

Þetta kemur fram í dómi yfir manninum en hann hefur verið dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi, óskilorðsbundið.

Maðurinn var gripinn við komuna til landsins í desember á síðasta ári. Hann kom með flugi frá Þýskalandi gegnum Kaupmannahöfn. Við leit tollvarða í farangri mannsins fundust sex pakkningar, vafðar í brúnt límband. Maðurinn bar að hann hefði ætlað að flytja efnin til Íslands fyrir þýskan mann, Thomas að nafni. Hann hefði átt að fá tíu þúsund evrur fyrir viðvikið, auk kostnaðar. Þjóðverjinn kvaðst vera fyrrum heróínneytandi. Hefði Thomas þessi útvegað sér heróínið á þeim tíma og þar með gert hann háðan sér.

Þjóðverjinn sagðist aldrei hafa séð efnin. Thomas hefði komið þeim fyrir í töskunni. Hann sjálfur hefði þó vitað um tegund efnisins en ekki magn.

Hann kvaðst hafa átt að fara með e-töflurnar á hótel í Reykjavík. Þar hefði hann átt að afhenda ónefndum manni einn pakka til prufu. Líkaði manninum efnið átti hann að fá alla pakkana til að selja og útvega þannig evrurnar. - jss

FARÞEGAR Í LEIFSSTÖÐ Búast má við töfum á millilandaflugi á morgun ef samningar við flugumferðarstjóra nást ekki í tæka tíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vinnustöðvun flugumferðarstjóra hefst í fyrramálið:

Tafir og truflanir verða á öllu flugi

SAMGÖNGUR Tafir og truflanir geta orðið á flugi til og frá Íslandi þegar og ef vinnustöðvun flugumferðarstjóra hefst í fyrramálið. Deiluaðilar hittast í dag.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segir að verið sé að skoða hvernig brugðist verði við. Ekki er ákveðið hvaða vélar fá að fara á loft.

Flugmálastjóri hefur nú samþykkt þær viðbragðsáætlanir sem Flugstoðir og Flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli gerðu vegna verkfallsins. Þær taka mið af tilboði flugumferðarstjóra um fyrstu tvö verkföllin, sem boðuð eru á morgun og mánudag. Samkvæmt þeim leggst allt innanlandsflug niður á morgnana. Flug yfir landið verður hins vegar heimilt og tvær flugvélar mega taka á loft frá Keflavíkurflugvelli á klukkustund meðan á verkfalli stendur, frá klukkan sjö til ellefu. Þetta er veruleg skerðing því venjulega taka tuttugu vélar á loft á þessum tíma.

„Þetta tefur og truflar allt flug og tenginguna milli Evrópu og Ameríku, þetta hefur verulega truflandi áhrif þar. Við erum fyrst og síðast að hugsa um farþega og erum að vinna í því hvernig við bregðumst við á föstudagsmorgun," segir Björgólfur Jóhannsson. „Við reiknum með að þetta sleppi fyrsta daginn en svo breytast aðgerðirnar og þetta verður allt flóknara."

Björgólfur vill lítið segja um það hvernig brugðist verður við ef til vinnustöðvunar kemur. Félagið flytji hundruð farþega milli heimsálfa á hverjum degi. Eitt af því sem verið sé að skoða sé hótel fyrir farþegana en ekki sé víst að herbergi séu laus.

Farþegum er bent á að fylgjast með upplýsingum komi til verkfalls en flugtaksheimildum verður skipt á milli íslensku flugfélaganna tveggja. - ghs/kóp

Laugardaginn 28. júní bjóða SPRON og Ferðafélag Íslands þér og fjölskyldunni að taka þátt í fjölskylduhátíð við Esjurætur frá kl. 13 til 15.

Fjölmargt verður til skemmtunar:
Euróbandið, Karíus og Baktus, Jónsi, Esjukapphlaup upp á Þverfellshorn, skipulagðar gönguferðir, hoppukastali, blöðrur, ís, spennandi ratleikur fyrir alla fjölskylduna, Skógræktarfélag Reykjavíkur gefur plöntur og margt fleira skemmtilegt.

Komdu á fjölskylduhátíðina og njóttu útiverunnar – hlökkum til að sjá þig

Dagskrá Esjudagsins 28. júní

12:30 – 13:00 Skráning í Esjukapphlaup

13:00 Esjudagur settur

13:05 Esjukapphlaupið ræst

13:10 Kynning á ratleiknum

13:15 Ganga á Þverfellshorn í umsjón fararstjóra frá Ferðafélagi Íslands

Gönguferð um skóginn á Mógilsá í umsjón Rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Reykjavíkur

13:20 Jónsi tekur lagið

13:50 Karíus og Baktus bregða á leik

14:20 Euróbandið skemmtir

14:55 Verðlaunaafhending fyrir Esjukapphlaupið

15:00 Dagskrá lýkur

Kynnir verður Bergur Þór Ingólfsson.

FÍ · MÓGILSÁ · Skógræktarfélag Reykjavíkur

spron

AUGLÝSINGASTOFAN ARGUS 08 0257

Góð flík í lautarferðina

Þorri barnaflíspeysa frá MAX

66north.is / Júní 2008

Verð 2.800 kr.

ÚTSÖLUMARKAÐUR

66° NORÐUR

Faxafeni 12, Reykjavík • Glerárgötu 32, Akureyri.

www.66north.is

VELKOMIN Á LJÓSANÓTT

LJÓSALAGIÐ 2008

SÖNGLAGASAMKEPPNI

Reykjanesbær auglýsir eftir lagi og texta í samkeppni um ljósalagið 2008 sem haldin er í tilefni Ljósanætur, menningar- og fjölskylduhátíðar Reykjanesbæjar.

Taktu þátt og skilaðu lagi tilbúnu til spilunar ásamt texta á ***ljosanott.is/ljosalag*** eða á geisladiski á skrifstofur Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, merktu Ljósalag 2008. Merkja þarf lagið með dulnefni og rétt nafn að fylgja með í lokuðu umslagi.

Skilafrestur er til 14. júlí n.k.

Nánari upplýsingar um keppnina er að finna á *ljosanott.is*

Verðlaunaupphæð er kr. 500.000.

SPARISJÓÐURINN í Keflavík

REYKJANESBÆR

Bætt samskipti Kína og Japans:

Söguleg heimsókn herskips til Kína

KÍNA, AP Japanskt herskip með 240 manna áhöfn sigldi í gær í höfn í Kína í fyrsta sinn frá heimsstyrjöldinni síðari. Þykir það vera til marks um batnandi samskipti asísku stórveldanna.

Í skipinu voru lyf, teppi og aðrar birgðir fyrir fórnarlömb jarðskjálftanna í Kína 12. maí. Með heimsókninni endurgjalda Japanar heimsókn kínversks herskips til Tókýó í nóvember. Samskipti landanna hafa lengi verið stirð enda minningin sár um innrás og hersetu Japana í Kína á fjórða og fimmta áratugnum. Japanar hættu við að senda birgðir á jarðskjálftasvæðin í maí vegna mótmæla kínversks almennings. **- gh**

TÍMAMÓT Japanska herskipið Sazanami leggur að í Guangzhouhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

VILL ÞJÓÐSTJÓRN Tsvangirai á tali við fréttamenn við sendiráð Hollands í Harare í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vill milligöngu Afríkuleiðtoga

Leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Simbabve segir það ekki leysa neitt að láta úrslitaumferð forsetakosninga fara fram. Hann hvetur Afríkuleiðtoga til að skerast í leikinn og miðla málum.

SIMBABVE, AP Morgan Tsvangirai, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Simbabve, sté skamma stund út úr skjóli hollenska sendiráðsins í Harare í gær til að tala við fjölmiðla. Meginboðskapur hans var að hvetja leiðtoga annarra Afríkuríkja til að skerast í leikinn og hafa milligöngu um viðræður til að binda enda á ófremdarástandið í landinu. Hann sagði að úrslitaumferð forsetakosninga, sem Robert Mugabe forseti og stjórn hans ætla að láta fara fram á morgun, föstudag, væri engin lausn.

Mugabe ætlar að láta kosningarnar fara fram þó að hann sé sjálfur einn í framboði, eftir að Tsvangirai hætti við þátttöku um síðustu helgi og leitaði skjóls undan ofsóknum handbenda Mugabes í hollenska sendiráðinu.

Tsvangirai fékk fleiri atkvæði en Mugabe í fyrri umferð forsetakosninganna en samkvæmt opinberum úrslitum fékk hann þó ekki yfir helming atkvæða og því var boðað til úrslitaumferðar.

Tsvangirai sagði að markmið miðlunarviðræðnanna ætti að vera að koma á tímabundinni þjóðstjórn.

„Er hann genginn af göflunum?“ var svarið sem Bright Matonga, aðstoðarupplýsingamálaráðherra í stjórn Mugabes, gaf sem viðbrögð við þessari áskorun Tsvangirais.

> Binda verður enda á ofbeldi og leggja verður drög að lögmætri, lýðræðislegri og umbótasinnaðri stjórn í Simbabve.

ÚR YFIRLÝSINGU NORRÆNU UTANRÍKISRÁÐHERRANNA

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna sendu í fyrrakvöld frá sér sameiginlega yfirlýsingu um ástandið í Simbabve. Þeir taka undir ályktun Sameinuðu þjóðanna þar sem pólitískt ofbeldi í Simbabve er fordæmt. Skorað er á stjórn Simbabve að stöðva ofbeldisölduna, að láta þegar í stað af hótunum í garð stjórnarandstæðinga, leyfa opinbera fundi og samkomur og láta lausa stjórnmálaleiðtoga sem hafa verið teknir höndum. Ráðherrarnir krefjast þess enn fremur að öryggi stjórnarandstöðuleiðtogans Tsvangirais verði tryggt.

„Binda verður enda á ofbeldi og leggja verður drög að lögmætri, lýðræðislegri og umbótasinnaðri stjórn í Simbabve,“ segir í yfirlýsingu norrænu ráðherranna. „Eru Norðurlöndin reiðubúin að veita slíkum stjórnarumbótum öflugan stuðning og munu leggja á það höfuðáherlsu í samskiptum sínum við ríkin í sunnanverðri Afríku.“

audunn@frettabladid.is

Verslanir Smáralindar eru sneisafullar af spennandi útsöluvörum fyrir alla fjölskylduna. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup.

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

Í DAG FLYTJA ALLIR NOTAÐIR BÍLAR HEKLU Á KLETTHÁLSINN

Opið 10–18 virka daga

Klettháls | sími 590 5040 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is

80% FJÁRMÖGNUN

20% AFSLÁTTUR

MYNT-KÖRFU LÁN

HEKLA - NOTAÐIR BÍLAR

Í dag flytjum við alla notaða bíla HEKLU á glæsilegt sýningarsvæði okkar við Kletthála í Reykjavík. Nýr sýningarsalur með stærri og betri sýningaraðstöðu gerir okkur kleift að sýna alla okkar næstum nýja bíla á einum stað. HEKLA - notaðir bílar er nú í alfaraleið við Kletthála, rétt við Suðurlandsveg. Komdu í heimsókn og veldu draumabíl á draumaverði.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BÍLUM FRAM YFIR HELGI - HAGSTÆÐ LÁN

Við bjóðum 20% afslátt af öllum notuðum bílum fram yfir helgi og 80% myntkörfulán.

Opið í dag frá kl. 12:00 til 22:00.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg:

46 þúsund kærur borist frá Rússlandi

Rússar kæra fleiri mál til Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg en nokkur önnur þjóð. Segja lögspekingar það lýsandi fyrir vandamál rússneska réttarkerfisins.

Frá því Rússland fullgilti Mannréttindasáttmála Evrópu árið 1998 hafa dómstólnum borist um 46 þúsund kærur þaðan. Gagnrýnendur segja það vera vegna spillingar og ósjálfstæðis dómara frá stjórnvöldum.

Nýr forseti Rússlands, Dmítrí Medvedev, hefur heitið því að berjast gegn spillingu og efla réttarkerfið og vernd mannréttinda. - gh

TUGÞÚSUNDIR KÆRA Mannréttindadómstóll Evrópu í Strassborg annar ekki að afgreiða þau mál sem hrannast upp.

FBL-GREINING: SUMAR- OG VETRARTÍMI

Tvisvar reynt á Íslandi

Hvað er klukkan á Íslandi?

Samræmdur tími á Íslandi var tekinn upp með lögum árið 1907 og skyldu allar klukkur á Íslandi miðast við meðalsóltíma í Reykjavík og vera einni klukkustund og 28 mínútum á eftir miðtíma eða Greenwich-tíma. Höfðu klukkur fram að því verið stilltar eftir meðalsóltíma á hverjum stað þannig að klukkur á Akureyri voru til dæmis 15 mínútum á undan klukkum í Reykjavík og klukkur í Neskaupstað 33 mínútum á undan klukkum í Reykjavík. Var þessi staðaltími nefndur íslenskur meðaltími eða miðtími og var hann tekinn upp í almanakinu 1908.

Hvenær var sumartími tekinn upp á Íslandi?

Tíu árum eftir að samræmdur tími var tekinn upp á Íslandi, eða árið 1917 voru sett lög sem heimiluðu Ráðuneyti Íslands að klukkunni væri flýtt um allt að eina og hálfa klukkustund frá íslenskum meðaltíma. Var þessari heimild beitt á árunum 1917 til 1921 þegar klukku var flýtt um eina klukkustund á sumrin.

Frá árinu 1922 til ársins 1938 var klukkunni hins vegar ekki breytt á sumrin og gilti þá sami tími á Íslandi á sumrin og veturna.

Árið 1939 var aftur farið að flýta klukkunni um eina klukkustund yfir sumarmánuði á Íslandi og stóð það fyrirkomulag allt til ársins 1968. Það ár tóku gildi lög sem kváðu á um að sumartíminn, Greenwich-tími skyldi vera staðaltími á Íslandi og gilda bæði að sumri og vetri. Síðan þá hefur sami tími gilt hér á landi.

En hvað með önnur lönd?

Ísland er ekki eina landið sem fylgir sama tíma allt árið. Í mörgum fjölmennustu löndum heims er klukkunni ekki breytt tvisvar á ári. Má þar nefna Kína, Indland, Indónesíu, Pakistan, Bangladess, Nígeríu og Japan. Í mörgum þeirra hefur þó einhvern tíma verið skipt á milli sumar- og vetrartíma en það er ekki lengur gert.

Þá er einnig nokkuð um að svæði innan landa breyti sinni klukku ekki þó löndin fylgi sumar- og vetrartíma. Má þar sem dæmi nefna fylkið Saskatchewan í Kanada þar sem sumartími gildir allt árið um kring þó að stærsti hluti Kanada skipti milli sumar- og vetrartíma. Í stærstum hluta Arizonafylkis gildir sumartími allt árið um kring þó að í öðrum ríkjum Bandaríkjanna sé klukkunni breytt tvisvar á ári.

HEIMILDIR: VÍSINDAVEFURINN OG ÞORSTEINN SÆMUNDSSON, UM TÍMAREIKNING Á ÍSLANDI, ALMANAK HÍ..

FRÉTTASKÝRING: Þróun kaupmáttar

MINNA FYRIR PENINGANA Kaupmáttur launa hefur dregist saman í sjö af síðustu níu mánuðum. Hagfræðingur ASÍ segir hugsanlegt að launþegar verði að taka á sig áframhaldandi kaupmáttarrýrnun á komandi mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Hrun kaupmáttarins

Kaupmáttur hefur dregist saman að undanförnu en líklegt má telja að kaupmáttarskerðingin sé meiri en vísitala Hagstofunnar um kaupmátt gefur til kynna.

„Ég áætla að kaupmáttur ráðstöfunartekna sé að dragast hratt saman um þessar mundir," segir Ingunn Þorsteinsdóttir, hagfræðingur hjá ASÍ. Hún bætir við að hugsanlegt sé að launþegar verði að taka á sig áframhaldandi kaupmáttarrýrnun á komandi mánuðum.

Kaupmáttur launa hefur dregist saman í sjö af síðustu níu mánuðum og um 4,2 prósent frá áramótum. Ef horft er til síðustu þriggja mánaða og sú breyting færð yfir á tólf mánaða tímabil er kaupmáttarskerðingin um 13,5 prósent. Af því má sjá að hraði kaupmáttarskerðingarinnar hefur verið mikill undanfarna mánuði. Kaupmáttur hefur þó aukist um 17,1 prósent frá upphafi árs 2000 en hefur hins vegar staðið í stað frá árinu 2006.

Spurð um áhrif þess að kaupmáttur launa hefur minnkað í sjö af síðustu níu mánuðum segir Ingunn það alvarlegt mál. „Það er áhyggjuefni fyrir almenning og launafólk hve há verðbólgan er, það er hún sem veldur því að kaupmáttur er að rýrna. Það er forgangsatriði að ná niður verðbólgu og verðbólguvæntingum til að draga úr þessari kaupmáttarrýrnun," segir Ingunn.

Hún segir að útlitið sé ekki bjart þegar greiðslubyrði vex á sama tíma og kaupmáttur minnkar og bendir einnig á að það séu erfiðir tímar framundan í vetur vegna endurnýjar samninga. Erfitt er að segja til um hvernig staða mála verður þegar menn setjast við samningaborðið.

Hagfræðingar segja gjarnan að aukning kaupmáttar verði að haldast í hendur við aukna framleiðni vinnuafls, þ.e. afköst vinnuaflsins verði að aukast svo kaupmáttur launþega vaxi. Erfitt er að sjá það fyrir sér að framleiðni vinnuafls aukist nú um stundir þegar flest fyrirtæki halda að sér höndum og verkefnastaða þeirra er slæm. Íslenski vinnumarkaðurinn er sveigjanlegur sem endurspeglast meðal annars í því hve auðvelt er að reka og ráða fólk til starfa. Uppsagnir eru nauðsynlegar hjá mörgum fyrirtækjum til að forðast gjaldþrot þar sem framleiðni vinnuaflsins er lág. Sveigjanleiki íslenska vinnumarkaðarins mun vinna gegn kaupmáttarskerðingunni en það er einungis spurning hve mikið hann ver kaupmáttinn.

Annað merki um sveigjanleika vinnumarkaðarins er aukin ásókn í skóla á krepputímum. Um 95 prósent útskriftarnema úr 10. bekk sóttu um inngöngu í framhaldskóla fyrir haustið og aldrei hafa jafnmargir sótt um í Háskóla Íslands. Aukin ásókn í skóla gefur til kynna tilfærslu af vinnumarkaði í skólakerfið sem er merki um sveigjanleika íslenska vinnumarkaðarins, en það er einungis spurning um hve langt sveigjanleikinn fleytir okkur í vörn gegn kaupmáttarskerðingu.

ÞRÓUN KAUPMÁTTAR LAUNA



MINNA FYRIR PENINGANA Kaupmáttur launa hefur dregist saman í sjö af síðustu níu mánuðum. Hagfræðingur ASÍ segir hugsanlegt að launþegar verði að taka á sig áframhaldandi kaupmáttarrýrnun á komandi mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

VÍSITALA KAUPMÁTTAR



VÍSTALA KAUPMÁTTAR Kaupmáttur launa hefur staðið í stað frá upphafi árs 2006. Vísitala kaupmáttar sýnir breytingu á kaupmætti launa milli tímabila. Vísitalan vex yfir lengri tímabil ef kaupmáttur launa eykst.

KAUPMÁTTUR RÁÐSTÖFUNARTEKNA OG LAUNA

Kaupmáttur ráðstöfunartekna segir til um hve mikið fé stendur eftir af heildarlaunum eftir skatta og kostnað vegna lána að viðbættum fjármagnstekjum og tilfærslum frá ríkinu, til dæmis barnabætur.

Kaupmáttur launa tekur hins vegar einungis mið af verðbólgu og launavísitölu Hagstofunnar. Vísitalan tekur einungis tillit til grunnlauna en ekki bónusa eða annarra óreglulegra greiðslna. Margar atvinnustéttir hafa notið ýmissa aukagreiðslna í góðæri undanfarinna ára og því er líklegt að kaupmáttarskerðingin sé vanmetin í vísitölu hagstofunnar fyrir marga þjóðfélagshópa.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna gefur betri mynd af raunverulegri stöðu fólks og er betri mælikvarði á kaupmátt. Líklegt má telja að kaupmáttur ráðstöfunartekna sé að dragast hratt saman þar sem dregið hefur úr aukagreiðslum á sama tíma og skuldabyrði lána er að aukast, á sama tíma og kaupmáttur launa er að dragast saman.

Skellurinn er því í raun tvöfaldur, þar sem kaupmáttur ráðstöfunartekna er að dragast hraðar saman en kaupmáttur launa samkvæmt vísitölu Hagstofunnar.

KAUPMÁTTARSKERÐINGIN VANMETIN

„Á meðan verðbólga er svona mikil þá er afar ósennilegt að kauphækkanir haldi í við verðbólgu og hún þarf að lækka mikið til að von sé til þess að kaupmáttur vaxi á ný," segir Sveinn Agnarsson, fræðimaður á Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Spurður um áhrif þess að einungis er tekið tillit til grunnlauna í launavísitölunni en ekki aukagreiðslna og bónusa segir Sveinn að líklega sé að kaupmáttarskerðingin vanmetin meðal hópa sem notið hafa mikilla greiðslna utan grunnlauna. Fyrirtæki reyna að halda launakostnaði í lágmarki um þessar mundir og takmarka yfirvinnu og aukagreiðslur. Hann bendir á að kaupmáttarskerðing þessara hópa sé því líklega töluvert meiri en launavísitalan gefur til kynna.

VERÐBÓLGA ER VANDINN Sveinn Agnarsson, fræðimaður á Hagfræðistofnun, segir að verðbólga þurfi að lækka mikið til að kaupmáttur vaxi á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR ARNARSON
bjornthor@frettabladid.is

Ha, útsala?

Já, 10 daga útsala
á eldri stangaveiðibúnaði
í Sportbúðinni, Krókhálsi 5.
Ætlar þú að missa af henni?

30 til 60% afsláttur

Öndunarvöðlur á hálfvirði
Veiðijakkar á hálfvirði
Kaststangir á hálfvirði
Flugustangir á hálfvirði
Kasthjól á hálfvirði
Fluguhjól á hálfvirði

Misstir þú af síðustu útsölu Sportbúðarinnar?
Þessari sem allir eru að tala um.
Ætlarðu líka að missa af þessari?
Renndu við og gerðu góðan díl í sumarbyrjun
Takmarkað magn og aðeins í 10 daga!

SPORTBÚÐIN

Krókhálsi 5 - 110 Reykjavík - Sími 517 8050 - Sportbudin.is

Útgjöldin

> Kílóverð á ýsuflökum



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: GEIR JÓN ÞÓRISSON YFIRLÖGREGLUÞJÓNN

Botninn rifnaði eftir litla notkun

„Bestu kaup sem ég hef gert voru jakkaföt sem ég keypti þegar ég var aðeins sextán ára," segir Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn.

Þau voru sérsaumuð af Andrési klæðskera og eru að sögn Geirs bestu og fallegustu föt sem hann hefur eignast.

Hann bætir við að hann klæðist yfirleitt jakkafötum frá degi til dags og hafi gert frá unga aldri.

„Ég stækkaði nú fljótt eftir kaupin en þau stækkuðu með mér í örlítinn tíma. Ég hef aldrei fengið eins góð föt."

Þau voru svo góð að Geir náði að selja fötin til góðs manns að hans sögn eftir nokkurra ára notkun á ágætis verði.

Bæði bestu og verstu kaup Geirs Jóns eru jakkaföt enda er hann mikill jakkafatamaður.

„Jakkföt koma einnig upp í hugann þegar ég hugsa um verstu kaup sem ég hef gert en þau keypti ég í sérstakri verslun fyrir stóra menn."

Hann segir fötin hafa passað vel en byrjuðu þó fljótt að krumpast mikið.

„Rassinn á buxunum rifnaði eftir mjög litla notkun og voru ónothæf eftir það. Kannski eru efnin lélegri í dag en þau voru hér áður fyrr þegar ég keypti góðu jakkafötin," bætir Geir Jón við að lokum.

GÓÐ HÚSRÁÐ

ÞVÆR MEÐ MATARSÓDA

■ *Ragnheiður Steindórsdóttir leikkona þvær grænmeti og ávexti upp úr matarsóda áður en þeirra er neytt.*

„Ég hef áhyggjur af mikilli eiturefnanotkun við ræktun á ávöxtum og grænmeti og reyni því að þvo vel það sem ekki er lífrænt ræktað," segir Ragnheiður.

„Ég legg grænmetið og ávextina í bleyti með matarsóda í dágóða stund og þurrka síðan með góðu handklæði," segir Ragnheiður. „Samviskan er betri þegar ég borða eftir að þetta hefur verið gert." Ragnheiður reynir að koma þessu við með ávexti og grænmeti sem ekki er hægt að flysja, svo sem epli, ber og paprikur.

Verð á kaffi og kökum á kaffihúsum í Reykjavík skoðað:

Kaffið dýrast hjá Te og kaffi

Kaffibollinn á Te og kaffi er næstum fjórðungi dýrari en á Prikinu og Café Konditori Copenhagen.

Á Prikinu og Café Konditori kostar bollinn 250 krónur en hjá Te og kaffi í versluninni Eymundsson í Austurstræti er verðið 320 krónur.

Munurinn á kaffi latte er svipaður en ódýrasti bollinn, af þeim stöðum sem verðið var skoðað hjá, er hjá Café Konditori á 300 krónur á meðan Kaffitár verðleggur hann á 380 krónur.

Gosið er þó ódýrast hjá Te og kaffi en þar er flaskan á 170 krónur en á Café París kostar gosið næstum því helmingi meira; þar er dýrasta flaskan á 300 krónur.

Verðmunur á meðlæti er einnig nokkuð mikill. Vafflan á Hressó kostar 650 krónur en á Café París er hún tvö hundruð krónum ódýrari, á 450 krónur. Það skal þó tekið fram að vafflan á Hressó er sögð belgísk.

Á Café París má fá tvær gerðir af súkkulaðikökum sem hvor um sig kostar 690 krónur. Á Prikinu kosta þær hins vegar 550 krónur.

Það er því úr vöndu að ráða þegar velja á kaffihús í veðurblíðunni í Reykjavík. **- hþj**

VINSÆL KAFFI Það er ekki bara kaffi sem fæst á kaffihúsum. Gosið er ódýrast hjá Te og Kaffi, en dýrast á Café París af þeim kaffihúsum sem verðið var skoðað hjá.



Keppni í heppni!

Heppinn áskrifandi að Lottóinu fer á Ólympíuleikana í Peking í ágúst.

Nú fer hver að verða síðastur að gerast áskrifandi! Dregið 28. júní.

Lottó

Færri innbrot í sumarbústaði með þjófavörn

Það er óþægileg tilfinning að koma að sumarhúsi sínu eftir veturinn og sjá að þar hefur verið brotist inn. Það þekkja margir sumarhúsaeigendur af eigin raun. Þó er hægt að sporna við óöldinni með því að verja bústað sinn vandlega.

Reglulega heyrast fregnir af innbrotum í sumarbústaði. Innbúi er þá oftast stolið en einnig hefur fólk orðið fyrir því að misyndismennirnir hafi notað húsið yfir lengri tíma sér til skemmtunar. Bæði Securitas og Öryggismiðstöðin bjóða sumarhúsaeigendum upp á þjónustu sem á að tryggja öryggi bústaðanna.

Ómar Örn Jónsson, markaðsstjóri Öryggismiðstöðvarinnar, segir það nánast óþekkt að brotist sé inn í bústaði með þjófavarnarkerfi. „Um leið og skynjarinn fer í gang tengist hann stjórnstöðinni og þá vitum við strax að farið hefur verið inn í bústaðinn. Þá er stutt í að einhver komi á vettfang."

Öryggismiðstöðin býður upp á þjónustuna Sumarhúsaöryggi og er grunnpakkinn fyrir meðalstærð af bústað á 2.980 krónur. Í pakkanum eru límmiðar og hreyfi-, vatns- og reykskynjarar sem tengdir eru við stjórnstöð Öryggismiðstöðvarinnar í gegnum boðsendi. Hægt er að bæta skynjurum við en þá bætast 250 krónur fyrir hvern aukaskynjara við mánaðargjaldið.

Mánaðargjald á Sumarhúsavörn Securitas er 3.500 krónur. Boðið er upp á innbrots- og brunaviðvörunarkerfi sem byggist einnig á boðflutningi. Þá geta eigendur valið hvort þeir fara sjálfir á vettfang eða senda Securitas fyrir sig en það kostar 4.500 krónur.

Staðalbúnaður er reykskynjari, hurðanemi, hreyfiskynjari, lyklaborð, stjórnstöð og límmiðar. Þorsteinn G. Hilmarsson, markaðsstjóri Securitas, segir mikilvægt að minnast þess að sumarhús hafa mikið gildi. „Þessi hús eru annað heimili margra og fólki finnst aðkoman oft mjög erfið eftir innbrot. Þetta er aðför að einkalífi þess og skiljanlegt að það hugsi um að verja sig betur."

Auðvelt er að setja kerfin frá báðum fyrirtækjum upp sjálfur, en einnig er hægt að fá uppsetningu gegn gjaldi.

helgath@frettabladid.is

KOSTNAÐUR VIÐ ÖRYGGISPAKKA

Sumarvörn Securitas

Grunnpakki: 3.500 krónur
Viðbætur: 3.500-5.000 krónur fyrir hvern skynjara
Vitjun við innbrot: 4.500 krónur
Aðstoð við uppsetningu: Samningsatriði

Sumarhúsaöryggi Öryggismiðstöðvarinnar

Grunnpakki: 2.980 krónur
Viðbætur: 300 króna leiga á hvern skynjara
Vitjun við innbrot: 20.000 krónur
Aðstoð við uppsetningu: Samningsatriði



ANNAÐ HEIMILI Sumabústaðir eru oft notaðir allt árið.

Nú geta fleiri notið góðs...

...Múrbúðin hefur opnað á Akureyri og á Suðurnesjum

Meira en bara múrvörur...

Aqua baðinnrétting með spegli og vaski (án blöndunartækja)

24.900 kr.

Vaskur á borð

4.900 kr.

Dicht-Fix þéttiefni. 4 lítrar

4.995 kr.

Skófla

695 kr.

Aqua baðinnrétting með spegli og vaski (án blöndunartækja)

54.900 kr.

Steinvaskur 100x48x140
á 76cm stálgrind
– til í fleiri stærðum

49.900 kr.

ARGES bor-högg-brothamar

8.490 kr.

ARGES Slípirokkur 1050w

4.490 kr.

Baðvask blöndunartæki

5.900 kr.

Flísar 20x25 cm, hvítar glans

1.190 kr. pr. m²

DRIVE hrærivél

11.500 kr.

Riðfríar skrúfur í pallasmíði
4,5x40 mm, 200stk.

1.495 kr.

Járnaklippur

995 kr.

Háþrýstidæla,
max 140bör

7.900 kr.

Trappa, 4 þrep

2.995 kr.



Veggflísar 15x15 cm, ljósgráar

595 kr. pr. m²

Mustang náttúrusteinn
30x60 cm

2.390 kr. pr. m²

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Múrverkfæri.
Verð frá

590 kr.

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík, Kletthálsi 7: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Suðurnes, Fuglavík 18: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-14
Akureyri, Furuvellir 15 : Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-14

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

HAGUR FYRIR ÞIG

Save & Save

HAGUR FYRIR HEIMINN

ÞÚ FÆRÐ **15%** VEXTI OG LEGGUR NÁTTÚRUNNI LIÐ

HAGUR FYRIR ÞIG

Þú leggur inn á Save&Save **reikning og færð allt að 15% ársvexti***

&

HAGUR FYRIR HEIMINN

Glitnir leggur mótframlag í **Glitnir Globe - Sustainable Future Fund**, sjóð sem styrkir sjálfbæra þróun

GLITNIR GLOBE SUSTAINABLE FUTURE FUND

Save&Save er reikningur sem Glitnir mun bjóða á helstu markaðssvæðum sínum. Farðu inn á **saveandsave.is** eða talaðu við ráðgjafa Glitnis og kynntu þér málið.

Glitnir er leiðandi í fjármögnun verkefna á sviði sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda.

GLITNIR

*Skv. vaxtatöflu Glitnis 21. Júní 2008.

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
4.520 **+0,45%**

Fjöldi viðskipta: 343
Velta: 3.109 milljónir

MESTA HÆKKUN

365	+4,39%
FÆREYJABANKI	+1,43%
KAUPPING	+1,27%

MESTA LÆKKUN

ATL. AIRWAYS	-6,83%
CENTURY ALUM.	-6,83%
BAKKAVÖR	-5,61%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 6,42 +0,62% ... Bakkavör 30,03 -5,61% ... Eimskipafélagið 14,3 +0,00% ... Exista 8,08 -1,94% ... Glitnir 15,95 +0,00% ... Icelandair Group 15,75 +0,00% ... Kaupþing 797,00 +1,27% ... Landsbankinn 23,10 +0,43% ... Marel 90,30 +0,33% ... SPRON 3,64 +0,55% ... Straumur-Burðarás 10,00 -1,19% ... Teymi 2,07 +0,00 ... Össur 92,10 -0,54%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Bandaríkjamenn fjárfesta í Katar

Kauphallarsamstæðan NYSE Euronext, sem samanstendur af hlutabréfamarkaðnum í New York í Bandaríkjunum og Euronext-samstæðunum, hefur keypt fjórðungshlut í kauphöllinni í Katar. Fjárfestingararmur konungsfjölskyldunnar í Katar, sem á 75 prósenta hlut í kauphöll landsins, situr sömuleiðis á fimmtán prósenta hlut í bresku kauphöllinni í Lundúnum LSE).

FORSÆTISRÁÐHERRANN Sjeik Hama.

Sjeik Hamad bin Jassim bin Jaber Al-Thani, forsætisráðherra Katar og frændi Sheikh Mohamed bin Khalifa, sem keypti 12,6 prósenta hlut í Alfesca í byrjun mánaðar, segir í samtali við blaðið að viðskiptin leggi grunninn að því að gera Doha að fjármálamiðstöð á heimsmælikvarða. **- jab**

Olíuverðið niður

Hráolíuverð lækkaði í gær eftir að bandaríska orkumálaráðuneytið birti vikulegar tölur sínar í gær sem sýndu að olíubirgðir vestanhafs voru meiri en menn höfðu gert ráð fyrir.

Minna dró á eldsneytisbirgðirnar en fyrri vikur enda hefur hátt verðlag upp á síðkastið dregið úr eftirspurninni, að sögn fréttastofu Associated Press.

Um miðjan gærdag hafði verðið lækkað um rúma þrjá dali og stóð olíutunnan í rúmum 133 dölum. Verið snerti 140 dali í síðustu viku.

Lækkun á gengi Bandaríkjadals eftir snarpa stýrivaxtalækkun vestanhafs síðan í september skýrir hækkun á olíuverði að hluta og horfa menn til þess að verðið lækki frekar gangi spár um styrkingu dalsins eftir. **- jab**

Bandaríkjadalur jafn góður og evra

Íslendingar gætu allt eins tekið upp Bandaríkjadal í stað íslensku krónunnar væri þörfin á inngöngu í myntbandalag knýjandi.

Þetta sagði Geir H. Haarde, forsætisráðherra, í samtali við Dow Jones-fréttaveituna um mikla lækkun á gengi íslensku krónunnar í gær. Fréttaveitan sagði mörg íslensk fyrirtæki hafa lent í vandræðum vegna þessa. Þá bæti gengisflöktið ekki úr skák. Það riðli langtímaáætlunum.

GEIR HAARDE Forsætisráðherra segir Íslendinga allt eins geta tekið upp bandaríkjadal sem gjaldmiðil og evrur. Mikil viðskipti Íslendinga séu í dölum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á málþingi fjárfesta í Lundúnum í Bretlandi í fyrradag sagði hann sveigjanleika felast í því að hafa eigin gjaldmiðil.

Geir benti á í gær að mikil viðskipti Íslendinga færi nú þegar fram í Bandaríkjadölum. Upptaka dalsins væri því rökréttari lausn en innganga í myntbandalag Evrópu sem svo myndi leiða til evruvæðingar.

Evran væri þannig ekki sjálfgefin mynt, að mati Geirs sem benti á að aðrar myntir skiptu sömuleiðis máli. Þar á meðal væri breska pundið og aðrir norrænir gjaldmiðlar. **- jab**

BANKASTJÓRINN Ingólfur Helgason segir að Kaupþing láni enn til íbúðakaupa.

Bankarnir hreyfa ekki við krónunni

„Bankarnir stunda ekki spákaupmennsku með íslensku krónuna. Krónan er minnsta mynt í heimi og áhugi erlendra fjárfesta á henni hefur dvínað, í það minnsta tímabundið," segir Lárus Welding, forstjóri Glitnis.

Gengi krónunnar féll hratt í mánuðinu þar til í gær. Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, sagði í samtali við Markaðinn, að ekki væri fráleitt að ímynda sér að bankarnir hefðu áhrif á gengið kærðu þeir sig um það. Hann treysti sér þó ekki til að fullyrða um hvort um samantekin ráð hafi verið að ræða hjá bönkunum, sem vilji treysta stöðu sína fyrir lok fjórðungsins. Lárus segir bankana engan hag hafa af því að hreyfa við genginu á nokkurn hátt, hvað þá að fella það. „Við höfum enga hagsmuni af því. Hagsmunir okkar felast í stöðugu gengi og lágum vöxtum," segir Lárus.

„Það skiptir viðskiptavini okkar öllu máli." Spurður um leiðir til að styrkja krónuna segir Lárus að allir séu að vinna í málinu. „Þetta er gjaldeyrisvandamál en ekki krónuvandamál. Mikilvægur liður í því að auka trúverðugleika á krónunni er að auka gjaldeyrisforðann." **- jab**

LÁRUS WELDING Forstjóri Glitnis segir bankana hafa hag af stöðugu gengi krónunnar og lágum vöxtum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Glitnir opnar nýjan sparnaðarreikning

„Í raun er ekki hægt að segja hvað viðskiptavinirnir verða margir. Nýjar afurðir okkar hafa skilað um tíu þúsund viðskiptavinum utan Íslands," segir Lárus Welding, forstjóri Glitnis. Bankinn kynnti í gær nýja sparnaðarleið, Save&Save.

Talsverðar nýjungar felast í sparnaðarleiðinni. Í fyrsta lagi eru vextir með þeim hæstu sem bjóðast. Þá mun Glitnir reiða fram 0,1 prósents mótframlag af innistæðum og leggja grunninn að alþjóðlegum sjóði, Glitnir Globe - Sustainable Future Fund, sem veitir fé til sjálfbærra verkefna á sviði sjávarútvegs og orkumála.

Féð sem Glitnir leggur til verður hluti af fjármögnunarkostnaði bankans.

Á meðal þeirra sem sæti eiga í sjóðsstjórn eru dr. Rajendra K. Pachauri, Nóbelsverðlaunahafi og forseti Alþjóðavísindaráðs Sameinuðu þjóðanna um loftlagsrannsóknir. Formaður stjórnar er Árni Magnússon, fyrrverandi ráðherra og framkvæmdastjóri orkusviðs Glitnis.

Sparnaðarleiðin var á sama tíma kynnt í Noregi en mun standa viðskiptavinum til boða í Bretlandi og öðrum Evrópulöndum eftir nokkra mánuði. **- jab**

Kaupþing býður út sérvarin skuldabréf :

Reglubundin útboð ráða vöxtum

„Við erum enn að lána til fasteignakaupa og höfum aldrei hætt því. Markmiðið með þessari aðgerð er að auka gagnsæi í vaxtamyndun á íbúðalánamarkaði, sem er sérlega mikilvægt nú þegar talsverð óvissa ríkir á fasteigmarkaðnum," segir Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings á Íslandi, en Kaupþing hefur ákveðið að bjóða út sérvarin skuldabréf til fagfjárfesta vegna fjármögnunar á nýjum íbúðalánum.

Bréfin eru til 25 og 40 ára, verðtryggð með föstum vöxtum út lánstímann og skráð í Kauphöllinni. Útboð á þessum bréfum verður að lágmarki einu sinni á hverjum ársfjórðungi. Kaupþing segir að kjör á nýjum íbúðalánum ráðist af niðurstöðu útboðsins en íbúðalán bankans verða með 0,9 prósenta álagi. Því má gera ráð fyrir að vextir á íbúðalánum bankans geti lækkað í kjölfar útboðs, líkt og gerðist hjá Íbúðalánasjóði á dögunum.

Markmið bankans með þessu fyrirkomulagi er að auka gegnsæi í vaxtamyndun á íbúðalánamarkaði. Í tilkynningu kemur jafnframt fram, að komi til breytingar á vöxtum íbúðalána vegna þessa fyrsta útboðs verði hún tilkynnt að morgni dags 30. júní og taki þá gildi þegar í stað.

Ingólfur bendir á að Kaupþing hafi boðið upp á íbúðalán til viðskiptamanna sinna frá árinu 2004 og náð góðri hlutdeild á þeim markaði. „Bankinn býður sem fyrr viðskiptamönnum sínum Íbúðalán að uppfylltum sömu skilyrðum og giltu árið 2004," segir hann spurður hvort rétt sé að bankarnir hafi nánast skrúfað fyrir slík lán í niðursveiflunni. „Það er mikilvægt að það komi fram að bankinn hefur ekki lokað á neinum tímapunkti þrátt fyrir alhæfingar um slíkt."

Spurður um erlend lán segir Ingólfur að fyrirspurnir um slík lán séu metnar í hverju tilviki fyrir sig. „Það er þó rétt að það komi fram að Kaupþing hefur aldrei markaðssett erlend íbúðalán með beinum hætti til sinna viðskiptavina heldur metið hverja fyrirspurn fyrir sig. Erlend íbúðalán eru ekki stöðluð vara hjá bankanum líkt og Íbúðalán Kaupþings," bætir hann við.

„Til að styrkja enn frekar stöðu bankans á íbúðalánamarkaði á komandi misserum hefur sú ákvörðun verið tekin að efna til reglubundinna útboða á sérvörðum skuldabréfum Kaupþings útgefnum af bankanum. Niðurstöður þessara útboða munu svo í framhaldinu mynda grunn að verðlagningu íbúðalána bankans til viðskiptamanna sinna með föstu álagi ofan á útboðsniðurstöðuna hverju sinni," bætir hann við.

Ingólfur bendir jafnframt á að bankinn geti nú boðið fjárfestum upp á afar öruggan fjárfestingarkost, „með djúpri verðmyndun í formi viðskiptavaktar," eins og hann orðar það. **- bih**

Stýrivextir hækka í Noregi

Seðlabanki Noregs hækkaði stýrivexti um 25 punkta í gær. Við það fara vextirnir í 5,75 prósent.

Í rökstuðningi bankastjórnarinnar segir að verðbólga sé meiri en gert hafi verið ráð fyrir. Útlit sé fyrir að seðlabankar víða um heim, þar á meðal í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, Bretlandi og í Svíþjóð muni hækka stýrivexti vegna þessa.

Fjölbreyttustu sturtulausnir á Íslandi
- til afgreiðslu af lager!

Eitt hagstæðasta verð á markaðnum

EOOO479
Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

STURTUSKJÓL
70x220, 80x220, 90x220, 100x220, 110x220, 120x220 sm



8 -10 mm
rammalaust
öryggisgler

HURÐIR OG VEGGIR
GLERVEGGUR með hurð
60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125, 130, 135, 140, 145, 160, 165, 170, 175 og 180 sm

GLER ENDAVEGGIR
70 sm, 80 sm, 90 sm og 100 sm

BAÐKARSHLÍFAR
76x130, 89x140, 120x150, 60x150 og 85x150 sm

STURTUKLEFAR

331-A	311-A	321-A	611-A	622-A	625-A
90x90	80x80 90x90	90x90	80x80 90x90	80x80 90x90	80x80 90x90

STURTUHORN
KANTAÐ: 80x80, 90x90 RÚNAÐ: 80x80, 90x90 sm

Rúnað

Kanntað

6 mm
rammalaust
öryggisgler
sem auðveldar þrif

stakir STURTUBOTNAR
KANTAÐUR: 80x80, 90x90, 80x90, 80x100, 80x90, 90,100 og 90x120 sm

RÚNAÐUR: 80x80 og 90x90 sm

kynntu þér úrvalið á www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÍSLENSKT FYRSTA FLOKKS LAMBAKJÖT

KF grill villikryddaðar lambalærissneiðar
Aðeins 1399 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.

KF grill lambarifjur
20% AFSLÁTTUR **399 kr./kg.**

KS heilt lambalæri í sneiðum
1198 kr./kg.

KS ferskt lambafillet
2498 kr./kg.

FERSKUR HOLTAKJÚKLINGUR 40% AFSLÁTTUR

Holta fersk kjúklingalæri m/legg
449 kr./kg. MERKT VERÐ 748 KR./KG.

Holta ferskir kjúklingabitar blandaðir
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.

Holta ferskir kjúklingavængir
239 kr./kg. MERKT VERÐ 398 KR./KG.

Pepsi Light
2 ltr. 119 kr.
7-up 2 ltr.
119 kr.
Egils malt í dós
10 stk 698 kr.

ÍSLENSK BEINLAUS BLEIKJUSTYKKI MEÐ ROÐI
899 kr./kg.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FYRSTA FLOKKS ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT

Ali ferskar svínakótilettur
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.

Ali ferskur svínahnakki í sneiðum
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.

Ali ferskur svínabógur
499 kr./kg.

Ali fersk svínarif kjötmikil
769 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.

Ömmubaksturs flatkökur
69 kr.

Bónus hangiálegg
1798 kr./kg.

Bónus kjarnabrauð
500g 129 kr.

Bónus frostpinnar
15 stk 198 kr.

ÞARF EKKI AÐ VERA Í KÆLI

Pascual jógúrt 4x125g þrjár teg.
Verð 239 kr.

Nautaveisla ferkst nautahakk
698 kr./kg.

Bónus 4 ungnautahamborgarar
M/BRAUÐI **498 kr .**

Bónus kleinur
15 stk 259 kr.

25 BÓNUS VERSLANIR- SAMA VERÐ UM LAND ALLT!

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslenskir háskólanemar eru slakir í íslensku.

Þróun sem verður að snúa við

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Móðurmálskunnátta og ritfærni háskólanema er áhyggjuefni háskólamanna segir í frétt blaðsins í byrjun viku. Sigurður Líndal lagaprófessor segir vankunnáttu háskólanemenda í íslensku auka álagið á kennurunum og Kristín Ingólfsdóttir háskólarektor tekur undir og segir nauðsynlegt að gerðar verði strangari kröfur um íslenskukunnáttu á fyrri stigum skólakerfisins. Þeir sem fylgst hafa með minnkandi áherslu á kennslu í móðurmálinu eru ekki undrandi á yfirlýsingum þessara tveggja háskólamanna.

Móðurmálskennsla hefur átt undir högg að sækja í íslenska skólakerfinu undanfarin ár og áratugi. Ekkert lát virðist á þeirri þróun og ýmislegt bendir til að enn eigi eftir að draga úr áherslu á móðurmálskennslu.

Öll rök hníga að því að Íslendingar eigi að leggja meiri rækt við móðurmálið á öllum skólastigum.

Sigurður Líndal bendir á að margir háskólanemar virðist ekki hafa tök á því að skrifa skilmerkilegan texta eða koma frá sér hugsun þannig að heil brú sé í. Víst er að margir háskólakennarar gætu tekið undir með Sigurði. Framhaldsskólakennarar hafa einnig kvartað undan því að nemendur komi illa undirbúnir í íslensku úr grunnskóla.

Íslensku mæla ekki nema um þrjú hundruð þúsund manns. Það þykja fáir þegar þjóðtunga á í hlut. Ábyrgð þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli á vexti og viðgangi tungunnar er því mikil. Hitt skiptir ekki síður máli að haldgóð þekking á móðurmáli og hæfileiki til að nýta málið til að tjá sig í ræðu og riti er hverjum og einum mikilvæg.

Í stöðugt minnkandi heimi þarf vitanlega að leggja mikla áherslu á færni í erlendum tungumálum. Sú kunnátta er þeim ekki síður mikilvæg sem deila móðurmáli sínu með fáum en þeim sem deila því með mörgum. Það má hverjum vera ljóst.

Vitað er að grundvallarforsenda þess að ná tökum á erlendu tungumáli eftir máltökuskeið er einmitt að eiga sér örugga heimahöfn í móðurmálinu. Þess vegna er staðgóð móðurmálskunnátta eitt af því sem skiptir þá höfuðmáli sem vilja ná góðum tökum á öðrum tungumálum.

Öll rök hníga að því Íslendingar eigi að leggja meiri rækt við móðurmálið á öllum skólastigum, allt frá leikskóla upp í háskóla. Við eigum að leggja áherslu á að kenna þeim íslensku sem hingað hafa flust frá öðrum löndum. Einnig eigum við að taka þeim fagnandi sem vilja læra og tala íslensku, líka meðan þeir hafa ekki náð á henni fullum tökum. Ætli þjóðin ekki að varpa móðurmálinu fyrir róða verður íslenskan áfram að vera það tungumál sem notað er í samskiptum á Íslandi; í námi, atvinnulífi, viðskiptum, fræðimennsku og þar fram eftir götunum.

Ástandið sem Sigurður Líndal lýsti í frétt blaðsins á sunnudaginn er íslensku menntakerfi til vansa. Þróuninni verður að snúa við áður en það er orðið um seinan.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vinsæl stefna

Samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins er rúmlega helmingur landsmanna mótfallinn frekari stóriðjuframkvæmdum, ívið fleiri úti á landi en í borginni. Það kemur Merði Árnasyni, vefritstjóra Samfylkingarinnar, ánægjulega á óvart. Að hans mati eru þessar niðurstöður sérstakt fagnaðarefni fyrir Samfylkinguna, því þær sýni að almenningur styðji umhverfisstefnu flokksins, Fagra Ísland. Nú er sjálfsagt aðeins tímaspursmál þar til Samfylkingin fer að gera það líka.

Blessuð hlutlægnin

Agnes Bragadóttir skrifar ádrepu í Morgunblaðið um ábyrgð fjölmiðlafólks, gildi þess að vera reiðubúinn að viðurkenna mistök og skylduna til þess að segja rétt og satt frá. „Við höfum atvinnu af því að upplýsa lesendur, áheyrendur og áhorfendur, um það sem er að gerast, á sem hlutlægastan hátt," skrifar Agnes. Þetta eru orð að sönnu hjá blaðamanninum, sem skaust í leyfi frá viðskiptafréttum til að gera tilboð þegar Síminn var einkavæddur.

Rökrétt niðurstaða

Þegar Einar K. Guðfinnsson, sjávar- og landbúnaðarráðherra, er ekki á fjöllum er hann í útlöndum að kynna sér stöðu heimsmála. Einar var í Bretlandi fyrir skemmstu og komst að því að þar glíma heimamenn við sama efnahagsvanda og Íslendingar: lausafjárskort, lítið lánsfé og ofurvexti. Jafnvel breska pundið mæti nú miklum mótvind og sömu sögu er að segja af Bandaríkjadollar. „Þó eru menn ekki á þeim bæjum að tala um að leggja niður þessar myntir til að taka upp evru!!" skrifar Einar á heimasíðu sína, svo mikið niðri fyrir að ekki duga færri en tvö upphrópunarmerki. Þetta er líka eina rökrétta niðurstaðan sem draga má af samanburði íslensku krónunnar við dollarann og pundið!!

bergsteinn@frettabladid.is

Gengi og gjörvuleiki

ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Lífið er bolti

Landsliðið í handbolta er þannig skipað, að þar er valinn maður í hverju rúmi. Önnur sjónarmið komast ekki að. Flokksskírteini skipta engu máli. Eða hvernig heldur þú, lesandi góður, að landsliðinu gengi á heimsmeistaramótum, ef stjórnmálaflokkarnir hlutuðust til um, að útvaldir menn á þeirra vegum yrðu að vera í liðinu? Spurningin svarar sér sjálf.

Þessi sjálfsagða íþróttaregla, að gjörvuleiki ráði mannvali, er þverbrotin í efnahagslífinu. Seðlabanki Íslands er augljóst dæmi. Fyrir þrem árum skipaði formaður Sjálfstæðisflokksins sjálfan sig í bankastjórnina. Bankaráðið er einnig notað sem mjaltavél handa stjórnmálamönnum: þar sitja fulltrúar flokkanna, raka saman fé og rétta upp hönd, þegar bankastjórnin skammtar sjálfri sér kauphækkun. Þetta er ítalska aðferðin: að stinga upp í stjórnarandstöðuna með því að veita henni aukaaðild að sukkinu. Kröfur um brottvikningu bankastjórnar Seðlabankans, sem hefur reynzt ófær um að gegna lögboðnu hlutverki sínu, heyrðust ekki úr röðum stjórnarandstæðinga, heldur frá Háskóla Íslands. Landsvirkjun fór sömu leið og Seðlabankinn: Sjálfstæðisflokkurinn gerði varaformann sinn að forstjóra fyrirtækisins. Nú bíða sjálfstæðismenn og aðrir þess með lafandi tunguna, að forstjórinn láti af störfum fyrir aldurs sakir. Þetta er lokaður klúbbur.

Dæmigert nýmarkaðsland

Ástandið sums staðar í einkageiranum er ekki miklu skárra. Annars var ekki að vænta á fyrri tíð, þegar atvinnulífið var gegnsýrt af stjórnmálum: Eimskipafélagið var íhaldsfyrirtæki, Sambandið var framsóknarfyrirtæki og þannig koll af kolli. Einkavæðingu viðskiptabankanna og annarra ríkisfyrirtækja hefði að réttu lagi átt að stefna gegn þessu ástandi, en önnur sjónarmið urðu ofan á. Stjórnmálamenn höfðu komizt á bragðið með kvótakerfinu og stóðust ekki heldur allar freistingarnar, sem einkavæðingin lagði fyrir þá. Nokkrir flokksmenn rökuðu saman fé, einn áður sjálfskipaður seðlabankastjóri keypti sér flugfélag, aðrir létu sér nægja sjálftekin embætti, laun og hlunnindi. Þegar formaður stærsta stjórnarandstöðuflokksins tæpti á einum anga málsins í frægri ræðu í Borgarnesi, supu menn hveljur í herbúðum sjálfstæðismanna, vegna bersöglinnar.

Nýmarkaðslönd eru nefnd þau lönd, þar sem stjórnmál flækjast fyrir viðskiptum. Ísland er eftir þessari skilgreiningu dæmigert nýmarkaðsland, þótt útlendingar vegna vankunnáttu um landshagi hirði ekki um að hafa Ísland með á listanum yfir slík lönd. Hvernig er hægt að láta Ísland vanta á listann, þegar forsvarsmenn stærsta fyrirtækis í landinu fullyrða, að fyrirtækið hafi um margra ára skeið sætt pólitískum ofsóknum? Margt annað hangir á spýtunni. Mannvalið í stjórnum einkafyrirtækja ber vitni. Í heilbrigðum markaðsbúskaparríkjum er það viðtekin regla, að stjórnir stórfyrirtækja eru skipaðar reyndum kunnáttumönnum víðs vegar að til að tryggja rekstrinum aðhald og fjölbreytta sérþekkingu. Hér heima sitja yfirleitt sömu mennirnir og vinir þeirra í stjórnum margra stórfyrirtækja og sýna utanaðkomandi aðhaldi, þekkingu og reynslu lítinn áhuga. Frá þessu munstri eru að vísu ýmsar undantekningar, til dæmis Bakkavör og Íslensk erfðagreining. Í stjórnum margra annarra íslenzkra stórfyrirtækja sitja þó aðallega leppar eigendanna. Aðhaldið, sem sjálfstæðar stjórnir geta veitt rekstrinum, verður þá minna en ella, og sjóndeildarhringur fyrirtækjanna þrengri.

Talsamband við bankann

Einn seðlabankastjóranna hélt því nýlega fram í útvarpi, að seðlabankar nýmarkaðslanda gætu þurft að halda gjaldeyrisforða yfir skammtímaskuldum bankanna, en ekki Seðlabanki Íslands. Þessi gjaldeyrisregla, sem er kennd við Greenspan, fyrrum seðlabankastjóra Bandaríkjanna, og Giudotti, suður-ameríska hagfræðing, er eigi að síður virt víðast hvar. Að vísu er sjaldgæft, að á regluna reyni í rétt nefndum markaðsbúskaparlöndum. Hitt er algengara, að skammtímaskuldir bankanna fari langt upp fyrir gjaldeyrisforðann í nýmarkaðslöndum, þar sem stjórnmálamenn eru í talsambandi við bankana, líkt og ritstjóri Morgunblaðsins lýsti sambandi Sjálfstæðisflokksins við Landsbanka Íslands 2004. Annað kennimark nýmarkaðslanda er skyndilegt gengishrun, sem leiðir auk annars af vantrú fjármálaheimsins á seðlabankanum og stjórnvöldum.

Næst eru það Droplaugarstaðir

UMRÆÐAN

Þorleifur Gunnlaugsson skrifar um einkavæðingu heilbrigðiskerfisins

ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Jórunn Ósk Frímannsdóttir og Guðlaugur Þór Þórðarsson hafa átt í viðræðum um rekstarvanda Droplaugarstaða í eitt ár án þess að niðurstaða hafi náðst. Hvernig skyldi standa á því ?

Um það er ekki deilt að Droplaugarstaðir eru vel rekið úrræði. Það viðurkennir Jórunn Ósk Frímannsdóttir þegar hún segir að „gripið hefur verið til margs konar ráðstafana til að nýta sem best það fjármagn sem Droplaugarstaðir hafa úr að spila, m.a. hefur verið farið vandlega yfir mönnun vakta og er vel fylgst með launakostnaði og brugðist við frávikum eftir því sem aðstæður leyfa".

Staðreyndin er hins vegar sú að ríkið hefur stundað það að svelta úrræðið en síðan greitt niður hallann þangað til nú að allt er komið í óefni. Frjálshyggjupostularnir Jórunn Ósk og Guðlaugur Þór komast ekki að samkomulagi. Er einhver hissa?

Undanfarin ár hafa verið erfið fyrir starfsfólk Droplaugastaða. Grundvallarendurnýjun húsnæðisins hefur haft í för með sér mikla aukavinnu, hávaða og önnur óþægindi sem fólk þarf að öðru jöfnu ekki að búa við. Undir forystu Ingibjargar Bernhöft hefur tekist að mynda samfélag sem er til fyrirmyndar en að sjálfsögðu hefur viðvarandi niðurskurður heft starfsemina. Þegar sér fyrir endann á þessu erfiða en metnaðarfulla verkefni, þá á að fara að bjóða rekstrinn út. Hvers vegna ?

Undirituðum hafa borist upplýsingar um það að hið nýja einkafyrirtæki, Heilsuverndarstöðin, fái um það bil 25% hærri daggjöld fyrir hvíldarinnlagnir aldraða en Droplaugastaðir eru að fá. Tilboð Heilsuverndarstövarinnar í margumtalað búsetuúrræði var um 25% hærra en tilboð SÁÁ. Í rökstuðningi fyrir því að taka hærra tilboðinu í því tilfelli segir meðal annars að það sé eitt af markmiðum „Velferðarsviðs að styðja við þróun og samkeppni á markaði í félags- og heilbrigðisþjónustu". Eru heilbrigðisráðherra og formaður velferðarráðs að vinna að því markmiði með því að svelta samfélagslegan rekstur en ausa fé í þann einkarekna?

Höfundur borgarfulltrúi VG.

HÁR OG SKÓR
Á efri hæð hárgreiðslustofunnar Hár Expó er rekin skóverslunin New Rock Reykjavík.
TÍSKA 3

NÁTTÚRULEG VÖRN
Heilsuhúsið selur sólarvörn frá bandarískra framleiðandanum Aubrey Organics sem stendur framarlega í lífrænum snyrtivöruiðnaði.
HEILSA 5

allt

Vinnustaðir - íþróttahús
Eigum fyrirliggjandi ódýra, læsanlega skápa fyrir föt eða persónulega muni.
Verðdæmi: 5 skápar í röð
kr. 63.316

Gjótuhraun 1, 220 Hafnarfjörður • Sími 544 5330
Fax 544 5355 • straumur@straumur.is

Ásrún segist klæða sig kvenlega og er mjög hrifin af gammósíum sem hún notar mikið við kjóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kínversk kápa í uppáhaldi

Ásrún Magnúsdóttir er með dömulegan stíl og heldur mikið upp á kápu sem kærasti hennar keypti í Kína.

Kærasti Ásrúnar, Þorleifur Örn Gunnarsson eða Tobbi eins og hann er kallaður, hitti sannarlega í mark þegar hann kom færandi hendi heim úr kórferðalagi með Hamrahlíðarkórnum í Kína með kápu handa Ásrúnu.

„Ég hélt reyndar fyrst að þetta væri náttsloppur og fannst það ekki mjög töff gjöf en áttaði mig svo á því að um var að ræða þessa fínu kápu og varð mjög ánægð. Hún er aðsniðin í mittið og hentar bæði spari og hversdags, en það er svo gott að eiga svoleiðis yfirhöfn," segir Ásrún, sem vinnur á leikskólanum Grænuborg en er á leið í samtímadans í Listaháskólann í haust. Kápan er frekar þunn en Ásrún getur verið í peysu innan undir, sem gerir það að verkum að hún getur notað hana jafnt sumar sem vetur.

Ásrún segist vera með fremur dömulegan smekk og líkar kvenleg snið. „Ég er lítið í gallabuxum en finnst til dæmis frábærar mjúkar gammosíur sem ég nota gjarnan við kjóla."

Við kápuna er Ásrún í gráum gammósíum úr American Apparel sem hún keypti í verslunarferð í New York og támjóum skóm sem hún fékk á slikk í Spútnik.

Hún hefur stundað nám í Listdansskóla Íslands um margra ára skeið og ætlar sér að helga líf sitt dansinum næstu árin.

vera@frettabladid.is

Lime-ávöxturinn er tilvalinn til sumarlegra skreytinga. Hann er upplífgandi og hressilegur á litinn. Fallegt væri til dæmis að setja nokkra lime-ávexti í glervasa og nota sem borðskraut.

Flott í sumar...
stinnari líkami á aðeins 4 vikum
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 24.900,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Haukur Árnason hefur mjög gaman af folfi og vill fá fleira fólk í íþróttina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Púttar og dræver kastað

Frísbígolf, eða folf eins og það er líka kallað, nýtur vaxandi vinsælda úti um allan heim.

Hér á landi hefur áhuginn á folfi verið að aukast síðustu ár en 2005 var íslenska frisbígolfsambandið stofnað. Íþróttin er upprunin í Bandaríkjunum og er spiluð eftir sömu grundvallarreglum og golf, en í stað þess að slá kúlum í holur er frisbídiskum kastað í körfur.

Haukur Árnason er mikill áhugamaður folfsins og meðlimur í íslenska frisbígolfssambandinu og er hissa á að ekki fleiri stundi íþróttina hérlendis. „Folf er þrjátíu ára gömul íþrótt og mjög vinsæl erlendis. Það er hörð atvinnumennska í íþróttinni í Bandaríkjunum og mikill vöxtur í henni bæði þar og í Asíu. Í dag eru um 2500 vellir um allan heim," segir Haukur.

Frisbísamband Íslands var stofnað í vetur og frisbígolfsambandið er nú orðið hluti af því. Hérlendis eru haldin Íslandsmót og sambandið reynir að vera með uppákomur mánaðarlega. Fastir spiladagar eru á miðvikudögum og stundum á laugardögum ef veður leyfir. Sjálfur reynir Haukur að fara til útlanda á mót á hverju ári. „Í fyrra fór ég á Evrópumótið í Belgíu. Það er ótrúlegt að sjá atvinnumenn að leik, tæknin hjá þeim er alveg stórkostleg." Þrjú ár eru síðan byrjað var að halda Íslandsmót í folfi og hefur Haukur náð öðru og þriðja sæti. Árið 2006 var svo haldið hér á landi stórt alþjóðlegt mót í evrópsku mótaröðinni þar sem 24 erlendir keppendur komu til landsins.

Folf er íþrótt fyrir alla og kostnaðurinn ekki mikill. „Frisbídiskarnir sem notaðir eru í folfinu eru öðruvísi en hinir hefðbundnu diskar, þeir fljúga beinna og lengra. Hægt er að fá diska sem fljúga til hægri, vinstri, stutt og langt, svo eitthvað sé nefnt." Haukur er sjálfur með um tíu til fimmtán diska í keppnistöskunni sinni. „Við notum sömu heitin um diskana okkar og gert er í golfinu. Við erum með púttera og dræver, svo eru leikreglurnar að mestu leyti þær sömu," segir hann.

Frisbígolfsambandið kom upp 18 holu folfvelli í Gufunesi í samstarfi við Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur og er aðstaðan þar mjög góð. Á Akureyri og við Úlfljótsvatn eru svo minni folfvellir.

Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér þessa íþrótt betur er bent á heimasíðu frisbígolfssambandsins www.folfis.blogspot.com.

klara@frettabladid.is

Útsalan hefst kl.10
FRIIS COMPANY®
kringlan • 108 reykjavik • S: 534 0066
Eirberg
Betra loft betri líðan
Airfree lofthreinsitækið
• Byggir á nýrri tækni sem eyðir ryki, frjókornum og gæludýraflösu
• Eyðir ólykt, bakteríum, vírusum, myglu og öðrum örverum
• Er hljóðlaust og viðhaldsfrítt – tilvalið í svefnherbergið og á skrifstofuna
www.airfree.com • www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25
Útsala í Hólagarði
Nýjar vörur í Mjódd
Vefta
Tiskuföt
s. 5572010 og 5782050 www.vefta.is
allt
matur
Alla föstudaga
Eirberg
Rafskutlur
-umhverfisvænn ferðamáti
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25
BIRNA
Skólavörðustígur 2.
Sími: 445 2020
www.birna.net
ÚTSALA
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

Hálsmen er fylgihlutur sem gaman er að bera. Á sumrin er flott að vera í léttum kjól og með fallegt hálsmen en enga aðra fylgihluti.

Í tísku frá toppi til táar

Elín K. Guðjónsdóttir, eigandi hárgreiðslustofunnar Hár Expó, rekur óvenjulega skóverslun á efri hæð stofunnar.

Elín er með skóbúð í risinu fyrir ofan hárgreiðslustofuna sína, Hár Expó. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skórnir, sem Elín flytur inn frá Spáni, heita New Rock en verslunin heitir New Rock Reykjavík.

„Ég kynntist þessum skóm fyrst í London og fannst þeir mjög spennandi. Þetta eru bæði herra- og dömuskór og eru þeir dálítið ólíkir því sem gengur og gerist. Dömuskórnir eru allir úr ekta leðri og margir með mjög háum hælum. Í herralínunni eru bæði leður- og íþróttaskór en líka gothskór með þykkum botnum.“

Elín ákvað að prófa að nota risloft fyrir ofan hárgreiðslustofuna undir skóna og hefur það gefið góða raun.

„Ég byrjaði með verslunina í lok desember og fólk er aðeins farið að átta sig á þessu. Ég er með skilti fyrir utan og skópör í glugganum og kemur fólk beint inn af götunni til að kíkja. Þá fara margir upp á loft sem koma í litun og klippingu. Það er líka tilvalið að nota tímann á meðan liturinn er að festast í hárinu og máta skó,“ segir Elín og hlær.

Elín hóf störf á Hár Expó fyrir fimmtán árum en stofan fagnaði tuttugu ára afmæli í október á síðasta ári. „Ég hef tekið þátt í rekstrinum síðastliðin sjö ár en tók alfarið við honum fyrir þremur árum og er núna að prófa mig áfram með þessar nýjungar,“ útskýrir Elín.

Stofan, sem áður var ofar á Laugaveginum, er nú í bakhúsi að Laugavegi 42b.

vera@frettabladid.is

Ekta leðurstígvél á 29.800 krónur.

Sumarlegir og sætir á 11.600 krónur.

Herraskór á 15.900 krónur.

Frábærar vörur pompea betra verð



Apótek, verslanir, Fjarðarkaup, Þín Verslun Spar
Dreifingaraðili: S. Gunnbjörnsson ehf.

Fljótlegt - auðvelt - mjög áhrifaríkt!
TRIND
Alltaf no. 1

Útsölustaðir: Apótek - Snyrtivöruverslanir
trind.com - nákvæmar leiðbeiningar á íslensku!

Guðrún Tískuhús
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

Flott í ferðalagið
Gallabuxur háar í mitti 3.990 kr
St. 36-46
Gallakvartbuxur 3.990 kr
St. 36-44
Gallapils 3.990 kr

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

MC PLANET Austurhrauni 3 - 210 Garðabær - 533 3805

MaxMara LAGERSALA OUTLET LAUGAVEGI 51 MARINA RINALDI STÆRÐIR 42-54

Þvottavél, kaffivél og eldavél ættu ekki að vera skilin eftir í sambandi þegar heimilið er yfirgefið. Þvottavélar og uppþvottavélar ættu ekki að vera í notkun þegar enginn er heima.

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Heildarlausn
fyrir garða og plön

hellur & steinar
kantar & hleðslur
granithellur & flísar
sandur & möl
blómaker
gosbrunnar
garðleikir

Hjá okkur færðu allt efni í innkeyrsluna og garðinn

STEINDIR HELLUSTEYPA
sími 587 2222 / sala@hellusteypa.is
www.hellusteypa.is / Vagnhöfða 17

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



GÓÐ RÁÐ
fyrir þig og umhverfið

Eldhúsið - Ísskápurinn

Frysting matvæla við kjöraðstæður í frysti er góð leið til að stöðva örveruvöxt og minnka ensímvirkni lífrænna afurða. Geymsla í frysti getur þó aðeins verið tímabundin og er háð því að hitastiginu sé haldið jöfnu þ.e. -18°C út allan geymslutímann og að frágangi matvæla, hreinlæti og afhýðingu sé rétt staðið. Talað er um að ekki eigi að geyma mat lengur en í eitt ár í frysti, oft líka skemur. Við frystingu hægir nefnilega aðeins á niðurbrotsferlinu en það stöðvast ekki algerlega.

Á frystivörum í verslunum stendur jafnan hve lengi varan geymist en þegar um eigin framleiðslu er að ræða er ráðlegt að merkja á umbúðirnar hvenær maturinn er settur í frystinn. Maturinn missir eitthvað af næringargildi sínu við frystingu. Það vegur upp á móti að fyrir stórar fjölskyldur og þá sem tækifæri hafa til að fá heilu eða hálfu skrokkana eða fá mikð magn af mat, getur stór frystir verið brunnur sparnaðar.

Meira um allt í eldhúsinu á: http://www.natturan.is/husid/1299/

Náttúran.is - vefur með umhverfisvitund

Á zwello.com má finna alls konar glös.

Allt í búið

Á www.zwello.com er hægt að finna ýmiss konar húsgögn og fylgihluti.

Zwello er ný netverslun sem selur alls konar húsgögn og fylgihluti í íbúðina. Þar er að finna klassíska hönnuði af eldri kynslóðinni en einnig nýrri franska hönnuði. Vörur frá hönnuðum svo sem Alvar Aalto, Carlo Alessi, Frank Gehry og Michael Graves eru til sölu á vefnum. Boðið er upp á aðstoð við að finna gjafavörur fyrir ólíka einstaklinga en einnig er vefurinn góður til að finna allt mögulegt til innréttingar á eigin íbúð.

Meðal hönnuða á zwello-síðunni er Tord Boontje sem hannar þessi flottu glös hér að ofan. Glösin eru gerð úr endurnýttu gleri og fást í glæru eða grænum og brúnum litbrigðum. Fjögur glös kosta fjörutíu dollara, eða um 3.200 krónur. Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.zwello.com.

- mmþ

Gamalt á veggina

ALLT AÐ 60 ÁRA GAMALT VEGGFÓÐUR TIL SÖLU.

Hægt er að kaupa upprunalegt veggfóður frá árunum 1950 til 1980 á vefsíðunni www.vintage-wallpaper.com. Slíkt veggfóður er ekki framleitt lengur svo þessi lager er dýrmætur og óvenjulegur.
Veggfóðrið er frá Vestur-Þýskalandi, Frakklandi, Englandi, Hollandi, Belgíu og Ítalíu. Í einni rúllu eru fimm fermetrar af veggfóðri og lengdin er hefðbundin, 10 x 0,5 metrar. Hægt er að kaupa veggfóðrið í rúllu- eða metratali og eru það pantað á netinu. Verðið er vel ásættanlegt en flestar rúllurnar eru á 20 til 40 evrur.

- mþþ

kr.9.990.-
viðbótareining kr.7379.-

Geymslu- og dekkjahillur
í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman.
Skrúfufrítt og smellt saman.

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

weber – ekki bara grill

Sölustaðir: Járn & Gler · Garðheimar · Húsasmiðjan · Egg · Búsáhöld Kringlunni · Pottar og Prik Akureyri · Gallerý kjöt og Fiskisaga · www.weber.is

XEINN JG EBG 5x4 02

Líkamsrækt er af hinu góða. Öllu fólki er nauðsynlegt að stunda einhvers konar líkamsrækt hvernig svo sem það er í laginu. Líkamsrækt eykur orku og bætir andlega líðan.

Gengið úti í öllum veðrum

Nýir göngustafir með teygjum gefa möguleika á góðum þol- og styrktaræfingum úti undir berum himni. Heilsuakademían er með námskeið í notkun þeirra.

Íris Guðmundsdóttir og Kristinn Freyr Guðmundsson kenna fólki að nota hina nýju stafi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Þessir nýju stafir sem geyma teygjur innan í sér hafa vakið mikla lukku," segir Íris Huld Guðmundsdóttir, einn af íþróttakennurum Heilsuakademíunnar. „Stafirnir virka þannig að þegar búið er taka góða brennslu í göngunni togar maður teygjurnar út og gerir styrktaræfingar sem geta verkað á alla vöðva líkamans. Með því að snúa upp á stafina herðir maður á teygjunni og þyngir þannig æfingarnar svo að fólk getur fengið helling út úr þessu, sama hvort það er byrjendur eða lengra komið. Við erum með námskeið í notkun þessara stafa og þetta verður það heitasta í sumar, lofa ég."

Íris segir stafina jafnt fyrir karla og konur. „Það geta allir tekið þátt," fullyrðir hún. „Við erum tvö saman með stóran hóp síðdegis og getum skipt honum í tvennt eftir getu. Auðvitað eru konurnar í meirihluta hjá okkur eins og á flestum námskeiðum."

Hún segir stafina auka úthald og styrk í efri hluta líkamans, þeir spenni og styrki vel kviðvöðva, bak og handleggi en lítið álag sé á liðamót og hné. „Það er gott fyrir fólk með vöðvabólgu að losna við hana með þessu móti," segir hún.

Stafina má nota á hvaða undirlagi sem er og hvaða árstíð sem er að sögn Írisar. „Í dag erum við mest að ganga á malbikuðum stígum og þá eru sérstakir tappar neðan á stöfunum en svo þegar við förum á skógarstíga í Heiðmörk eða annars staðar tökum við tappana af og þá myndast smá oddur sem kemur líka í góðar þarfir þegar gengið er í hálku." *gun@frettabladid.is*

Náttúrulega vel varin húð

Náttúruleg sólarvörn er valkostur sem vert er að skoða nú þegar sólin er hæst á lofti.

Aubrey Organics framleiðir sólarvörn frá 8 og upp í 25 ásamt after sun-áburði og Aloa vera. RÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Þeir sem hugsa vel um heilsuna passa yfirleitt upp á mataræðið en ekki síður þarf að huga að þeim efnum sem borin eru á húðina, stærsta líffæri líkamans.

„Lífræni snyrtivörumarkaðurinn er ört vaxandi í heiminum í dag enda hefur verið mikil umfjöllun um kemísk efni í hefðbundnum snyrtivörum og þar með talið í sólarvörn. Sum þeirra eru talin krabbameinsvaldandi og talin hafa óæskileg áhrif á hormónakerfið," segir Jóhanna Kristjánsdóttir, rekstrarstjóri Heilsuhússins, og nefnir sinkoxíð og títandíoxíð í því sambandi.

Heilsuhúsin selja sólarvörn frá bandaríska framleiðandanum Aubrey Organics sem Jóhanna segir standa mjög framarlega í lífrænum snyrtivöruiðnaði.

„Þeir nota jurtir og önnur náttúruleg efni en engar jarðolíur eða kemísk efni," segir Jóhanna. Vörurnar hafa hlotið viðurkenningu frá samtökunum Environmental Working Group (EWG) en að þeim standa óháðir vísindamenn, sérfræðingar og almennir borgarar sem vilja draga úr mengun í heiminum.

EWG flokkar fyrirtæki eftir því hversu mikið af óæskilegum efnum þau nota í snyrtivörur sínar og hvernig þau ganga um jörðina og gefa þeim einkunn á bilinu 0,1 til 5. Því lægri sem einkunnin er þeim mun minna notar fyrirtækið af eiturefnum í sína framleiðslu og hlaut Aubrey Organics einkunnina 0,7. *- ve*

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

BÍLAR & FARARTÆKI

Útsala 2.290.000.-
Hyundai tuson crdi 2.0 dísel ssk ek 38 þús km skoðaður til 2010 Dráttarkrókur cd filmur gluggahlífar crus control Fallegur bíll ásett verð 2690 þús lán 1800 þús 29 þús á mán Tilboð 2.290.000.- Bílabankinn 588-0700

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is

M.Benz E-230 árg. 1981 ekinn aðeins 97þ km frá upphafi. 2 eigendur síðustu 20 árin. bíllinn er eins og nýr! Verð aðeins 750,000,- S. 897 6040.

BMW M-Roadster. Ísladsmeistari í götuspyrnu 6 cyl með hardtopp ofl ofl verð 2590,000,- lán 1800þús símí 897-6040

Grafa JCB 2,5 tonna árg 2007 notkun 172 tímar fleygur,staurabor+3 skóflur lán getur fylgt vélinni. S. 897-6040

Sport-X
Draupnisgötu 5, 600 Akureyri
Símí: 5642323
www.sportx.is

Harley Davison Touring Electra Glide Calssic árg. 2005 ek. 3 Þkm. Hjól með öllu, skipti skoðuð, verð 2690 þús!!

Nissan Patrol Elegance árg. 2006 ek. 49 Þkm. Sjálfsk. með öllu, verð 5490 þús vill skipta á dýrari Jeppa!!!

Toyota Landcr 90 GX árg. 1998 GX ek. 195 Þkm. 5 gíra, 33" dekk, 8 manna, áhv. 1010 þús verð nú 1090 þús

Hyundai Santa Fe V6 árg. 2006 ek. 18 þkm. Sjálfsk. krókur, filmur, áhv. 1530 verð nú 3690!!!

Bíll.is
Malarhöfða 2, 112 Rvk.
Sími: 577 3777
www.bill.is
til sýnis og sölu á bill.is símí 577-377

Verð aðeins 999þ stgr
Chevrolet Aveo LS . 4 dyra - Sjálfskiptur - 2006 árgerð - Nýskráður 4.2006 - Höfuðpúðar aftan - Innspýting - Líknarbelgir - Rafdrifnar rúður - Útvarp - Geislaspilar - Abs bremsur - Veltistýri - Vindskeið/spoiler - Vökvastýri - Fjarstýrðar læsingar - Einn eigandi ! Vel með farinn konubíll. Ekinn 36þ.km - Sumar og vetrardekk - Fleiri myndir á www.sparibill.is - Ath ! listaverð er 1.330Þ. Sparibaukur á frábæru verði .

Sparibíll ehf
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík
Símí: 577 3344
www.sparibill.is

VOLVO XC90 2.4 TURBO DIESEL D5, árg 7/2003, ek 173.þ km, 2.4L Sjsk, Leður, Dráttarkúla, Verð 3.490.þ áhv 2.950. þ Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 111283 S: 567 2700.

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Símí: 567 2700
www.arnarbilar.is

Bílar til sölu

Vantar allar gerðir bifreiða á skrá, Mikil sala
Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Föst þóknun upp að tveimur milljónum aðeins 34.900 fyrirþitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbílar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbílar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá 1790þús, Ford Mustang frá 2400þús, Toyota Camry frá 2650þús, Volvo S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá 3250þús, Dodge Charger frá 2390þús, Benz C230 frá 3700þús. Símí 5522000. www.islandus.com

Landrover Freelander Árg. '00 ek. 93 þ. ýmssk. v. 650 þ. s. 821 9222

Hyundai H1 4x4 ek. 118 þ. ák. spl. lán 1100 þ. skipti athug. S. 896 2552.

Dúndurtilboð!!!
VW Golf árg. '05 1.6 ek. 115 þ. Silfur. Ásett v. 1100 þ. Tilboð 1050 þ. S. 586 8878 & 662 6032.

Eyðir Engu ! Á þessum keyriru 800 km. í innanbæjarakstri!
Citroen C4 Disel Turbo, árg. 2006, ek. 25.000 km. Beinskiptur, 5 dyra 1600cc. Verð 1.890.000 kr. Áhv. 1.490.000 kr. Frábært eintak fyrir þá sem vilja góðan bíl en þykir dropinn orðinn heldur dýr. Ásgeir, s. 856-6709

Til sölu glæsilegur 7 manna fjölskyldubíll. Ásett verð 1.590 þús Tilboðsverð 1.260 þús Lán 1.210 þús afb. 30 þús. Til sýnis og sölu hjá Berhard Notuðum bílum. Eirhöfða 11 S: 551-7171.

695 ÞÚS STGR.
MMC Pajero disel 33" uppt.vél. ssk. topplúga 7 manna ekinn 220.þús. fallegur bíll. Simi 8477-663

MMC Space Wagon 7 manna 4x4. árg'98.ek,161þús.2 eigendur.verð 260þús.skoða öll skipti.S,8980006

Gullfalleg Honda S2000 árg. 2001, ek. 49 þús. km, 240 hö, 6 gíra bsk., leður, 18" auk 16" felgur, eyðsla 10 L/100km, sjón er sögu ríkari, TILBOÐ 1.990.þús. stgr. Sími 8248066

Kia Rio 1600 EX
Árg. 2006, ekinn 37.000 km. Verð 1.300.000.Bíllinn er til sýnis við Nýbílaveg 90 Kóp. Ath skipti. Nánari uppl. www.pyrite.is Uppl í s. 840 8282

Golfbíll
Til sölu Bombardier rafmagnsgolfbíll. Í fínu standi. V. 395 þ. Uppl. í s. 897 1849

Yaris Blue dökkgrár, árgerð 2004. Ekinn 30 þ.km. bsk. Verð 1.430.000. Gott eintak. Uppl. í s. 892 2984.

Til sölu Honda Jass 2006, ek. 6000km. Verð 1.630, tilboð 1.490. S. 894 7902.

Til sölu Dodge Dakota 3,9 sport. Árg '02. Sk.'09. Ásett v. 530 þ. Uppl. í s. 863 6060 & 554 7225.

Ekinn 46 þ.km.
Toyota Avensis 1.8. Sjsk. 8/'98. Góður bíll. V. 630 þ. S. 565 6024 & 897 7006.

Til sölu 3 Citroen Berlingo. Árg.'07. Tveir bensín, einn disel. Gráir á lit. Ek. rúm 20 þús. Lán getur fylgt. Uppl. í s. 824 1450, Stefán.

Til sölu Honda Accord árg. '95. Ek. 175 þ. Í góðu standi og lítur vel út. V. 260 þ. Uppl. í s. 844 0357.

Til sölu Subaru Forester '99. Ek. 170 þ. Allur yfirfarinn af Ingvari Helga. Góður bíll, v. 620 þ. Góður stgr. afsl. Uppl. í s. 844 0357.

Opel Vectra station árg.'99. Bsk. Þokkalegur bíll til sölu á 160 þús. Uppl. í s. 421 5195.

Hyundai Accent árg'98. Ek 143 þ.km. Sk.'09. V. 150 þ. Uppl. í s. 848 7990

Daewoo Nubira '99, ekinn 132 þ. Í góðu standi, reyklaus og óskemmdur. Climatronic. Uppl. í s. 847 2093. Tala ensku & þýsku.

Grand Cherokee '93 Nýbúið að taka í gegn f. 500 þ. V. 250 mögl. að taka góða fartölvu uppí. S. 869 8156.

M. Benz E220 árg. '94 ek. 229 þ. Góður bíll. Fæst á 150 þ. S. 692 8021.

0-250 þús.

mazda 323f coupe 1,5 árg '97 ek.130 þús,þjóvavörn,farstýrðar samlæsingar,cd,fínasti bíll ásett 320 þús fæst á 180 þús. S. 841 8955.

Nissa Micra '94. til sölu. ek. 76 þ. ssk. skoðaður '09. tilb. 99 þ. Upplýs. S. 898 1944.

Viltu selja sparneytinn bíl sk. 09. Staðgr. 200.000 þús. Uppl: rigning@simnet.is

Suzuki Wagon R, skráður '98 Ekinn 75þ, verð 150þ. Uppl. í síma 899 3625

Ódýr - Nýskoðaður!
Daewoo Nubira árg '99, station, ek. 130 þús, ásett verð 290 þús. Tilboð 160 þús. S. 841 8955

500-999 þús.

Volvo V70 1998. Nýskoðaður og í toppstandi. 550 þ.Pétur 868 1313.

Til sölu. Dodge Ram Van 1500. Árgerð 1990. Vél 3.9 6 cyl. Ekin 54 þús. mílur. Innréttaður ferðabíll, svefnaðstaða fyrir 2, gas hiti og eldvél. Góð innrétting með skápa og hilluplássi. Þarf að yfirfara bremsur fyrir skoðun. Verð hugmynd 550þús. Nánari upplýsingar í síma 892 8991. myndir á http://utgardur.tk

1-2 milljónir

Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

2 milljónir +

Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

Toyota Avensis '06 station. sjálfsk. dökkgrár. ásett 2.690þús, áhv. 1.900þús. fæst á yfirtöku + 450þús. uppl. 899 0800

Bílar óskast

Óska eftir bíl má kosta 30 til 60 þúsund má þarfnast lagfæringar . uppl í síma 8204640.

Vegna mikillar sölu vantar okkur allar tegundir bíla á skrá og á staðinn. Erum með kaupendur af bílum á verðbilinu frá 250þús.-2milljónir, einnig allar tegundir fólksbíla beinsk. og sjálfsk. X4 ehf. S: 565-2500.

Jeppar

MMC Pajero
MMC Pajero DID. Skráður 3/2006. Verð 4.850 þús.kr. ekkert áhvílandi. Bíllinn er ekinn 43 þús.km. 17" Anker felgur, leður í sætum, dráttarkrókur. Upplýsingar í síma 893 1477.

Heildarlausnir í lyfturum fyrir fiskvinnsluna

Nútímaleg hönnun • Gott aðgengi ökumanns • Hljóðlátur • Hemlar í olíubaði • Gott þjónustuaðgengi

VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

vinnuvélar

FIMMTUDAGUR 26. JÚNÍ 2008

Nýr smurþjónustubíll Heklu

vekur athygli á erlendum vettvangi BLS. 6

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Allir vegir færir“

„Glanni ehf. sér um vöruflutninga á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur og þurfum við að geta treyst á að ökutæki okkar séu í fullkomnu lagi. Þegar við höfum þurft að kaupa nýja bíla hefur verið gott að leita til ráðgjafa Lýsingar sem hafa greitt leið okkar og leiðbeint okkur við fjármögnun. Með hjálp starfsfólks Lýsingar eru okkur allir vegir færir.“

Agnar Þór Sigurðsson og Bjarni Kristján Gunnarsson, Glanni ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

01 . 11221

Breytingarnar eiga að gera vinnu bílstjóra auðveldari og ánægjulegri. MYND/VOLVO

Þægilegra vinnuumhverfi

Breytingar voru nýlega kynntar á vörubílalínu Volvo. Þær eru meðal annars hugsaðar til þess að bæta vinnuumhverfi, stuðla að auknu öryggi og enn betri aksturseiginleikum. Breytingarnar eru byggðar á rannsóknum sem gerðar hafa verið á meðal bílstjóra.

„Við höfum hlustað á bílstjóra og tekið mið af þeirra óskum. Nýja innanbílahönnunin er hönnuð til að bjóða meira af öllu, bæði meðan ekið er og í pásum," segir Joakim Nilsson, vörustjóri fyrir vörubílalínur Volvo.

Breytingar voru gerðar á FM- og FH-vörulínum Volvo. Á meðal breytinga á FM-bílnum er ný sparsöm ellefu lítra vél. Í FH-línunni voru gerðar breytingar á ökumannshúsinu, til dæmis á geymslu- og svefnrými.

„Auk rýmis, þæginda og sniðugra geymslulausna var hannað aðlaðandi vinnuumhverfi. Við vonum að þetta muni gera vinnu bílstjóra auðveldari og ánægjulegri," sagði Joakim.

Nánari upplýsingar má finna á www.volvotrucks.is. - mmf

Hestamenn ríða frá Selfossi í Leirubakka í Landssveit. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vinsælar meðal hestamanna

Landsmót hestamanna er nú framundan en það hefst 30. júní. Af því tilefni ætlar Vélaver að vera með tilboð á hestakerrum frá IFOR Williams. Í þessu landsmótstilboði er hægt að finna kerrur með allt að 80.000 króna afslætti.

IFOR Williams er heimsþekktur framleiðandi á kerrum og hefur hannað kerrur í öllum stærðum og gerðum í fimmtíu ár. Hestamenn á Íslandi hafa alla tíð viljað gæði og er það ekki að ástæðulausu að IFOR Williams hestakerrurnar eru vinsælar meðal hestamanna.

Allir þeir sem vilja kynna sér Landsmótstilboðið á hestakerrum nánar geta snúið sér til sölumanna í búvéladeild hjá Vélaveri. Heimasíða Vélavers er www.velaver.is. - mmr

Vinnuvélar þróast eins og bílar og komin er á markað vistvæn vinnuvél. MYND/KRAFTVÉLAR

Stórkostleg nýjung

Fyrsta vistvæna hybrid-beltagrafan fyrir almennan markað var nýlega kynnt í Japan.

Kunio Noji, stjórnarformaður og aðalforstjóri Komatsu Ltd. í Japan, kynnti nýju vistvænu beltagröfuna um miðjan maí síðastliðinn. Vélarnar fóru á markað í Japan í júní. „Komatsu hefur ekkert gefið út hvenær hún verður send út úr Japan. Þetta er einskorðað við landið eins og er," segir Axel Ólafsson, framkvæmdastjóri þjónustusviðs hjá Kraftvélum sem hafa umboð fyrir Komatsu á Íslandi. „Við vitum ekki enn hvenær hún kemur á markað í Evrópu."

Aðalkostur Komatsu Hybrid-beltagröfunnar er aukin sparneytni eldsneytis. Hybrid beltagrafan notar 25 prósentum minna eldsneyti að jafnaði en við aðrar beltagröfur í sambærilegum verkum. Sparneytnin getur þó verið talsvert meiri í sérhæfðum verkum. „Á tímum þegar dísilolían er að hækka og hækka er vélin hagstæð," segir Axel. „Það sem þetta gerir líka er að minnka mengunina frá tækinu því rafmótor hjálpar vélinni að vinna."

Komatsu Hybrid-beltagrafan er knúin af tvinnkerfi sem þróað er af Komatsu. Þetta sérþróaða tvinnkerfi breytir orku, sem myndast við bremsun á snúningi yfirvagns gröfunnar, í rafmagn.

„Þegar færður er þungur og mikill hlutur þarf töluvert afl. Þegar stoppað er þarf mikið afl á móti til að stöðva á réttum stað. Þetta er vanalega knúið af vökvakerfi," segir Axel þegar hann er inntur eftir því hvernig kerfið virkar. „Það sem hér er búið að gera er að vökvahlutinn hefur verið tekinn út og rafmótor settur í staðinn. Rafmótorinn hefur þann eiginleika að geta verið rafmótor og rafall. Rafall er sá sem framleiðir rafmagn og rafmótor sá sem notar rafmagn," upplýsir Axel.

Axel Ólafsson, framkvæmdastjóri þjónustusviðs hjá Kraftvélum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Mér finnst þetta vera algjör bylting," segir Axel. „Fólk heldur alltaf að þróun eigi sér bara stað í bílum en þarna sést þróun í vinnuvélum líka. Þetta er alveg stórkostleg nýjung." - mmf

Allur réttur áskilinn. Einungis til kynningar.

Leitaðu til sérfræðinga© sé of þröngt fyrir hefðbundin vinnutæki.

Kynntu þér einstaka kosti Komatsu PW98. PW98 er án útskagandi afturhluta. Tækið getur unnið með fullum afköstum í rými þar sem hefðbundin vinnutæki skapa hættu. Tækja-stjórinn getur einbeitt sér að verkinu því snúningur veldur ekki hættu á árekstri. Ný tveggja hluta bóma eykur útsýn. Rúmt og þægilegt stjórnhúsið er með nýjasta öryggis- og varnarbúnaði. Nákvæm og lipur stjórntæki gera kleift að vinna erfiðustu verk, ekki bara vandlega heldur jafnframt með miklum afköstum. Þetta einstaka vinnutæki getur ráðið úrslitum þurfi að vinna verk í þrengslum við erfiðar og hættulegar aðstæður svo sem við gatnaviðgerðir. Taktu þér tíma til að skoða PW98 hjá okkur; prófaðu tækið og þú munt sannfærast!

KOMATSU

KRAFTVÉLAR

Kraftvélar ehf. - Dalvegi 6-8 - 201 Kópavogi - Sími 535 3500 - Fax 535 3501 - www.kraftvelar.is

Verð kannski bara fín frú með naglalakk

Skagfirðingurinn Sesselja Tryggvadóttir hefur unnið á virkjunarsvæðinu fyrir austan í fimm ár, lengst af sem starfsmaður Arnarfells en nú hjá Ístaki.

„Ég byrjaði uppi í Kárahnjúkum 2003. Var að keyra trukk til að byrja með. Fór svo á vinnuvélanámskeið og síðan hef ég gripið í þau tæki sem þörf er á hverju sinni. Það er ekki hægt annað í jarðgangagerð.“

Hvað varstu að vinna áður?

„Ég var tólf ár samfellt í fiski en er búfræðingur að mennt og byrjaði búskap á Hofsvöllum í Lýtingsstaðahreppi. Sem betur fer hætti ég, því það er ekki bjart hjá sauðfjárbændum í dag.“

Ég geri ráð fyrir að þú hafir kunnað á dráttarvélarnar. Varstu líka á tækjum í frystihúsinu?

„Já, ég vann nánast öll störf þar. Það er ljósi punkturinn í þeirri vinnu að geta aðeins skipt um handtök.“

Það eru ekki margar stúlkur sem endast eins lengi og þú í svona fjallavinnuflokki.

„Nei, ég veit ekki um neina. En þær hafa nokkrar komið og farið. Einkum til að keyra bíla og búkollur.“

Er það léttast?

„Ég veit það nú ekki. Það er kannski bara eðlilegt framhald af því að flestir eru með bílpróf. Ég veit satt að segja ekki af hverju konur eru ekki meira í þessum störfum.“

Eru engin átök við þetta?

„Nei, ekki á vélarnar. En jarðgangagerðin getur verið bölvað puð.“

Þú hefur manninn með þér.

„Já, ég fann hann hér á fjöllum. Hann er frá Ólafsfirði og heitir Stefán Marinósson.

Er gott fyrir sambandið að vera saman allan sólarhringinn?

„Ja, það hentar okkur vel og við höfum þá frí saman líka.“

Áttu einhver börn?

„Ég á tvær stálpaðar stelpur frá fyrra hjónabandi. Sú yngri var hér á valtara í fyrrasumar. Hún er bæði komin með vinnuvélaréttindi og meirapróf.“

Svo áhuginn leggst í ættir?

„Ég segi að þetta sé sjálfsbjargarviðleitni. Stelpur eiga ekkert að vera að hanga inni í sjoppum fyrir skítalaun þegar annað betra er í boði.“

Færð þú sömu laun og karlarnir?

„Já, já, og er þokkalega sátt við þau. Við vinnum í tíu daga, 12 tíma á sólarhring frá sjö til sjö og skiptumst á að taka dagvaktir og næturvaktir. Svo fáum við frí í fimm daga. Þá förum við norður.“

Nú sér fyrir endann á þessu verki. Veistu hvað tekur þá við hjá þér?

„Nei, og hef engar áhyggjur af því. Ég verð kannski bara fín frú með naglalakk og fer að afgreiða í búð.“

- gun

Sesselja Tryggvadóttir grípur í þau tæki sem þarf á Kárahnjúkum. Hún segir jarðgangagerðina geta verið bölvað puð. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNÞÓRA

Fyrsti kælivagninn sem Vörumiðlun fær frá Ekeri. MYND/ÞORSTEINN F. GUÐMUNDSSON

Nýtt er alltaf betra

Vörumiðlun á Sauðárkróki var að fá tvo nýja vagna í tækjaflotann sinn.

„Annar er vagn frá Ekeri. Þetta er fyrsti kælivagninn okkar frá því fyrirtæki. Hann er tíu metra langur og 2,6 metrar á breiddina. Vagninn er með heilhliðaopnun og fullkomnustu kæli- og frystivél sem völ er á í dag,“ segir Baldur Ingi Baldursson, verkstjóri hjá Vörumiðlun, sem er framarlega í þessum tækjabúnaði á Íslandi. „Það er mögulega eitt annað fyrirtæki á Íslandi með svona vagn. Við getum flutt allt milli himins og jarðar í þessu og erum til dæmis mikið að flytja matvæli í vagninum.“ Vagninn frá Ekeri er með mjög góðan búnað og er afar vönduð smíði. „Þetta er bara hrein aukning hjá okkur, við áttum þrjá vagna af þessari stærð fyrir.“ Vagninn má vera 24 tonn í heildarþunga þó að hann sé skráður á þrjátíu tonn hjá verksmiðjunni. „Það nýtist okkur ekki hér því vagninn má aðeins flytja þrettán tonn samkvæmt íslenskum reglugerðum.“

Vörumiðlun var að fá 3 öxla beyslivagn frá Fliegl. MYND/ÞORSTEINN F. GUÐMUNDSSON

Hinn vagninn er þriggja öxla beislisvagn frá Fliegl. „Beislisgrindin er fyrir fjörutíu feta gáma eða tvo tuttugu feta. Burðargeta er 32.500 kíló þó að heildarvigtin sé 40.000 kíló. Þetta er þriðja gámagrindin sem Vörumiðlun fær frá Fliegl. Nýtt er vissulega alltaf betra.“

- mþþ

Júní tilboð! eða á meðan birgðir endast

DEWALT SUMARSPRENGJA!

Enn og aftur lækkum við verðin

94DC925KBV

Hleðsluborv.m/högg 18v 3*2,6Ah rafhl

49.900 kr.-

Verð áður 74.900 kr. -

94DC940KBV

Hleðsluborvél 12V 3*2,6Ah rafhl

36.900 kr.-

Verð áður 55.363 kr. -

94DC988KB1

Hleðsluhöggborvél 18V-1*2,6Ah

24.900 kr.-

Verð áður 29.900 kr. -

94DC740KA

Hleðsluborvél 12V 1,3Ah

9.900 kr.-

Verð áður 16.900 kr. -

94D51845

Naglabyssa 90mm 20° Vír/Hóba

39.900 kr.-

Verð áður 45.900 kr. -

94DC547K

Kíttibyssa 18V 1*2.6h

27.900 kr.-

Verð áður 39.900 kr. -

94DC600KA

Hleðsluskrúfjárn 3,6V, 6Nm

9.900 kr.-

Verð áður 16.900 kr. -

94DE9503

Rafhlaða 2,6Ah NIMH 18V

10.900 kr.-

Verð áður 15.900 kr. -

94D27901

Ryksuga vatn/ryk 45l

44.900 kr.-

Verð áður 52.900 kr. -

94D51823

Naglabyssa 90mm 34° Paslode

39.900 kr.-

Verð áður 49.900 kr. -

94DC540K

Kíttisbyssa 12V 1*2,6Ah

24.900 kr.-

Verð áður 38.950 kr. -

94DW304PK

Stungusög 1050w 0-2800 s.mín

19.900 kr.-

Verð áður 24.900 kr. -

94DW712

30cm electr geirungssög 1600w

68.900 kr.-

Verð áður 84.900 kr.-

94DW745

Borðsög 2000W 250*30mm

69.900 kr.-

Verð áður 99.900 kr. -

94DC351KL

Sleðasög 28V NANO 2*2,2Ah

119.900 kr.-

Verð áður 136.900 kr. -

94DWS520KR

Sleðasög 1300W, 165mm blað

67.900 kr.-

Verð áður 89.900 kr. -

94DT4591

Bita og borasett DeWalt 19 stk

9.900 kr.-

Verð áður 18.900 kr.-

94DT7921

Bita og borasett DeWalt 19 stk

2.800 kr.-

Verð áður 4.900 kr. -

94DT9292

Verkfærasett 100 hluta

8.900 kr.-

Verð áður 16.900 kr. -

94DT8300

DeWALT Verkfærataska

8.900 kr.-

Verð áður 12.900 kr. -

SINDRI

BYGGINGADEILD | VERSLANIR | VÉLADEILD | ÞJÓNUSTUDEILD

www.sindri.is sindri@sindri.is Bæjarhraun 12 Hafnarfirði Viðarhöfða 6 Reykjavík Sími: 575 0000

Fullkomin smurstöð á hjólum

Vélasvið Heklu tók nýjan smurþjónustubíl af fullkomnustu gerð í notkun fyrir skemmstu. Bíllinn er af gerðinni Scania P270 og útbúinn samkvæmt ströngustu stöðlum frá Caterpillar, í samstarfi við Skeljung.

„Þegar ákveðið var að fara út í gerð nýja smurþjónustubílsins settumst við niður, mestu reynsluboltarnir í smurþjónustunni, og skrifuðum niður á lista hvað þyrfti að vera til staðar svo bíllinn yrði eins góður og mögulegt væri. Þar ákváðum við að allar loft-, vatns- og olíulagnir yrðu í upprúlluðum slöngum með aðgengi í gengum lúgu utan frá, svo ekki þyrfti að fara inn í bílinn og valda þar kámi og óhreinindum meðan þau störf væru unnin," segir Sveinn Símonarson, þjónustustjóri Vélasviðs Heklu, um nýja smurþjónustubílinn sem hlotið hefur verðskuldaða aðdáun Caterpillar, stærsta vélaframleiðanda heims.

„Caterpillar sendi hingað menn til að taka út verkstæði okkar og þjónustubílana, og þeir urðu svo hrifnir af nýja smurþjónustubílnum að þeir tóku af honum myndir til að sýna öðrum og stærri umboðsaðilum í Evrópu hvernig ætti að gera góða hluti," segir Sveinn stoltur um nýjasta þjón Vélasviðs, sem samanstendur af tólf mismunandi þjónustubílum, en alls starfa fjörutíu vélvirkjar á Vélasviði Heklu.

„Þjónustubílarnir eru fullbúin verkstæði á hjólum, með verkfæri upp á hundruð þúsunda í hverjum bíl. Þeir fara þangað sem vinnuvélar bila, en einnig á vinnusvæði til að sinna skoðunum og eftirliti margra vinnuvéla í einu. Við leggjum mikinn metnað í að geta veitt viðskiptavinum þjónustu sem hann þarfnast á því vinnusvæði sem hann er. Það er gríðarlega dýrt fyrir bæði eigendur vinnuvéla og skattgreiðendur að burðast með fleiri tuga tonna þungar vinnuvélar í gegnum höfuðborgina til þess eins að stoppa við í klukkutíma viðgerð á verkstæðinu okkar. Þess vegna förum við með verkstæðið til þeirra," segir Sveinn.

Allur búnaður og uppsetning nýja smurþjónustubílsins miðast við að hægt sé að bjóða viðskiptavinum fullkomnustu smurþjónustu sem völ er á. Sem fyrr segir liggur slöngubúnaður á keflum til að auðvelda vinnu og viðhalda hreinleika, hvort heldur sem um er að ræða háþrýstiþvottatæki, olíur, loft eða vatn. Gömul olía er sogin upp í tank og gamlar síur settar í hólf utan á bílnum.

Í nýja smurþjónustubílnum er einnig tæki til að greina hreinleika olíunnar (e. particle counter). Með því er unnt að grípa inn í áður en skaði verður, ef eitthvað finnst að olíu sem ekki á að skipta um.

Á næstu vikum munu starfsmenn Vélasviðs Heklu kynna þá fjölbreyttu möguleika sem viðskiptavinum bjóðast með tilkomu nýja þjónustubílsins; smurþjónustu, þjónustuskoðanir og fleira. Þjónusta þessi stendur eigendum allra tegunda vinnuvéla til boða, hvort sem um er að ræða Caterpillar eða aðrar tegundir.

- þlg

Sveinn Símonarson, þjónustustjóri Vélasviðs Heklu, við einn af tólf þjónustubílum fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýi smurþjónustubíllinn er fullkomnasti smurbíll sem starfræktur er af umboðsaðilum Caterpillar í Evrópu.

Starfsmann Vélasviðs Heklu sjást hér draga út slöngu utan á smurþjónustubílnum, en hönnun og hugmynd á þessum búnaði er íslensk að uppruna.

Einn af sportlegri þjónustubílum Vélasviðsins, sem skýst á vinnusvæði til viðgerða.

Í nýja smurþjónustubílnum er lögð áhersla á gott vinnuumhverfi til viðgerða og olíuskipta, en ekki síður mikið hreinlæti við starfann

Hér sést rafstöðin sem knýr öll tæki og tól sem notuð eru á þessari fullkomnu smurstöð á hjólum.

Eitt mesta úrval landsins af ljósum og glitmerkjum fyrir vagna og farartæki

Bílasmiðurinn hf.
Bíldshöfða 16 s. 567 2330

Allar gerðir af kerrum

Allir hlutir til kerrusmíða

Dráttarbeisli á flestar gerðir bíla.

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

KRAFTVÉLALEIGAN

- ÚRVAL VINNUVÉLA TIL STÓRRA OG SMÁRRA VERKA

Kraftvélaleigan býður úrval vinnuvéla til leigu fyrir allt frá húsgrunnum til virkjana og jarðganga.

Leiga vinnuvéla:

- er oft mun hagstæðari en kaup, bæði í smærri verk og stærri
- hefur marga kosti umfram kaup, t.d. lægri fjármagnskostnað og minni viðhaldskostnað

Kraftvélaleigan býður úrval vinnuvéla til leigu:

- Smágröfur
- Smáskóflur
- Beltagröfur
- Hjóla- og traktorsgröfur
- Liðstýrðir trukkar
- Skotbómulyftarar
- Beltavagnar
- Valtarar og fl.

Mögulegt er að leigja tækin en kaupa þau síðar og gengur þá hluti leiguverðs upp í kaupin.

Vertu í sambandi við sölumann!

KRAFTVÉLALEIGAN

LEIGA/SALA • Lækjarmel 1 • sigurdur@kraftvelar.is • 535 3570 / 535 3571

www.kraftvelaleigan.is

Saxað á birgðir

McCormick-dráttarvélar eru meðal vinnuvéla á júnítilboði hjá Vélum og þjónustu. MYND/VÉLAR OG ÞJÓNUSTA

Hægt er að gera kostakaup á hverskyns vinnuvélum, tólum og tækjum í júní hjá Vélum og þjónustu á Járnhálsi 2. Verslunin veitir tuttugu til fjörutíu prósenta afslátt af mörgum af sínum vinsælustu vörum á meðan birgðir endast.

Í hópi jarðvinnutækja sem gera má góð kaup á í júnímánuði eru jarðtætarar, valtarar, framlyftur, sandskóflur, efnislagningarvélar, gröfuskóflur, vökvalyftur, sláttuvélar og beisli. Í hreinsitækjum eru á tilboði snjóblásarar og snjóplógur, og í heyvinnutækjum allt frá heyþyrlum og heytætlum til sláttuvéla, afrúllara, stórbaggagreipa, netasigtis og áburðardreifara.

Margs konar sturtuvagnar fást á gamla genginu með ofangreindum afslætti á júnídögum, en einnig haugsugur og dreifarar, lyftukrókar, dráttarvélar, mínígröfur, stauraborar, krabbar, grafskóflur, hjólaskóflur, keðjuherfi, skúffur, pökkunarvélar, rúllubindivélar og margt, margt fleira. *- þlg*

Sprautusöltun og lausfrysting

Ufsi er mestmegnis unninn í frystihúsi HB Granda á Akranesi, en hér má sjá ufsa í ískari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrirtækið HB Grandi stendur í stórræðum í sumar því Skaginn á Akranesi vinnur nú að smíðum og uppsetningu lausfrystibúnaðar í frystihúsi HB Granda þar í bæ.

Áætlað er að afköst í lausafrystingu aukist úr 800 kílóum á tímann í 2,5 tonn, sem verður þrefalt meira með nýja búnaðinum frá Skaganum.

HB Grandi hefur auk lausfrystibúnaðarins keypt nýja sprautusöltunarvél frá Fomaco. Verðmæti hennar er hátt í tuttugu milljónir króna, en samningur HB Granda og Skagans er að verðmæti 49 milljónir króna. *- þlg*

XF105-vörubíllinn frá DAF var kosinn vörubíll ársins 2007. MYND/WWW.DAF.COM

Bíll fyrir litla bílstjóra

Vörubílaframleiðandin DAF Trucks kynnti nýjan vörubíl af gerðinni XF-105 til sögunnar hinn 19. júní síðastliðinn en XF-105 var kosinn besti vörubíll ársins 2007 á heimsvísu.

Nýi bíllinn er af smærri gerðinni en hann er fótstiginn leikfangavörubíll fyrir krakka. Bíllinn er framleiddur úr plasti og er níutíu sentimetrar á lengd. Hann fæst í gulum lit eins og stóru vörubílarnir af þessari sömu gerð og vegur um ellefu kíló. Leikfangabíllinn er ætlaður yngstu vörubílstjórunum; börnum á aldrinum þriggja til sex ára.

Fótstigni bíllinn er ætlaður börnum á aldrinum 3 til 6 ára.

Vélaborg á Krókhálsi fer með umboð DAF-vörubíla og er hægt að panta fótstigna bílinn þar. Einnig eru fáanleg lítil módel af vörubílunum frá DAF sem hillustáss. *- rat*

AFLVÉLAR

Traust tæki
Vönduð þjónusta

SCHMIDT

Snjótennur frá Schmidt og Beilhack

Salt- og sanddreifarar fyrir dráttarvélar

Salt- og sanddreifarar af fullkomnustu gerð

Fjölplógar fyrir gröfur og hjólavélar

Vetur

Schmidt götusópar 6 - 7 rúmmetrar

Gangstéttarsópur Schmidt Swingo

Sumar

Burstar, kefli, hliðarburstar,
vír og strá í alla vélsópa.
Framleiðum bursta og sópa.

Framsópar vökvaknúnir

Ficote dælubílar

ATC malbikskassar

Veekmas vegheflar

AFLVÉLAR ehf, Vesturhraun 3, 210 Garðabæ. Sími 480-0000 Fax: 480-0001. www.aflvelar.is

Maður þarf að kunna til verka í bæjarvinnunni. Strákarnir keyra um á pallbíl með kerru undir sláttuvélina í eftirdragi.

Menn þurfa að vera orðnir minnst átján ára til að meðhöndla orfið. Nauðsynlegt er að nota hlífðarfatnað til verndar. Orfið er af gerðinni Tamaka TBC500. MYND/ARNÞÓR

Bæjarvinnan heimsótt

Íslensk ungmenni flykkjast í bæjarvinnu á sumrin þar sem alls kyns vélar koma við sögu.

Bæjarvinnan í Reykjavík tilheyrir hverfastöðvunum, sem sjá meðal annars um grasslátt og viðgerðir, vorhreinsun opinna svæða og viðhald göngustíga og gangstétta.

Krakkarnir í bæjarvinnunni starfa saman í hópum og taka að sér ólík verkefni, svo sem grasslátt, viðhald leikskóla og hreinsun veggjakrots.

Unnið er úti og keyrt á milli staða til að vinna verkefnin, en aldur og réttindi ráða hvaða tæki hóparnir nota.

- stp

Vélin hér á myndinni er notuð fyrir grasslátt. Hún býr yfir þeim kosti að pokinn aftan á er vélstýrður. Til að nota vélina þarf vinnuvélaréttindi. Til að öðlast þau þarf að taka bóklegt próf og ef það er staðist er verklegt próf tekið. Vélin, sem er disilvél, er af gerðinni GZD21 Glide Cut & Zero Turn.

Þetta er fjórða sumar Jón Ólafs Kjartanssonar sem situr hér á sláttuvélinni. Jón segir að vélin sé mjög góð, frekar kraftmikil og þægileg í notkun.

Sólrún Helga Guðmundsdóttir er flokksstjórinn hjá þessum hóp, sem telst stór eða alls níu manns í bíl. Hann keyrir með kerru í eftirdragi þar sem öll áhöld eru geymd, svo sem hrífur, sláttuvélar og orf.

Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?

DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:

ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA

et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...

TRUCK - LITE

Ljósasamlokurnar frá okkur eru:

ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST

Vinnulyftur
- vélar í verkið þitt

Vinnulyftur ehf. • Smiðsbúð 12 • 210 Garðabæ
Sími: 544 8444 • Fax: 544 8440 • www.vinnulyftur.is

Taktu hjólið með
- settu það á toppinn.

THULE ProRide 591
Einfaldar og stílhreinar hjólafestingar.
Auðveldar í notkun.

THULE OutRide 561
Fyrir þá sem eru vanir. Hjólið fest í framgaflinum.

Allar upplýsingar um THULE er að finna á
vef Stillingar www.stilling.is

Stilling
www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavik | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur
Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður | Draupnisgata 1, 600 Akureyri
Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

ExcaVision
Dýptarmælir fyrir skurðgröfur

- ✓7” LCD Snertiskjár
- ✓Þráðlaust: Einföld ísetning
- ✓Einfaldur í notkun, eykur afköst
- ✓Passar á belta- og hjólagröfur
- ✓Vinnur með eða án laser
- ✓Íslenskar valmyndir

ÍSMAR
Sími 510-5100

Ocala

Bjóðum dýptarmæla frá kr. 395.000,- án VSK - kr. 492.000,- með VSK.

NOTUÐ TÆKI

JCB 3CX Super
Árg 2006
Vökvahraðtengi, 2 skóflur ofl.

JCB 456 ZX Hjólaskófla
Árg. 2006 - v.st. 900
Mjög góð vél, 4,6 rúmmetra skófla m.skera, hraðtengi, tvær auka vöklalagnir, olíumiðstöð loftkæling, SRS fjöðrun og ný dekk

JCB 3CX
Árg 2006
hraðtengi 2xskóflur

New Holland E502SR Beltagrafa
Árg. 2006 – v.st. 1030
Þrjár skóflur, glussahraðtengi, tönn, hamarlögn

Hyundai 160 LCD7 Beltagrafa
Árg. 2006 - v.st. 1850
Ein skófla, hraðtengi, tönn, hamarlögn, 700 mm. belti

JCB 530-70 Skotbómulyftari
Árg. 2001 - v.st. 5500
Gafflar, hraðtengi, SRS fjöðrun, 4x4 drif

Manitou Skotbómulyftari
Árg. 1999 - v.st. 6900
Skófla, gafflar, 4x4 drif

Terex Glatiator 3007
Árg. 2006 – v.st.465
Skófla, gafflar, drif 4x4x4

Iveco EuroTrakker vörubifreið
Árg. 2004 – ekinn 140.000 km.
440 hestöfl, rafskiptur, hálftunnupallur, 4ja öxla 8x4

Upplýsingar
í síma 893 1722
og 588 2600

www.velaver.is

VÉLAVER HF

Valgerður Guðrún Hjartardóttir, steypubílstjóri hjá BM Vallá, segir starfið skemmtilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Skemmtilegast að steypa stórar plötur

Valgerður Guðrún Hjartardóttir keyrir steypubíl hjá BM Vallá og líkar starfið vel.

Valgerður tók vörubílaprófið árið 2002 og vinnuvélaréttindin ári síðar. Hún ekur steypubíl og leysir af á steypudælu hjá BM Vallá og líkar vel.

„Þetta er ekki verra en hvað annað. Ég fæ að vera úti sem ég er ánægð með en svo er þetta mestmegnis akstur hingað og þangað. Ég tek steypu í stöðinni og kem henni til viðskiptavina og losa í síló eða krana, eða í dælu og stundum í hjólbörur," segir Valgerður þegar hún er beðin að útskýra starf sitt.

„Það þarf að blanda steypuna eftir kúnstarinnar reglum eftir því í hvað hún er ætluð og stilla dælunni upp í samræmi við það verk sem á að vinna. Skemmtilegast er að steypa stórar plötur þegar verkið gengur hratt og vel en leiðinlegastar eru hjólbörurnar og fötturnar," segir Valgerður og hlær. Verkefnin eru af ýmsum toga og Valgerður rifjar upp eftirminnilegar ferðir á steypubílnum.

„Eitt sinn var verið að steypa sumarhús á Þingvöllum og steypubíllinn komst ekki að. Þá þurfti að losa steypuna í síló og svo kom þyrla og flaug með það í bústaðinn. Það var svolítið eftirminnilegt verkefni. Einu sinni keyrði ég líka steypu fyrir Spaugstofuna og losaði steypu í plötu þar sem tvö stígvél stóðu upp úr í miðjunni."

Það eru ekki margar konur sem keyra steypubíl og þegar Valgerður er spurð hvort hún fái einhverjar athugasemdir frá körlunum í vinnunni svarar hún að það komi stundum fyrir en hún hafi munninn fyrir neðan nefið.

„Stundum segja karlarnir að það sé ekki það versta að kona geti unnið sömu störf, en að hún geri það betur en þeir, það sé verra. Einhvern tímann þurfti ég að vinna á stærstu dælu landsins, sem var um 45 metra löng. Ég laug að stráknum að þetta væri fyrsti dagurinn minn og manngreyið fölnaði allur upp og hljóp áhyggjufullur fram og aftur. En eftir að við höfðum steypt í tuttugu mínútur þá spurði hann hvort þetta væri örugglega fyrsti dagurinn minn. Þá hafði ég auðvitað unnið mörg ár á dælunni en það var fyndið að sjá hvað hann varð stressaður kallinn yfir því að sjá ljóshærða konu á svona stóru tæki." - rat

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004
MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.
HANN ER GRIMMUR!
MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER
SKOTBÓMULYFTARI
Fjórhjóladrifinn
Fjórhjólastýrður
Lyftigeta: 3.400 KG
Lyftihæð: 6.050 MM
Gafflar: 1.200 MM
Vél: Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
LOAD SENSING!! Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.
- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager
MANITOU
PON
PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is

Vélafang var valið fyrirtæki ársins í könnun VR. Hér gefur að líta Fendt 936 Variodráttarvél, sem er sú stærsta í Evrópu, en Vélfang flytur hana inn. MYND/VÉLFANG EHF.

Fyrirtæki ársins 2008

Stéttarfélagið VR gerir árlega vinnumarkaðskönnun þar sem kosin eru fyrirmyndarfyrirtæki ársins og hefur SFR, stéttarfélag í almannaþjónustu, valið stofnun ársins síðustu þrjú skipti.

Vélfang var valið fyrirtæki ársins 2008 í hópi smærri fyrirtækja. Er það annað árið í röð sem fyrirtækið lendir í fyrsta sæti í könnuninni. Fyrirtækið var stofnað árið 2004 af þeim Eyjólfi Pétri Pálmasyni, Skarphéðni K. Erlingssyni, Stefáni G. Ármannssyni og Þórði Jónssyni. Síðar gekk Kristján Ragnarsson til liðs við hlutahafahópinn og er nú einn af eigendunum. Vélfang fékk 100 stig, fullt hús stiga, fyrir þáttinn launakjör og 99 stig fyrir þrjá aðra þætti; starfsanda, vinnuskilyrði og trúverðugleika stjórnenda.

Fjarhitun verkfræðistofa hlaut fyrstu verðlaun í hópi fyrirtækja með yfir fimmtíu starfmenn. Ríkisskattstjóri og Skattrannsóknarstjóri voru valdar stofnanir ársins. - hs

O&K Þjónusta

Þjónustuaðili:

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf. Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 6670 • FAX 555 6671 • velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.

Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.

Gúmmíbelti undir allar vélar

LINSER INDUSTRIESERVISE

impex EHF

Viðurkend vara - gott verð

Sími 534 5300 · impex@impex.is · www.impex.is

Flytjum allar gerðir vinnuvéla

Fljót og góð þjónusta

KRÓKUR BÍLASTÖÐ

Suðurhraun 3 • 210 Garðarbær • Sími 522-4600

MHG VERSLUN

Husqvarna Construction Products

STEINSAGIR, kJARNABORVÉLAR, GOLF OG VEGSAGIR

Husqvarna Great experience

K750

K2500

K3600

HP 40
bensín glussadæla

DM 230

FS 400



Steinsagarblöð og kjarnaborar

Akralind 4 • 201 Kópavogur • Sími 544 4656 • Fax 544 4657 • www.mhg.is

Beltagrafa er vinsæl til útleigu þegar ráðast þarf í meiri mokstur og jarðrask en maður með staka skóflu ræður við. Fæst hjá áhaldaleigu Byko.

Háþrýstidælur má fá leigðar á áhaldaleigu Byko, en þær gagnast vel við undirbúning undir málningarvinnu og til að sprauta burtu arfanum sem vex á milli garðhellnanna.

Bómulyftur eru til mikils gagns þegar vinna þarf í einhverri hæð, hvort sem það tengist húsinu heima eða garðinum. Fæst lánuð hjá áhaldaleigu Byko.

Sláttuvélar tóku fyrir löngu við af orfi og ljá þótt handsláttuvélar dugi enn á litla bletti. Þessi frá Murray er kröftug, framdrifin bensínvél sem tekur nýslegið grasið beint upp í 85 lítra belginn. Kostar 54.995 krónur í Húsasmiðjunni.

Þetta er nýjasta hjálparhellan í garðverkunum og er í raun tvö verkfæri í einu; orf og hekkklippur. Notar tvær 18V rafhlöður og hleður sig á klukkutíma. Worx WG900E fæst í Húsasmiðjunni og kostar 15.999 krónur.

Sum tæki notar maður sjaldan og stundum bara einu sinni í garðvinnunni, en þá er hægt að fá leigt fjölbreytt úrval verkfæra hjá áhaldaleigum. Girðingavinnan verður til dæmis leikur einn með staurabornum frá Byko.

Hjálparhellur til heimabrúks

Að eiga hús og garð krefst fjölmargra dagsverka. Flestir hafa ánægju af þeim starfa og una sér daglangt undir íslenskri sumarsól með hrífu, skóflu og pensil á lofti, en stundum þarf að gerast stórtækari og ganga óhikað í verk sem krefjast vélknúinna vinnuvéla og vandasamrar vinnu utanhúss. Flestir vilja eiga sín eigin tól og tæki sem reglulega þarf að nota í garðinum, eins og sláttuvél, sláttuorf og hekkklippur, en þegar þarf að smúla illgresinu sem vex upp í stéttinni, ná flagnaðri málningu af veggjum, girða, grafa skurði eða mála í mikilli hæð er gott að geta brugðið sér á áhaldaleigur byggingavöruverslana og leigja stærri vinnuvélar til verksins. - þlg

Verktakar • Sumarhúsaeigendur • Bændur

SKF

... ekki bara legur !!

DRIFKEÐJUR

VERKFÆRI

REIMAR

ÁSTENGI

TANNHJÓL

REIMSKÍFUR

KLEMM-
FÓÐRINGAR



LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
www.landvelar.is S. 580 5800

STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR

GLERBORG PGV
GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR

GLER **SPEGLAR** GLUGGAR **HURÐIR** SÓLSTOFUR **SVALALOKANIR**
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ AÐ KOSTNAÐARLAUSU

Glerborg PGV er öflugt og framsækið fyrirtæki byggt á gömlum og traustum grunni.
Fyrirtækið hefur algjöra sérstöðu á íslenskum byggingamarkaði vegna fjölbreyttrar framleiðslu þess.
Glerborg PGV framleiðir og selur einangrunargler, öryggisgler, spegla, sólstofur, svalalokanir glugga og hurðir úr PVC-u, ál-tré og tré.

Glerborg PGV ehf. Dalshraun 5, Hafnarfjörður, Sími: 565 0000 ı Ægisbraut 30, Akranes, Sími: 456 2000 ı Val ehf. Höfða 5c, Húsavík Sími: 464 2440 ı www.glerborg.is

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790þús, Dodge Durango frá 2790þús, Jeep Grand Cherokee frá 2590þús, Toyota Highlander frá 3100þús, Landrover LR3 Discovery frá 5690þús, Benz ML350 frá 5350þús, Audi Q7 frá 5750þús, VW Touareg frá 4750þús. Sími 5522000. www.islandus.com

VW Polo 1400 árg 2000 ekinn 88Þ 5 dyra 5 gíra góður bíll verð 399.S;898-2811

Glæsilegur MMC Pajero 2,8 TDI árg. '99 ekinn 155 þús. Þakbogar, farangursbox og nagladekk á felgum geta fylgt. Áhv. 1.350 þús. Uppl. í s. 862 8629.

allt
bílar
Alla laugardaga

Freelander2 S skráður 07.2007. Svartur,ljóst leður og dráttarkrókur. Ek. 13þ.km.Verð 5.2m.Skoða slétt skipti eða á ódýrari LandCruiser eða Pajero. Uppl. í síma 856 8421.

Jeep Wrangler Sport árg. '05 4.0l ssk., ek. 32 þ.km. Verð 2490 þ. Uppl. í s. 696 3867.

Pallbílar

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008. Ford CREW F150 frá 2450þús, Ford F350 DIESEL frá 3390þús, Dodge RAM 1500 frá 2300þús, Dodge RAM DIESEL frá 3290þús, Toyota Tacoma frá 2990þús, Toyota Tundra frá 3090þús. Sími 5522000. www.islandus.com

Sendibílar

Vörukassi til sölu undir sendibíla. Stærð L. 770 B. 246 H. 240 Staðs. í Rvk. Í góðu ástandi. Upplýs. 894 5476 Hákon.

Húsbílar

Til sölu Ford Transit / Sunlight, 2007 Frábær ferðabíll með svefnaðstöðu fyrir 2 fullorðna og 2 börn. 130 hp. vél og mikill aukabúnaður. Ekinn 7800 km. Verð 5,8 milljónir. Upplýs. í síma 840 0041

Mótorhjól

Eigum til vélhjólafatnað í öllum stærðum á karla og konur á frábæru verði.
Goretex, leður, hanska og stígvél. Vandaður, vatnsheldur og hlýr. Langbesta verðið á landinu.
Opið á kvöldin og helgar. Ský Trading Reykjanesbæ. S. 892 1116 & 892 5005.

Til sölu glæsilegt Yamaha Midnight Star 1900 cc 06 kemur á götuna 07/ 1750 þús. gott lán getur fylgt. Auka Yamaha vindhlíf fylgir með. uppl. 661-2005 Óli

Suzuki 125,2005, lítið keyrt u.þ.b. 30 tíma, vel með farið, 400þús, S.7703541

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, fósturföður, tengdaföður, afa og bróður,

Ágústs H. Sigurðssonar (Gútta)

verkstjóra, frá Bræðraborg, Fáskrúðsfirði, til heimilis að Krummahólum 8.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítala á deildum 11E og 11B.

Sigrún Júlíusdóttir
Sigurður Ágústsson — **Anna Björk Njáldsóttir**
Guðni Ágústsson — **Nizel C. Ágústsson**
Dagný Ágústsdóttir — **Sævar Davíðsson**
Þóra Karólína Ágústsdóttir
Ágúst Emanúel Rafnsson — **Áslaug Halla Elvarsdóttir**
barnabörn og systkini hins látna.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur L. Þ. Guðmundsson

húsgagnasmíðameistari, Miðleiti 7, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítala þriðjudaginn 24. júní.

Guðrún Þórðardóttir
Gunnar Helgi Guðmundsson — **Ragnheiður Narfadóttir**
Björn Guðmundsson — **Margrét Héðinsdóttir**
Guðmundur Þórður Guðmundsson — **Fjóla Ósland Hermannsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Föstudagur
fylgir fréttablaðinu á morgun

Föstudagur flytur sjóheit tíðindi af uppátækjum þekkra sem minna þekktra innanlands sem utan.

Dúsa og Arnar í Skaparanum
Hugfangin af kjólum og stólum.
Hönnunin hitti í mark í New York.

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft – alla daga

STUÐ MILLI STRÍÐA EM-ævintýrið heldur áfram

MIKAEL MARINÓ RIVERA SEGIR AÐ NÚ FARI SPÁNVERJAR ALLA LEIÐ

Geðheilsu föður míns er borgið, að minnsta kosti um sinn um sinn. Ævintýrið heldur áfram í kvöld þegar Spánverjar mæta Rússum í annað sinn í þessum mánuði. Ítölsku pastadrengirnir voru sendir heim með pastað á milli lappana.

Ég varð næstum því vitni að tauga- og hjartaáfalli á sömu mínútunni þegar tvær síðustu spyrnurnar voru teknar í leik Spánverja og Ítalía á sunnudaginn var. Móðir mín skoðaði í síðustu viku verð á hjartastuðtækjum því hún vissi að spennan á heimilinu yrði í meira lagi þetta sunnudagskvöld. Ekki batnaði ástandið því eldri bróðir minn var á staðnum en hann er blóðheitur aðdáandi spænska landsliðsins líkt og pabbi. Sigurdans pabba var svo glæsilegur í leikslok að hann myndi auðveldlega sigra hvaða danskeppni þar sem keppt væri í dansi með frjálsri aðferð.

Nú er aðeins einn leikur í úrslitaleikinn og næsta hindrun Spánverja eru Rússar sem lögðu frεðna Hollendinga nokkuð auðveldlega. Pabbi er auðvitað sigurviss enda 88 ára bið eftir sigri á Ítölum staðreynd og eftir slíkt getur ekkert lið sigrað Spánverja. Ég sendi öllum íbúum aðvörun sem búa í fimm kílómetra radíus frá heimili foreldra minna. Ég geri það svo ekki verði hringt í lögregluna að óþörfu. Ég hvet einnig alla að Íslendinga að styðja Spánverja.

Enda tími til kominn að þakkað verði fyrir allar stundirnar sem Íslendingar hafa notið á Spáni og það á sundlaugarbakkanum á sandölunum í ermalausum bol. Það eina sem Rússland hefur gert fyrir Ísland og Íslendinga er að gera Björgólfsfeðgana að milljarðamæringum, annað er það ekki. Rússneski björninn mun falla í kvöld enda ellefu nautabanar sem munu sjá um þá slátrun. Nú eru 44 ár frá fyrsta og eina sigri Spánar. En á sunnudaginn kemur getur pabbi loksins byrjað að telja aftur frá núlli þar til þeir sigra næst.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

slingbox™

SJÁÐU SJÓNVARPSEFNIÐ ÞITT
HVAR OG HVENÆR SEM ÞÉR SÝNIST

Á HEIMILINU
Horfðu á uppáhalds þættina hvar sem er á heimilinu.

Í VINNUNNI
Horfðu á nýjustu fréttirnar glóðvolgar á meðan þú situr langa fundi.



Á FERÐALÖGUM
Horfðu á dagskrá að heiman meðan þú ert í sumarhúsinu eða ferðast um heiminn.



Slingbox HEIMsendir um allan heim!

Slingbox | SOLO

Slingbox SOLO gerir þér kleift að fjarstýra sjónvarpsaðgangi þínum með fartölvu eða farsíma óháð staðsetningu þinni í heiminum hverju sinni. Þannig getur þú séð stafrænu upptökurnar, sjónvarpsútsendingar af myndlyklum, gervihnattaútsendingar eða myndir af DVD spilaranum hvar sem er. Með Slingbox SOLO getur þú séð uppáhalds efnið þitt hvar sem þér sýnist.

Slingbox | PRO

Slingbox PRO gerir þér kleift að móttaka, sjá og stjórna allt að fjórum hljóð- og myndsendingum samtímis á fartölvunni eða farsímanum. Þetta þýðir að þú getur tekið með þér allt uppáhalds efnið, jafnt stafrænu upptökurnar, sjónvarpsútsendingar af myndlyklinum, gervihnattaútsendingarnar og myndirnar af DVD spilaranum. Nú þarftu aldrei að verða fjarri uppáhalds afþreyingunni framar.

Slingbox hefur fengið frábærar viðtökur um allan heim

Slingbox Virkar með mörgum stýrikerfum



Heildsöludreifing **IOD** ehf

Þú færð Slingbox í eftirtöldum verslunum ...

@tt.is

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Heimilistæki
www.ht.is

MAX RAFTÆKI

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

start

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ

Kl. 20
Bílvél listamannsins Rogers Hiorns verður dregin upp úr koparsúlfatbaði sem hún hefur legið í undanfarna viku í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu í kvöld kl. 20. Fresta hefur þurft gjörningnum tvívegis þar sem erfitt hefur reynst að ná koparsúlfatinu í rétt hitastig, en fróðlegt verður að sjá afrakstur umstangsins í kvöld.

menning

menning@frettabladid.is

Sumarsýning Skaftfells

Sumarsýning Skaftfells, miðstöðvar myndlistar á Austurlandi sem staðsett er á Seyðisfirði, verður opnuð á laugardag kl. 16. Sýningin nefnist Hlíðar og má á henni sjá ljósmyndaverk eftir Kristleif Björnsson.

Kristleifur hefur, þrátt fyrir ungan aldur, komið víða við á ferli sínum sem myndlistarmaður og ljósmyndari. Um þessar mundir hanga til að mynda tvö stór verk eftir hann í Tate Modern-safninu í Lundúnum á sýningunni Street & Studio, en á henni er fjallað um sögu portrett-ljósmyndunar.

Á sýningunni Hlíðar má sjá ljósmyndir Kristleifs af ýmsum hlíðum og landslagi á Norð-Austurlandi. Sýningunni lýkur 3. ágúst.

SKAFTFELL Býður gestum sínum upp á tvær opnanir á laugardag.

Önnur sýningin í sýningaröðinni Sjónheyrn verður jafnframt opnuð á laugardag, kl. 17 á Vesturvegg Skaftfells sem er í bístrói hússins. Að þessu sinni eru það hljóðlistamaðurinn Nicholas Brittain og myndlistarmaðurinn Áslaug Íris Katrín Friðjónsdóttir sem leiða saman hesta sína.

Brittain býður upp á nýtt hljóðverk sem nefnist Polar Bear Cycle. Áslaug Íris vinnur innsetningu á Vesturvegginn samansetta af málverkum á pappa og litaflötum sem tengjast bæði út í rýmið og inn á vegginn. Sýning Nicholas Brittain og Áslaugar stendur til 15. júlí.

> Ekki missa af …

Sýningu Andreu Maack, Smart, sem nú stendur yfir í Gallerí Ágúst, Baldursgötu 12, en henni lýkur nú á laugardag. Á sýningunni má sjá og lykta af ilmvatni sem Andrea lét framleiða í afar takmörkuðu upplagi. Sýningargestum stendur einnig til boða að hafa prufu af ilmvatninu með sér heim og njóta þannig sýningarinnar áfram.

Suðræn sveifla á Glaumbar

Skemmtistaðurinn Glaumbar við Tryggvagötu hefur það sem af er sumri boðið upp á tónleika á fimmtudagskvöldum undir yfirskriftinni Bítbox. Í kvöld spilar þar Latínkvartett Tómasar R. ásamt básúnuleikaranum Samúel J. Samúelssyni. Kvartettinn skipa auk bassaleikarans Tómasar gítarleikarinn Ómar Guðjónsson, saxófónleikarinn Óskar Guðjónsson og trommu- og slagverksleikarinn Matthías MD Hemstock. Latínsveit Tómasar hefur leikið heima og erlendis á undanförnum árum, þar á meðal bæði í Moskvu og Havana, og í byrjun september fer sveitin í tónleikaför til Rúmeníu þar sem hún mun spila á Djasshátíðinni í Brasov auk þess að koma fram í öðrum stærstu borgum landsins.

TÓMAS R. EINARSSON Kemur fram á Bítboxi Glaumbars í kvöld með Latínsveit sinni.

Tónleikarnir hefjast kl. 22 og aðgangur er ókeypis. -vþ

ERLENDIR GESTIR Syðrifjalla balalækuhljómsveitin frá Stokkhólmi er meðal gesta á Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði.

Hátíð fjallatónlistar og dansa

Hin árlega Þjóðlagahátíð á Siglufirði verður haldin í níunda skipti dagana 2.-6. júlí og verður þar mikið um dýrðir að vanda. Þá streyma þangað tónlistarmenn víðs vegar að úr veröldinni til þess að skemmta sér og öðrum með jarðbundnum tónum.

Auk íslenskra tónlistarmanna taka þátt í hátíðinni gestir frá Egyptalandi, Ástralíu, Bandaríkjunum, Svíþjóð, Noregi og Austurríki. Haldnir verða tólf tónleikar og ellefu námskeið fyrir bæði börn og fullorðna og því ljóst að flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Gunnsteinn Ólafsson, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, segir dagskrána í ár vera metnaðarfulla. „Ár hvert hefur hátíðin hverfst í kringum tiltekið stef. Eitt árið var það vikivaki og annað árið voru það Eddukvæðin en í ár er stefið fjallatónlist og dansar. Tónlistarfólkið og námskeiðin tengjast þannig öll því stefi á einhvern hátt.“

Á meðal þeirra tónlistarmanna sem fram koma á hátíðinni eru söngkonan ástsæla Ragnheiður Gröndal, trommuundrið Hanan El-Shemouty frá Egyptalandi, norska fiðlunornin Susanne Lundeng, hljómsveit Benna Hemm Hemm og Dúó Stemma.

„Að öðrum þátttakendum hátíðarinnar ólöstuðum verður sannkölluð upplifun að sjá og heyra þær Hanan El-Shemouty og Susan Lundeng, enda eru þær báðar miklir meistarar á sínu sviði,“ segir Gunnsteinn. „Hanan er einstök innan arabískrar tónlistar og er þannig ekki aðeins stórkostlegur hljóðfæraleikari heldur einnig mikill fræðimaður. Það verður því frábært að heyra hana leika tónlist og spjalla við áhorfendur. Lundeng er að sama skapi afar fróð um norska þjóðlagatónlist og er að auki algjörlega mögnuð á sviði.“

Námskeiðahald hátíðarinnar verður fjölbreytt og spennandi í ár. Til að mynda verður boðið upp á námskeið í þjóðdönsum frá Appalachia-fjöllum Bandaríkjanna, jóðli, raddspuna, rímnakveðskap, íslenskri glímu og arabískum trommuslætti. Þá verður börnum og unglingum þátttakenda á hátíðinni boðið upp á ókeypis tónlistar- og leiklistarnámskeið auk námskeiðs í stompi.

Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar, miðapantanir og skráningu á námskeið má nálgast á vefsíðunni www.siglo.is/festival. Þess má geta að hátíðinni verður útvarpað á netinu, en það verður í fyrsta skipti sem slíkt verður reynt hér á landi.

vigdis@frettabladid.is



Rollins hylltur

Menningarveisla Sólheima heldur áfram á laugardag með tónleikum djasshljómsveitarinnar Kvartett Q í Sólheimakirkju. Kvartett Q skipa saxófónleikarinn Eyjólfur Þorleifsson, píanóleikarinn Sunna Gunnlaugsdóttir, trommuleikarinn Scott McLemore og kontrabassaleikarinn Ólafur Stolzenwald. Á efnisskránni er tónlist eftir hinn rómaða meistara tenórsaxófónsins, Sonny Rollins, auk valinna „standarda“ af efnisskrá hans í gegnum tíðina. Tónleikarnir hefjast klukkan 14, aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir. - vþ

útsala

íþróttaskór sundföt sportfatnaður barnafatnaður útivistarfatnaður

30 til 70 prósent

afsláttur

ÍSLENSKA / SIA.IS 42877 06/08

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

> SMART SPÆJARI SNÝR AFTUR

Sjónvarpsserían **Get Smart** gekk frá árinu 1965 til 1970. Þættirnir voru sýndir á Íslandi undir heitinu Smart spæjari og nutu hylli í sauðalitunum. Reynt var að endurvekja seríuna í sjónvarpi árið 1995 en það var skammlíf endurkoma. Í síðustu viku kom kvikmyndin Get Smart með **Steve Carell** í hlutverki Smarts og virðist hún ætla að slá í gegn, var best sótta myndin í Bandaríkjunum í síðustu viku. Myndin er væntanleg til Íslands um miðjan ágúst.

bíó

bio@frettabladid.is

Í apabúningum í Heiðmörk

Annað tölublað DVD-sjóntímaritsins Rafskinnu er væntanlegt. Í tímaritinu verður að finna aldarfjórðungsgamla stuttmynd eftir listahópinn Oxsmá í leikstjórn Óskars Jónassonar, Oxsmá pláneta. Myndinni fylgir möguleikinn á sérstakri leiðsögn (e. commentary) þeirra Óskars og Hrafnkels Sigurðssonar, myndlistamanns og aðalleikara myndarinnar. „Við höfðum nýlega séð Leitina að eldinum og vorum að tala um hvað það væri auðvelt að gera svona mynd," segir Óskar á disknum um tilurð þessarar framtíðarmyndar um frumstæðu plánetuna Oxsmá. „Við þyrftum bara að fara með nokkra apabúninga upp í Heiðmörk og málið væri dautt."

Margt fleira spennandi er í nýju Rafskinnu. Þrívíddargleraugu, sem gera áhorfendum kleift að sjá nýtt myndband Bjarkar við lagið „Wanderlust", fylgja með og meðal listamanna sem eiga verk í ritinu eru Arcade Fire, Hjaltalín, múm, The Rapture, Hreinn Friðfinnsson, Huldar Breiðfjörð, Músíkvatur, Botton og Takashi Homma.

GLEYMDUR GULLMOLI GRAFINN UPP Oxsmá pláneta, stuttmynd Oxsmáhópsins, er að finna í væntanlegu tölublaði Rafskinnu. Þetta var fyrsta kvikmyndin sem Óskar Jónasson leikstýrði.

Mulder og Scully mæta aftur til leiks

Fátt setti jafn sterkan svip á menningu tíunda áratugarins og sjónvarpsþættirnir X-files með þeim Mulder og Scully og yfirnáttúrulegum ævintýrum þeirra. Þættirnir náðu níu árgöngum í sýningu og voru sýndir frá 1993 til 2002. Kvikmyndin The X-Files: Fight the Future var sýnd árið 1998 og nú, að því er virðist upp úr þurru, er von á myndinni The X-Files: I Want to Believe. Myndin verður frumsýnd í júlí í Bandaríkjunum.

Myndin var fyrst boðuð árið 2001 en velktist í stúdíókerfinu árum saman. Allt gamla gengið er á sínum stað; David Duchovny og Gillian Anderson leika auðvitað Mulder og Scully, Chris Carter, höfundur X-files, leikstýrir myndinni og Mark Snow, höfundur X-files-lagsins, semur tónlistina.

Mikil leynd er yfir söguþræði myndarinnar. Hún mun gerast sex árum eftir að atburðir sjóvarpsþáttanna áttu sér stað og sagan er sjálfstæð og tengist ekki flókinni fortíð þáttanna. Myndir af aðalleikurunum í innilegum faðmlögum á tökustað birtust á netinu og kveiktu kjaftasögur um að Mulder og Scully hefðu loksins náð saman. Síðar viðkenndu þau að þetta hefði verið sviðsett grín.

EN NENNIR EINHVER Á ÞAU? X-files fólkið snýr aftur á hvíta tjaldið.

LÚÐINN ORÐINN HETJA James McAvoy dritar niður vondu karlana í Wanted.

Hetjuhasar og fangelsisgrín

Það er sumar og sól og bíóin því kannski ekki að spila út stærstu trompunum sínum. Aðeins tvær myndir eru frumsýndar í þessari viku, hasarmyndin Wanted með Angelinu Jolie og grínmyndin Big Stan með Rob Schneider.

Wanted hefur fengið fína dóma og þykir vel heppnuð spennumynd. Hún er lauslega byggð á samnefndri teiknimyndaseríu eftir Mark Millar. Hann er skoskur en hefur starfað fyrir Marvel, meðal annars samið og teiknað Spider-man og Fantastic Four. Leikstjórinn Timur Bekmambetov er samlandi Borats, er frá Kasakstan og hefur gert auglýsingar og nokkrar myndir í Rússlandi sem slegið hafa í gegn. Wanted er fyrsta myndin sem hann gerir í Hollywood.

Rekald verður hetja

Wanted segir frá hinum 25 ára Wesley Gibson, sem í byrjun myndarinnar er stefnulaust rekald á skrifstofu. Hann er niðurlægður af kærustunni og yfirmanninum og framtíðin virðist allt annað en björt. Wesley er leikinn af Skotanum James McAvoy, sem lék meðal annars eftirminnilega á móti Forest Whitaker í The Last King of Scotland.

Líf hins stefnulausa rekalds tekur stakkaskiptum þegar hann hittir hina funheitu Fox, sem leikin er af Angelinu Jolie. Á svipuðum tíma er pabbi Wesleys myrtur, en hann var leigumorðingi. Fox tekur Wesley inn í Bræðralagið, leynisamtök mikil, og þjálfar hann til að hefna föður síns og leysa úr læðingi ógurlega krafta sem búa innra með honum. Taka nú við ýmsir hörkuspennandi atburðir og inn í plottið blandast Morgan Freeman, sem leikur Sloan, höfuð Bræðalagsins, og Terence Stamp, sem leikur aðal vonda karlinn. Í Wesley takast á hetjudáð og hefndarhugur en í lokin kemst hann að einu: Hann einn stýrir örlögum sínum.

Wanted hefur fengið góða dóma, til dæmis 83 hjá netmiðlinum Rotten Tomatoes, 78 hjá Metacritic og 77 á Imdb. Myndin er frumsýnd í Sambíóunum í dag, en verður frumsýnd í Bandaríkjunum á morgun.

Fangelsisgrín

Grínmyndir Robs Schneider verða seint taldar til þroskuðustu verka kvikmyndasögunnar, en fullt af fólki hefur þó gaman af myndum eins og The Animal, Deuce Bigolow og The Hot Chick. Big Stan er nýjasta myndin og verður frumsýnd í Smára-, Háskóla- og Borgarbíói á Akureyri, á morgun. Í útvarpsviðtali nýlega sagði Rob að Big Stan væri „grínmynd gegn nauðgunum í fangelsum".

KÆRASTAN HEIMSÆKIR FANGANN Rob Scneider í Big Stan með kærustunni, sem leikin af er af Jennifer Morrison úr House-sjónvarpsþáttunum.

Rob leikur Stan Minton, smákrimma í fasteignabransanum, sem fer á taugum þegar hann er dæmdur til fangelsisvistar. Hann hræðist svo að vera nauðgað innan múranna að hann ræður dularfullan gúrú (David Carradine) og fær hann til að kenna sér bardagalistir. Þegar Stan fer í fangelsi er hann útlærður bardagamaður og notar nýfundna hæfileikana til að kúga hina fangana. Hann verður að lokum foringi fanganna og kemur á friði og ró. Spilltum yfirfangaverði líst þó alls ekki á þetta ástand og gerir allt sem hann getur til að koma Stan í klípu.

Big Stan er fyrsta myndin sem Rob leikstýrir sjálfur. Myndin verður frumsýnd í Bandaríkjum í haust og hefur því ekki fengið dóma ennþá.

gunnarh@frettabladid.is

Nú er rétti tíminn
til að hjóla

Frábær tilboð á Tiger og Puma hjólum

Prostyle Tiger

~~34.999kr~~
Þú borgar
24.999kr
Þú sparar 10.000kr

Prostyle Puma

vinsæln JDBUG hlaupahjólin loksins komin aftur



Gæða hlaupahjól
á 5" dekkjum
5.999kr

Gæða hlaupahjól
m/dempara
7.999kr

OPIÐ til 20 alla daga

Gildir til 29.júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> Melónur …

… eru bragðgóðar og svalandi í sumarsól. Prófaðu líka að skera þær í bita og bæta út í salat, til að gefa því ferskan og skemmtilegan blæ.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN LÁRA RÚNARSDÓTTIR TÓNLISTARKONA

Hnetusmjör og sulta klikkar ekki

Hvaða matar gætirðu síst verið án?
Indversks matar, þá sérstaklega tandoori-krydds og naan-brauðs.

Besta máltíð sem þú hefur fengið?
Grilluð nautasteik a la Arnar, maðurinn minn, með bökuðum kartöflum og góðu salati.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?
Lifur, annars er ég ekkert rosalega matvönd.

Leyndarmál úr eldhússkápnum:
Hnetusmjör og sulta saman ofan á brauð eða annað sem maður á til.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?
Ávexti og þá helst epli.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?
Hrísgrjónamjólk, sama hvort hún sé orðin ónýt eða ekki, smjör og ost.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?
Vatn, gúrku, osta og eina rauðvínsflösku.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?
Ég er ekki ennþá farin að smakka mikið af framandi mat, en ég myndi segja hvalur.

Hunang á ostinn

Hunang er til margs annars nýtilegt en að dreypa því ofan í tebolla. Það er tilvalið sætuefni og töluvert hollara en hvíti sykurinn sem enn virðist tróna á toppnum í eldhússkápum landsins. Manuka-hunang frá Nýja-Sjálandi er til dæmis eitt af þeim efnum sem notuð eru til að búa um sár í breska heilbrigðiskerfinu. Það segir sig því nánast sjálft að allir hafa gott af meira hunangi.

Hunang getur að mörgu leyti komið í stað sykurs og sé það notað í bakstur þorna kökurnar og brauðin síður upp. Þá ber þó að varast að nota dálítið minna magn af hunangi en sykri, þar sem það er enn sætara. Hunang er líka afar hentugt í salatdressingar og maríneringar fyrir kjöt eins og kjúkling, svínakjöt eða önd. Maríneringar með hunangi í eiga það þó til að brenna, og því er sniðugt að þurrka vel af kjötinu til að byrja með og dreypa maríneringunni aftur yfir þegar eldunartími er um það bil hálfnaður.

Þá er ekki síður ljúffengt að nota hunang með mjólkurvörum. Það má dreypa því yfir jógúrtina og

HUNANG Á ALLT Notaðu hunang í bakstur, maríneringar, dressingar, yfir morgunjógúrtina eða með ostabakkanum. NORDICPHOTOS/GETTY

múslíið á morgnana, bæta því út í berja-smoothie, eða bera það fram með ostabakkanum. Pecorino- eða Roquefort-ostar eru ljúffengir með dálitlum hunangsdropa.

Búgarðsdressing

Góð dressing getur gert salat enn betra. Ein allra vinsælasta salatdressingin á rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna, og alla leið á búgarðinn Hidden Valley í Kaliforníu, sem tveir bræður stofnuðu og opnuðu ferðafólki. Á búgarðinum buðu þeir upp á heimagerða dressingu, sem hlaut nafnið búgarðssósa, eða ranch dressing. Hún naut mikilla vinsælda og uppátækið vatt upp á sig. Fljótlega gátu gestir farið að kaupa dressinguna á flöskum til að taka með sér heim, og í dag er hún ein af tveimur vinsælustu salatdressingum í Bandaríkjunum, ásamt þeirri sem kennd er við Ítalíu.

Þessi uppskrift að Ranch-dressingu kemur af vefnum foodnetwork.com.

Ranch-dressing:
1 hvítlauksgeiri
½ tsk. salt
1 bolli majónes
1/3 bolli súrmjólk
2 msk. söxuð flatblaðssteinselja
2 msk. saxaður ferskur graslaukur
1 vorlaukur, skorinn þunnt
1 tsk. hvítvínsedik
nýmalaður svartur pipar

Kremjið hvítlauksgeirann, stráið salti yfir og notið hnífsblað til að merja blönduna í mauk. Skafið það ofan í litla skál, bætið öðru innihaldi út í og þeytið vel saman til að búa til rjómakennda dressingu. Notið strax eða geymið í ísskáp í loftþéttu íláti í allt að þrjá daga.

Sojasósa er leynivopnið

Myndlistarkonan Rakel McMahon kaupir aldrei tilbúinn mat. Henni finnst skemmtilegast að elda fisk, sem hún kaupir yfirleitt í Kolaportinu.

„Mér finnst rosalega gott að fara í Kolaportið um helgar og fara á fiskmarkaðinn. Þar er til dæmis hægt að kaupa bæði niðursneiddan og heilan frosinn smokkfisk. Mér finnst bæði hann og sellerírótin ódýrt og gott hráefni sem það er auðvelt að elda. Sellerírótin kostar til dæmis sjötíu og fimm krónur í Bónus, sem er ágætt að vita svona í kreppunni," segir Rakel og hlær við. „Svo hef ég líka mjög gaman af því að fara að tína krækling í Hvalfirðinum, ég geri það reglulega," bætir hún við.

Hún hefur afar gaman af því að elda, þó að félagsskapurinn sé líka mikilvægur í eldhúsinu. „Mér finnst hörmung að elda ein. Ég og kærastinn minn eldum oft saman og okkur finnst voðalega gaman að fá fólk í mat," segir Rakel, sem seilist þá iðulega í fiskinn. Hún lumar enda á stórgóðu leynivopni fyrir fiskmatseldina. „Kikkoman-sojasósan er besta leyndarmálið í sambandi við fisk. Hún, engifer og hvítlaukur virkar á lax, lúðu og hvaða fisk sem er eiginlega. Þessi marínering er líka rosalega góð fyrir ofnbakaðan fisk," segir Rakel.

Rakel útskrifaðist frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands í vor, og fékk uppskriftina að gufusoðna spínatinu einmitt í útskriftarferð bekksins til Ítalíu. „Núna er að vinna á Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu og í haust fer ég svo í nám í hagnýtri jafnréttisfræði í Háskóla Íslands. Í september tek ég líka þátt í samsýningu í Suðsuðvestur, þar sem nemar úr myndlistardeildinni og aðrir útskrifaðir sýna saman. Við erum svona í undirbúningnum núna," segir Rakel.

sunna@frettabladid.is

MEST FYRIR FISKINN Rakel McMahon kaupir smokkfisk í Kolaportinu og tínir krækling í Hvalfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Smokkfiskur fyrir tvo

2 smokkfiskar, skornir í hringi
1 bolli Kikkoman sojasósa
1 þumlungur af engiferrót
3-4 hvítlauksrif
Ofnbökuð sellerírót
1 sellerírót
4-6 tómatar
Safi úr hálfri sítrónu
Salt og pipar
Olía
Gufusoðið spínat
1 poki ferskt spínat
½ bolli sesamfræ
1-2 hvítlauksrif
Salt og pipar

Aðferð:
Smokkfiskur: Rífið engifer og saxið hvítlauk smátt. Blandið saman við sojasósuna og leyfið fiskinum að marínerast í henni í um 10-15 mínútur. Hitið pönnu vel og steikið þar til fiskurinn er farinn að taka á sig mattan, hvítan lit.

Ofnbökuð sellerírót: Dreypið olíu í botninn á eldföstu móti. Skerið sellerírót í þunnar sneiðar og tómata í tvennt. Kreistið sítrónusafa yfir og kryddið með salti og pipar. Bakið í um 35-45 mínútur við 200°C.

Gufusoðið spínat: Setjið spínat í gufusuðupott, kreistið hvítlauk yfir og kryddið með salti og pipar. Gufusjóðið í um 5-7 mínútur, eða þar til spínatið hefur tekið á sig dökkgrænan lit. Sesamfræin mega fara út í í lokin eða eftir á, allt eftir smekk. Ef notaður er venjulegur pottur er um ½ dl af vatni bætt út í hann og það sigtað frá í lokin.

Pitsusteinar fyrir ofn og grill

Vinsældir pitsna fara síst dvínandi og margir hafa komist upp á lag með að gera hinar girnilegustu pitsur heima við. Flestir baka þær í ofni, en einnig er hægt að kaupa þar til gerða pitsusteina til matargerðarinnar. Verslunin Pottar og prik á Akureyri er á meðal þeirra sem selja slíka steina, en þeir hafa notið mikilla vinsælda hingað til.

„Við höfum verið með pitsusteina sem í rauninni eru leirflísar, en erum núna líka að fá inn Weber-steina sem eru skornir út úr steini," útskýrir Sunna Vilborg Jónsdóttir, sem á verslunina ásamt Guðnýju Pálínu Sæmundsdóttur. Hún segir aðalkost þess að baka á steinum þann að botninn verði stökkur. „Steininn er úr þurrum leir sem dregur rakann úr deiginu í sig. Þá verður botninn stökkur og fínn," segir Sunna, sem hefur bæði bakað pitsur og gerbrauð á sínum steini.

„Aðaltrixið er að hita steinana mjög vel í ofni eða á grilli, áður en deigið er sett á. Ég hef notað leirsteininn minn á grill og Weber-steinarnir eru sérstaklega fyrir grill," útskýrir hún. „Ef steinninn er notaður á grill kemur meira svona eldbakað bragð af deiginu. Ég veit að fólk hefur verið að baka pitsur beint á grillinu, en það er bara miklu þægilegra að hafa svona stein undir. Deigið fer ekki út um allt og er miklu auðveldara að eiga við það. Svo má bera pitsuna fram á steininum líka, því það má skera á þeim. Það fylgir grind með

POTTAR OG PRIK Sunna Vilborg Jónsdóttir og Guðný Pálína Sæmundsdóttir bjóða meðal annars upp á pitsusteina í verslun sinni á Glerártorgi. Einnig er hægt að fá vörurnar sendar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

leirsteinunum, því þeir verða náttúrlega logandi heitir," segir hún.

Pottar og prik halda úti öflugri vefverslun á pottarogprik.is þar sem hægt er að nálgast steinana ásamt öðrum vörum. Verslunin sendir út um allt land. Pottar og prik er til húsa á Glerártorgi. - sun

ZOOM-ZOOM

mazda

Sparaðu með Brimborg

Bara hjá Brimborg. Mazda6 með bílafrelsi og bensínverðvernd

Fáðu Mazda6 með bensínverðvernd og bílafrelsi Brimborgar núna í dag

Bensínverðvernd Brimborgar

ÓB ódýrt bensín

Bílafrelsi Brimborgar 12-24

Einka- eða rekstrarleiga.

Nýtt fyrir Mazda6

Bensínverðvernd Brimborgar: Þú færð 1.500 lítra af bensíni á aðeins 99 kr/ltr.

Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími eða 24 mánuðir í stað 36

Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

Vertu frjáls - Veldu Mazda6 með tilboðum Brimborgar

Brimborg býður betur. Þú færð frábæran bíl á frábæru verði með bensínverðvernd og bílafrelsi.

Þú nýtir þér bílafrelsi Brimborgar í dag og færð aukalega bensínverðvernd Brimborgar. Brimborg tryggir þér bensínlítrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 ltr. af bensíni og gildir í 12 mánuði. Tilboðin gilda aðeins fyrir kaup eða leigu á nýjum Mazda6.

Bílafrelsi Brimborgar er ný útfærsla á einka- eða rekstrarleigu. Nýjungin felst í tvennu: leigan er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði ef þú vilt. Óruggara getur það ekki verið.

Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér tilboð á Mazda sem fylgja bílafrelsi Brimborgar. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu og kynntu þér bensínverðvernd Brimborgar.

Vertu Mazda í dag.

Hringdu núna í síma 515-7000

Tilboð. Einka-/ rekstrarleiga 49.900 kr. á mánuði.

Mazda6 Advance

2,0i 147 hö 184 Nm 5 þrepa sjálfskiptur 4 dyra
CO2 losun 182 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,7 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 3.490.000 kr.*
Einka-/ rekstrarleiga 49.900 kr. á mánuði í 24 mánuði.
Innifalinn í leigugreiðslum eru
vaxta- og lántökukostnaður 490.841 kr.
8 bílar á þessu tilboði.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg

Þú hugleiðir hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda hjá Brimborg í dag.

visthæf skref með Brimborg

Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazda.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

* Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Einka-/ rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 24 mán. sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta, myntkarfa: 40% EUR, 30% USD, 20% JPY, 10% CHF. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Einka-/ rekstrarleiga miðast við innborgun sem nemur 4 afborgunum í tryggingafé. Ef leigutaki nýtir sér bílafrelsi eftir 12 mán., þarf viðkomandi að láta Brimborg vita með 15 daga fyrirvara. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

> ENGIN DÍVA

Charlize Theron segir að hún muni aldrei verða díva þar sem hún sé allt of löt. „Það er mikil vinna að vera díva. Fólk gleymir því. Það er erfitt að öskra á fólk og það er mjög erfitt að slá það. Ef ég hefði meiri orku myndi ég gera það," segir leikkonan.

fólk

folk@frettabladid.is

Britney fær aukinn umgengnisrétt

Britney Spears mun hafa fengið aukinn umgengnisrétt við syni sína tvo, Sean Preston, tæplega þriggja ára, og Jayden James, tuttugu mánaða, í gær. Forræðismál Britneyjar og Kevin Federline var tekið fyrir fyrir rétti í gær, og umgengnisrétti Britneyjar breytt. Talsmaður dómstólsins staðfesti að breytingar hefðu verið gerðar, en mátti hins vegar ekki tjá sig um hvers eðlis þær hefðu verið. Talið er líklegast að söngkonan hafi nú leyfi til að hafa syni sína hjá sér yfir nótt. Þegar blaðamenn inntu hana eftir því hvort hún væri ánægð með niðurstöðuna játaði hún því brosandi.

Britney missti forræði yfir sonum sínum í október. Í janúar missti hún svo allan umgengnisrétt, eftir að hafa fengið einhvers konar áfall og neitað að láta synina af hendi þegar heimsóknartíma þeirra lauk. Umgengnisréttur hennar hefur hins vegar verið aukinn hægt og rólega síðan, og Britney virðist hafa verið að ná tökum á lífi sínu að nýju upp á síðkastið. Margir vilja þakka það föður hennar, Jamie Spears, sem sér um fjármál Britneyjar og hefur verið henni innan handar nótt sem dag síðustu mánuði.

Forræðismálið verður aftur tekið upp 15. júlí næst-

FÆR AÐ SJÁ MEIRA AF SONUM SÍNUM Britney hefur fengið aukinn umgengnisrétt við syni sína tvo.

ÁNÆGÐUR Kevin Federline, sem hefur nú forræði yfir sonum hans og Britneyjar, segist ekki vilja neitt frekar en að mamma þeirra verði aftur hluti af lífi þeirra.

„Von Dana" og Dísa spila

Danski söngvarinn og lagasmiðurinn Mads Mouritz spilar ásamt Dísu á Organ í kvöld. Hafa þau bæði fengið frábæra dóma fyrir plötur sínar. „Við kynntumst í lagasmíðavinnubúðum Árósum og sömdum saman tvö lög, sem við fluttum á Spot Festival," sagði Dísa, en hátíðin var í byrjun júní. Mads hefur tvisvar verið tilnefndur til Steppenwolf-verðlaunanna, sem eru Grammy-verðlaun Dana, sem „von ársins", eða besti nýliðinn. Þá hefur hann unnið með listamönnunum K.D. Lang og Teiti, hinum færeyska, sem Dísa hefur líka unnið með. „Hann er með eina fallegustu rödd sem ég hef heyrt og ég er ekki að ýkja. Fyrst þegar ég heyrði í honum var ég dolfallin." Frítt er inn á tónleikana sem byrja hálftíu. - kbs

Risabúðir rísa í kreppunni

Þrátt fyrir látlaust krepputal síðan um páska rísa nú tvær risavaxnar verslanir hvor sínum megin við Vesturlandsveg. Það styttist óðfluga í að þarna fái Íslendingar nærri 70.000 nýja fermetra til að versla í.

Korputorg nefnist 48.000 fermetra ílangt hús á vinstri hönd sé ekið í átt til Mosfellsbæjar. Þetta verður stærsta verslunarhúsnæði á Íslandi á einni hæð og þriðji stærsti verslunarkjarni landsins; aðeins Smáralind (62.000 fm2) og Kringlan (54.000 fm2) eru stærri. Við bygginguna verða fjórtán hundruð bílastæði.

„Auðvitað hefði verið ákjósanlegra að opna á öðrum tímum, en það er ekki á allt kosið í þessu lífi," segir Arnar Hallsson, framkvæmdastjóri Stekkjarbrekkna, rekstraraðila Korputorgs. „En það er langt síðan ákvörðun var tekin um þessar framkvæmdir og auðvitað verður staðið við hana."

Arnar segir húsið einfalt og leigu því hagstæða. Í fyrstu atrennu, 16. ágúst næstkomandi, verða verslanir Rúmfatalagersins, The Pier, Toys R Us, Bónus, Europris, Office One og Ilva opnaðar í Korputorgi. Ilva er nýtt fyrirtæki á markaði hér. Þetta er upprunalega dönsk húsgagnakeðja, en er nú í ráðandi eigu Lagersins, félags í eigu Jákups Jacobsen. Ilva-búðirnar eru nokkuð áþekkar verslunum Ikea og útibúinu hér er eflaust ætlað að hleypa lífi í húsgagnasamkeppnina. Fleiri verslanir verða svo opnaðar síðar við Korputorg.

ÍSLENSKT ÚTIBÚ BAUHAUS OPNAR Í DESEMBER Og lofar 20 prósent lægra verði en keppinautarnir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

48.000 FERMETRAR AF VERSLUNARHÚSNÆÐI Korputorg verður opnað 16. ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hinum megin við Vesturlandsveginn rís 20.000 fermetra Bauhaus-verslun, sem verður stærsta byggingarvöruverslun landsins. Fyrirtækið er þýskt og rekur 190 verslanir í tólf löndum. Það hefur lengi haft áhuga á að starfrækja útibú hér og lofar 20 prósentum lægra verði en íslensku samkeppnisaðilarnir. Fyrirhugað er að Bauhaus á Íslandi verði opnað í desember en hornsteinn verður lagður að versluninni í dag. gunnarh@frettabladid.is



jane norman

ÚTSALA
25-70%
afsláttur

jane norman
Smáralind

útsala

30-70%
afsláttur

oasis
KRINGLAN | SMÁRALIND | DEBENHAMS

ÚTSALA
30-70%
afsláttur

TOPSHOP
SMÁRALIND | KRINGLAN

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

CRONICLES OF NARNIA 2	kl. 4 D - 7 D - 10 D	7
CRONICLES OF NARNIA 2 LÚXUS	kl. 4 D - 7 D - 10 D	7
THE INCREDIBLE HULK DIGITAL	kl. 5.30 D - 8 D - 10.30 D	12
THE HAPPENING	kl. 5.50 - 8 - 10.10	16
ZOHAN	kl. 5.30 - 8 - 10.30	10
HORTON	kl. 4 ÍSLENSKT TAL	

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

MEET BILL	kl. 5.50 - 8 - 10.10	7
THE HAPPENING	kl. 8 - 10	16
KJÖTBORG SÍÐUSTU SÝNINGAR	kl. 6 - 7 ENSKUR TEXTI	
ZOHAN	kl. 5.30 - 8 - 10.30	10
SEX AND THE CITY	kl. 8 - 11	14
INDIANA JONES	kl. 5.30	12

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

MEET BILL	kl. 5.50 - 8 - 10.10	7
FLAWLESS	kl. 8	
ZOHAN	kl. 5.30 - 8 - 10.30	10
SEX AND THE CITY	kl. 7 - 10	14
INDIANA JONES 4	kl. 10.20	12
BRÚÐGUMINN	kl. 6 ENSKUR TEXTI	7

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

THE HAPPENING	kl. 8 - 10	16
THE INCREDIBLE HULK	kl. 8 - 10.15	12
ZOHAN	kl. 5.40	10
SEX AND THE CITY	kl. 5.20	14

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

WANTED- POWER / DIGITAL	kl. 5.50, 8 og10.10(P)	16
NARNIA 2	kl. 5	7
THE INCREDIBLE HULK	kl. 8 og 10.10	12
SEX AND THE CITY	kl. 6 og 9	14

Hamingja á Hólmavík

„Þetta er eins og stórt ættarmót þar sem gamlir nágrannar, vinir og ættingjar hittast á ný. Síðast komu um 1000 manns en við búumst við um 1500 til 2000 manns um helgina," segir Brynja Bjarnfjörð, framkvæmdastýra Hamingjudaga á Hólmavík, sem fara fram í fjórða sinn um helgina. „Það verður margt um að vera, svo sem kassabílarallý, golfmót og hnallþórukeppni, svo eitthvað sé nefnt. Þá baka allir heimamenn köku og koma með á hlaðborð sem verður utandyra á laugardagskvöldinu," segir Brynja og útskýrir að jafnframt verði veitt verðlaun fyrir fallegustu, hamingjusömustu og frumlegustu kökurnar sem og best og mest skreyttu húsin í bænum.

„Við ætlum að bjóða upp á fjölskyldutjaldstæði við félagsheimilið þar sem Veðurguðirnir munu spila og svo verður diskótek með DJ Óla Geiri fyrir ellefu til sextán ára unglinga, svo það ætti að vera eitthvað í boði fyrir alla," segir Brynja, en Rauði Krossinn ætlar að standa fyrir flóamarkaði til styrktar Guðmundi á Finnbogastöðum. „Dagskránni lýkur svo á sunnudeginum með svokölluðum Furðuleikum við Sauðfjársetrið í Sævangi þar sem keppt verður í furðulegum íþróttum á borð við trjónuhlaup og skítkast," segir Brynja að lokum. - ag

HAMINGJUDAGAR UM HELGINA Búist er við að 1500 til 2000 manns mæti á Hamingjudaga á Hólmavík.

MIA hætt í bransanum

M.I.A. Kveður tónlistarbransann.

Söngkonan M.I.A tilkynnti aðdáendum sínum á Bonnaroo tónlistarhátíðinni að hún væri að hætta í bransanum. Samkvæmt New York Times steig söngkonan á svið og sagði við tónleikagesti að þetta yrðu hennar síðustu tónleikar. Eftir að hafa tekið nokkur lög þakkaði hún áhorfendum fyrir og endurtók að þessir tónleikar væru hennar síðustu. Tilkynningin kom mörgum í opna sköldu þar sem söngkonan er bæði gríðarlega vinsæl og enn mjög ung að árum.

Umhverfisvænt og ódýrara að raka sig með rakhníf

„Þetta bara svo karlmannlegt. Að skafa á sér kjammann. Upp á gamla mátann. Í stað þess að sitja inni í stofu og snyrta á sér neglurnar eins og femínisti," segir Torfi Geirmundsson rakari stríðnislegur í röddinni. Blaðamaður Fréttablaðsins situr í hárskerastól Torfa á Hárhorninu við Hlemm og þorir ekki að mótmæla. Enda með hnífsblað við barka.

TORFI MEÐ HNÍFINN VIÐ BARKA BLAÐAMANNS Rakstur upp á gamla mátann er það sem koma skal en hnífarnir eru vandmeðfarnir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Torfi rakari er að tala um dásemdir nýjustu tísku. Að raka sig upp á gamla mátann. Með rakhnífi. Vakningu í Ameríku og sjálfur er hann farinn að selja rakhnífa við góðar undirtektir viðskiptavina sinna.

Endurnýting er lykilorð í dagsins í dag. Og þá er oft betra en ekki að horfa til liðinna tíma. Komist menn upp á lag með að nota rakhnífa felst í því mikill sparnaður til lengri tíma litið. Margblaða vélar og blöð eru dýr í dag. Torfi vitnar í fréttir. „Svo dýr varningur að vinsælt er að stela honum úr verslunum. Gengur sem gjaldmiðill um allan heim. Það er meira upp úr því að hafa að stela þeim hér á Íslandi og selja í fyrrum austantjaldsríkjum en smygla eiturlyfjum. Menn hafa verið teknir í tollinum með fullar töskur af dýrustu rakvélunum. Og stórmarkaðir fela þessar vörur við peningakassana."

Fyrir um fjórum árum vakti Torfi athygli þegar hann við annan mann sló Íslandsmet í rakstri: 47 menn voru rakaðir í striklotu og þá var notast við þriggja blaða Gillette-rakhnífa. Aðspurður hvort þarna sé hann ekki kominn í mótsögn við sjálfan sig segir hann ekki svo vera. Þriggja blaða Gillette-rakvélar séu mjög góðar einkum ef menn eru að flýta sér. „Rakhnífarnir eru vandmeðfarnari. Karlmaðurinn á góða stund með sjálfum sér auk þess sem rakstur upp á gamla mátann friskar upp á húðina og gefur heilsusamlegra útlit. Og þessi aðferð er umhverfisvænni. Með gamaldags blautum rakstri er sápan það eina sem fer í niðurfallið. Þú notar rakvélablaðið aftur og aftur."

Torfi segir mikið um það að til hans komi menn í rakstur. Ekki síst ungir menn sem vilja prófa þetta. Um er að ræða kunnáttu sem er að hverfa og aðrar hárgreiðslustofur vísa á Torfa þegar slík bón er upp borin. „Já, það er eiginlega bara ég og svo er einn í Kópavogi," segir Torfi og segir Iðnskólann ekki kenna þetta lengur. Reglugerðir bjóða ekki upp á að hann noti nema einnota blöð og Torfi er með hníf þar sem einnota Gillette-blöðum er skotið í þar til gert slíður. Torfi hefur sérpantað hnífa frá Pakistan sem hann selur viðskiptavinum sínum en stálið er það sama og er í skurðhnífum.

jakob@frettabladid.is

Íslenskar konur innblásturinn

Kvikmyndin Journey To The Center Of The Earth 3-D, verður frumsýnd í Bandaríkjunum eftir rúmar tvær vikur. Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu Jules Verne, sem reyndar heitir Leyndardómar Snæfellsjökuls á íslensku enda á inngangurinn að miðju heimsins að liggja í gegnum jökulinn góða. Í myndinni fer Aníta Briem með hlutverk leiðsögukonunnar Hönnuh, sem fylgir vísindamanni og ungum frænda hans í leiðangurinn. Hún sat nýlega fyrir svörum hjá Cole Smithey, sjálfstætt starfandi kvikmyndagagnrýnanda í Bandaríkjunum.

„Það var ótrúlega gaman fyrir mig að fá að búa til sterka, kvenkyns persónu í anda íslenskra kvenna. Íslenskar konur eru oft mjög sterkar og sjálfstæðar, sem að ég held að hafi gagnast mér vel," segir Aníta. „Það er einmitt ég sem bjarga málunum – kvenkynskarakter sem drífur söguna áfram. Mér finnst þannig karaktera skorta í margar ævintýra- og hasarmyndir. Ég held að það sé mikilvægt að ungar stelpur fái að sjá kvenkynspersónu sem stýrir hasarnum," segir hún.

Það gekk á ýmsu áður en Aníta var valin í hlutverkið og í viðtalinu segist hún halda að hún hafi slegið met Cameron Diaz um flestar áheyrnarprufur fyrir eitt hlutverk, en hún fór í þær nokkrar fyrir The Mask. „Ég hlýt að hafa farið í svona 25 áheyrnarprufur. Þetta var fjögurra mánaða ferli," segir Aníta, sem býr nú í Los Angeles og líkar vistin vel. „Fólk spyr mig „Hvernig er það?" í mjög neikvæðum tóni. Fyrir mér er ég umkringd hæfileikaríkasta og kappsamasta fólki í bransanum," segir leikkonan.

Aníta sést næst í þáttaröðinni The Tudors, þar sem hún fer með hlutverk Jane Seymour, og myndin The Storyteller er svo væntanleg á markað á næsta ári. Þar leikur hún á móti Wes Bentley, sem er kannski hvað þekktastur fyrir leik sinn í American Beauty, og American Idol-stjörnunni Katharine McPhee.

LÍKAR VEL Í LA Aníta Briem býr í Los Angeles, en nýjasta mynd hennar, Journey To The Center Of The Earth, verður frumsýnd ytra eftir um tvær vikur.

MIÐNÆTUR OPNUN!

SALA HEFST 00:00 EN BÚÐIN OPNAR 23:00!

FRÁ **6.999,-**
PS3 OG XB360

FRÁ **6.999,-**
PS3 OG XB360

REIKNAÐU DÆMIÐ TIL ENDA!

*DÆMI: ÞÚ KAUPIR BATTLEFIELD BAD COMPANY OG SKILAR INN GTA 4 – ÞÚ GREIÐIR AÐEINS 3.999 KRÓNUR FYRIR LEIKINN**
- SKILAÐU INN FLEIRI LEIKJUM OG SPARAÐU MEIRA!

EFTIRLÝSTIR LEIKIR

EFTIRLÝSTUR

FYRIR PS3 OG XBOX360

EFTIRLÝSTUR

FYRIR PS3

EFTIRLÝSTUR

FYRIR PS3 OG XBOX360

EFTIRLÝSTUR

FYRIR PS3 OG XBOX360

EFTIRLÝSTUR

FYRIR PS3, PS2 & XBOX360

Borgum allt að 3.000 krónur fyrir hvern leik*
Allir notaðir leikir sem Gamestöðin selur koma með 100% spilanlegri ábyrgð!

Kynningartilboð á geisladiskaviðgerðum, 500 krónur fyrir einn disk, en 1.200 krónur fyrir þrjá!

*Takmarkað magn

GAME STÖÐIN

OPIÐ 12-22 ALLA DAGA · SKEIFAN 17 · 550 4400

Samstarfsaðilar Gamestöðvarinnar

PSX.IS
Íslenska Playstation samfélagið

ÍSLENSKA XBOX360 SAMFÉLAGIÐ

SPILAÐU MEIRA - BORGAÐU MINNA!

> Engin umfjöllun um Fylki gegn Grindavík

Eins og knattspyrnuáhugamönnum ætti að vera kunnugt um mættust Fylkir og Grindavík í Landsbankadeildinni í gær. Undir eðlilegum kringumstæðum væri hefðbundin umfjöllun um leikinn í blaðinu en þökk sé KSÍ sem setti leikinn klukkan 21.00 er það ekki mögulegt. Fréttablaðið var nefnilega farið í prentun nokkru áður en leiknum lauk. Á morgun mun aftur á móti birtast tölfræði og einkunnagjöf úr leiknum. Fréttablaðið fordæmir þessi vinnubrögð KSÍ sem meðal annars hefur ekki viljað seinka öðrum leikjum af þeim ástæðum að það sé óhentugt fyrir fjölmiðla. Ef það er stefna sambandsins er það lágmarkskrafa að þeir haldi eigin stefnu.

sport
sport@frettabladid.is

KVENNALANDSLIÐIÐ MÆTIR GRIKKJUM: KATRÍN JÓNSDÓTTIR OG SARA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR VERÐA Í ELDLÍNUNNI

Hvetjum fólk til þess að fjölmenna á völlinn

Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur haldið sig við ákveðinn kjarna af leikmönnum í vali á landsliðshópum sínum. Hann hefur þó verið óhræddur við að kalla inn yngri og óreyndari leikmenn og náð með þeim hætti að skapa góða blöndu sem gengur vel upp og liðið leikur skemmtilegan og árangursríkan fótbolta. Katrín Jónsdóttir úr Val er fyrirliði landsliðsins og leikreyndasti leikmaðurinn en hún bætir eigið leikjamet með hverjum leik sem hún spilar og leikur sinn 75. landsleik á móti Grikklandi í dag.

„Við höfum aldrei verið með jafn margar góðar fótboltastelpur eins og við höfum haft núna síðastliðin eitt til tvö ár. Í átján manna leikmannahóp eru leikmenn sem gætu allir verið í byrjunarliðinu og það voru enn fremur mjög góðir leikmenn sem komust ekki einu sinni í tuttugu og tveggja manna leikmannahópinn. Samkeppnin er því gríðarleg og þetta er bara af hinu góða því við megum til að mynda miklu betur við meiðslum en oft áður," sagði Katrín sem hrósar yngstu leikmönnum liðsins sérstaklega fyrir sterka innkoma þeirra inn í leikmannahópinn.

„Ég hef sagt það við þessar ungu stelpur sem eru að koma inn í leikmannahópinn að þær standa sig virkilega vel. Þær koma bara inn og gefa allt í þetta og bera ekki virðingu fyrir einum né neinum og þess vegna eru þær að fá sénsinn og það er ánægjulegt að fylgjast með þeim," sagði Katrín. Hin sautján ára Sara Björk Gunnarsdóttir úr Haukum er ein af þeim stelpum sem hefur komið eins og stormsveipur inn í landsliðshópinn og fest sig í sessi.

„Þetta er mjög samheldinn leikmannahópur og þegar ég kom inn þá var strax tekið mjög vel á móti mér og það smella bara allir vel saman," sagði Sara og báðar hvöttu þær fólk til að fjölmenna á völlinn.

ALLIR Í BLÁTT Fín stemmning var í leiknum gegn Slóvenum og vonast stelpurnar eftir enn betri stemningu í dag. Fólk er hvatt til að mæta bláklætt á völlinn. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Mikilvægt að vinna og helst stórt

Kvennalandslið Íslands spilar mikilvægan leik gegn Grikklandi í undankeppni EM 2009 í dag. Sigri Ísland kemst það á topp síns riðils og landsliðsþjálfarinn er bjartsýnn og hvetur fólk til að fjölmenna á leikinn.

FÓTBOLTI Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson tilkynnti í gær átján manna leikmannahópinn sem spilar hinn mikilvæga leik gegn Grikkjum á Laugardalsvelli í dag kl. 16.30 og er bjartsýnn.

„Við ætlum bara að halda áfram á sömu braut og gegn Slóveníu og sækja til sigurs. Við stefnum að því að pressa á þær og spila þéttan og góðan sóknarleik en halda markinu okkar jafnframt hreinu. Það skiptir því miklu máli að við skorum snemma eins og sýndi sig gegn Slóveníu og ég tala nú ekki um ef annað mark fylgir eftir stuttu síðar," sagði Sigurður Ragnar sem er ánægður með þróun íslenska liðsins.

„Mér finnst liðið spila betur og betur í opnum leik. Upphaflega var það þannig að flest okkar mörk komu upp úr föstum leikatriðum en núna skorum við alveg jafn mikið úr opnum leik og ég er ánægður með hvað við sköpum okkur mikið af marktækifærum. Vonandi heldur það áfram," sagði Sigurður Ragnar sem ítrekaði enn fremur að markatala gæti skipt sköpum.

„Með sigri komumst við á topp riðilsins og okkur dugir þá jafntefli gegn Frakklandi í síðasta leik okkar í riðlinum gegn Frökkum ytra næsta haust. Ef við þyrftum hins vegar að fara umspilsleiðina þá liggur jafnframt fyrir hversu mikilvægur leikurinn gegn Grikklandi er; með sigri í honum leggjum við grunn að því að fá þægilegri andstæðing heldur en ella ef til umspilsins kemur þannig að við þurfum að leggja allt í sölurnar í þessum leik. Markatalan gæti því einnig spilað inn í og mikilvægt að við höldum áfram á fullu allan leikinn og reynum ekki bara að vinna, heldur líka með miklum mun," sagði Sigurður Ragnar og lagði sérstaka áherslu á hversu mikilvægur stuðningur áhorfenda væri fyrir landsliðið.

„Við fengum tæplega fjögur þúsund áhorfendur á síðasta leik og það var frábært og vonandi sjá ennþá fleiri sér fært um að mæta á þennan leik," sagði Sigurður Ragnar að lokum.

omar@frettabladid.is

STEMNING Leikur kvennalandsliðsins hefur einkennst af mikilli baráttu og leikgleði og það skilar sér í góðum úrslitum. Ísland mætir Grikkjum í undankeppni EM í dag og kemst með sigri á topp riðils síns. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

BJARTSÝNN Sigurður er vongóður um jákvæð úrslit í dag.

Grikkir komu síðast 1994:

Mæta þrjátíu sinnum fleiri

FÓTBOLTI Umgjörðin og áhuginn í kringum íslenska kvennalandsliðið hefur tekið algjörum stakkaskiptum á síðustu árum.

Samanlagt hafa komið 9.898 manns á síðustu tvo heimaleiki og yfir 3.800 manns að meðaltali á þrjá fyrstu heimaleiki liðsins í þessari undankeppni.

Þegar íslensku stelpurnar fengu Grikki síðast í heimsókn, 29. maí 1994, mættu aðeins 116 áhorfendur á leikinn og má binda vonir við að sú tala þrjátíufaldist á leiknum í dag. **- óój**

Varnarleikur Íslands góður:

Hreint mark í 9 af 12 leikjum

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið getur í kvöld haldið hreinu í tíunda sinn undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar en þetta verður átjándi landsleikurinn sem liðið spilar með hann í brúnni.

Íslenska liðið hélt ekki hreinu fyrr en í sjötta leik eftir að hann tók við en hefur síðan aðeins fengið á sig 4 mörk og haldið 9 sinnum hreinu í síðustu tólf landsleikjum sínum.

Íslenska liðið hefur aðeins fengið á sig tvö mörk í undankeppninni, bæði í tapinu úti í Slóveníu. Síðan þá hefur liðið spilað í 249 mínútur í undankeppni EM 2009 án þess að fá á sig mark. - óój

EITT AF ELLEFU Katrín Jónsdóttir fagnar marki sínu gegn Slóveníu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Kvennalandsliðið í EM 2009:

Fullt hús heima

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið getur í dag tryggt sér hundrað prósent árangur á heimavelli þegar það mætir Grikkjum á Laugardalsvellinum.

Íslensku stelpurnar eru með fullt hús og hreint mark í fyrstu þremur heimaleikjum sínum og hafa skorað í þeim ellefu mörk eftir 1-0 sigur á Frökkum og 5-0 sigur á bæði Serbum og Slóvenum. **- óój**

Valsmenn eru ósáttir við Kristin Jakobsson dómara en þeim gengur afar illa í leikjum sem hann dæmir:

Beðið eftir því að Kristinn dæmi víti á Val?

FÓTBOLTI Valsmenn voru í sárum eftir 1-0 tapið gegn FH á þriðjudag. Kristinn Jakobsson dæmdi leikinn og í uppbótartíma flautaði hann hendi á Barry Smith og dæmdi vítaspyrnu. Arnar Gunnlaugsson tók hana, skoraði örugglega og tryggði FH sigur.

Á sjónvarpsupptökum má sjá að Barry handlék knöttinn og var Kristinn aldrei í vafa. Valsmenn voru vægast sagt ósáttir og létu stuðningsmenn liðsins Kristin heyra það hressilega eftir leikinn. Á heimasíðu Vals er svo búið að ritskoða fjölda ummæla um Kristin og leikinn.

Tölfræðin lýgur ekki. Valur hefur ekki unnið síðustu sjö leiki sem Kristinn hefur dæmt. „Ég er heiðarlegur dómari og svona getgátum verð ég að vísa til föðurhúsanna. Ég reyni eftir fremsta megni að dæma þannig að leikurinn fái að njóta sín. Ég spái ekkert í svona tölfræði, þetta er búið og gert og það er alltaf bara næsti leikur sem skiptir máli," sagði Kristinn sem

VÖKUL AUGU Kristinn fylgist hér með leiknum á þriðjudag sem hann dæmdi óaðfinnanlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

erfir ummæli eftir leikinn ekki við neinn.

Valsarinn Pálmi Rafn Pálmason vandaði Kristni ekki kveðjurnar í viðtali við Stöð 2 Sport eftir leikinn. Aðspurður hvort tapið væri ekki hrikalega sárt sagði hann: „Hrikalega sárt? Það eru bara tekin af okkur stig, það er bara þannig. Þetta er óþolandi, gjörsamlega óþolandi," sagði Pálmi.

Honum fannst vítaspyrnudómurinn ekki réttur. „Nei, þetta er bara rugl. Mér finnst þetta ótrúlegt, ég trúi þessu bara ekki," sagði Húsvíkingurinn sem viðurkenndi þó að Kristinn hefði ekki hallað á Valsmenn. „Nei, hann var ágætur yfir leikinn. En það var náttúrlega beðið eftir þessu. Við fáum víti á okkur í hverjum einasta leik hjá honum," sagði Pálmi um dómgæsluna í leiknum.

Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, var ekki á sama máli og bendir á að ekki sé leyfilegt að setja höndina í boltann, hvað þá þegar hún er komin fyrir ofan höfuð leikmanns. „Þetta var klárt víti. Hann setti höndina upp og boltinn fór í hana. Það má bara ekki í fótbolta," sagði Heimir við Fréttablaðið eftir leikinn. Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, fékkst ekki til að tjá sig um dóminn. **- hþh / óój**

SÍÐUSTU SJÖ VALSLEIKIR KRISTINS JAKOBSSONAR:

Valssigrar	0
Jafntefli	3
Valstöp	4
Markatala	Valur-7 (10-17)
Víti (Valur-mótherjar)	1-4
Rauð spjöld (Valur-mótherjar)	2-0

Valsmenn unnu 8 af 16 fyrstu leikjunum sem Kristinn dæmdi hjá þeim en hafa aðeins unnið 3 af 14 leikjum sem hann hefur dæmt frá og með sumrinu 2003.

LEIKIR VALS OG FH FRÁ '01

Kristinn dæmir

Leikir	4
Valssigrar	0
FH-sigrar	4
Markatala	FH +5 (7-2)

Kristinn dæmir ekki

Leikir	6
Valsigrar	3
FH-sigrar	3
Markatala	Jöfn (9-9)

FYRIR ÞÁ FÁU SEM ENNÞÁ VERSLA Í BÓNUSVÍDEÓ

Betra verð í BT

Willum neitaði að taka í höndina á Davíð eftir leik og lét hann svo heyra það:

Þetta var óþarfa æsingur í Willum

FÓTBOLTI Það vakti athygli sjónvarpsáhorfenda að Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, neitaði að taka í höndina á FH-ingnum Davíð Þór Viðarssyni eftir leik liðanna á þriðjudag. Hann lét ekki þar við sitja heldur kallaði einhver ókvæðisorð á eftir Davíð en Willum var frekar heitt í hamsi eftir svekkjandi tap.

„Hann var greinilega eitthvað fúll og ég held að hann hafi ekki verið ánægður með mig og mína framgöngu. Hann lét mig aðeins heyra það. Honum fannst ég spila gróft eða eitthvað álíka og var að öskra það á mig. Þetta var óþarfa æsingur í honum," sagði Davíð Þór við Fréttablaðið í gær. Davíð er ekki í miklum metum hjá Valsmönnum eftir að hann braut illa á Dennis Mortensen skömmu fyrir mót sem gerði það að verkum að Dennis spilar ekkert í sumar.

„Það var algert óviljaverk en ég sá í sjónvarpinu að það var of gróf tækling hjá mér. Svo var Willum eflaust svekktur að tapa svona í lok leiksins. Hann gat nú samt ekki kvartað yfir mér í þessum leik enda var ég ekkert grófur. Ótrúlegt en satt," sagði Davíð léttur.

„Mér finnst algjör óþarfi hjá honum að taka ekki í höndina á mér en Willum er toppnáungi og ég er ekkert að erfa þetta við hann. Auðvitað á maður samt alltaf að taka í höndina á mönnum, sama hvernig maður tapar eða hvort manni líki við leikmanninn. Ég veit ég er ekki skemmtilegasti maður í heimi inni á vellinum og er fyrstur til að viðurkenna það en ég er ágætur utan vallar," sagði Davíð augljóslega enn kátur með sigurinn.

- hbg

WILLUM ÞÓR Var heitt í hamsi eftir tapið gegn FH. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÁBÆR Schweinsteiger fagnar enda rík ástæða til. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þjóðverjar áttu lokaorðið í Basel

Lygasögu Tyrkja er lokið á EM en þeir fara heim með reisn. Þeir sýndu frábæran leik gegn Þjóðverjum en þýska stálið átti lokaorðið og komst til Vínar.

EM 2008 Það verður dansað á götum Berlínar fram á sunnudag eftir undanúrslitaviðureign Tyrkja og Þjóðverja í gær. Dramatíkin var í öndvegi en Philipp Lahm tryggði Þjóðverjum sigur á síðustu mínútu leiksins.

Tyrkir hófu strax skothríð að marki Þjóðverja. Jens Lehmann var mjög ótraustur í markinu og hann hefði átt að gera betur þegar Tyrkir komust yfir. Eftir fyrirgjöf frá hægri skaut Kazim Kazim í slána, rétt eins og hann gerði skömmu áður, Lehmann var úti á túni og Ugur Boral ýtti boltanum á milli fóta hans og inn í markið.

Þjóðverjar höfðu vart komist yfir miðju gegn sprækum Tyrkjum en þeir jöfnuðu aðeins fjórum mínútum síðar. Bastian Schweinsteiger sneiddi boltann þá snyrtilega í fjærhornið með hægri fæti eftir laglegan undirbúning Lukasar Podolski.

Bæði lið fengu ágæt færi án þess að skora en staðan í hálfleik var 1-1.

Seinni hálfleikur byrjaði fjörlega þar sem Þjóðverjar virtust vera að herða tök sín á leiknum. Strax á 51. mínútu gerðu Þjóðverjar sterklega tilkall til vítaspyrnu þegar greinilega var brotið á Philipp Lahm á vítateigslínunni en dómarinn kaus að flauta ekki.

Þjóðverjar voru meira með boltann í framhaldinu en náðu ekki að skapa sér almennileg marktækifæri framan af.

Þegar um stundarfjórðungur lifði leiks datt útsending frá leiknum út í um það bil tíu mínútur. En þegar gervihnattarsamband náðist að nýju kom í ljós að þessar tíu mínútur voru vægast sagt viðburðaríkar.

Miroslav Klose kom fyrst Þjóðverjum yfir á 79. mínútu áður en Semih Senturk jafnaði leikinn fyrir Tyrki á 86. mínútu.

Þjóðverjar létu þetta ekki slá sig út af laginu og Lahm skoraði sigurmarkið á lokamínútu venjulegs leiktíma og það mark var ekki af ódýrari gerðinni. Lahm óð upp vinstri kantinn og tók þríhyrningsspil við Hitzelspherger og þrumaði boltanum í markið og það nægði Þjóðverjum til að tryggja sér farseðilinn í úrslitaleikinn í Vín á sunnudag. **- hþh/ óþ**

Íslenskur júdómaður á ÓL í fyrsta sinn síðan 1996:

Þormóður til Peking

JÚDÓ Júdókappinn og Norðurlandameistarinn Þormóður Árni Jónsson verður meðal keppenda á Ólympíuleikunum í Peking í águst en hann fékk úthlutað aukasæti af alþjóða ólympíunefndinni, svokallað „wild card". Þormóður tekur þátt í þyngsta flokknum (+100 kg) og verður fyrsti júdómaðurinn í tólf ár til þess að keppa á Ólympíuleikunum, en Vernharð Þorleifsson var með í Atlanta 1996.

„Ég vissi alltaf að þetta væri möguleiki og var að bíða eftir því að nefndin myndi segja af eða á," segir Þormóður, sem ætlaði sér þó að fara hina leiðina.

Aðeins níu sæti voru í boði fyrir alla Evrópu en samkeppnin þar er mjög hörð. „Samkeppnin er miklu meiri í Evrópu en til dæmis í Bandaríkjunum og ég hef unnið þann sem er efstur í Bandaríkjunum," segir Þormóður. Hann er viss um að gott gengi að undanförnu hafi hjálpað honum að fá þetta boð á leikana.

„Ég held að það hafi hjálpað mér mikið að ég lagði ekki árar í bát þegar tímabilið var búið um miðjan apríl. Ég hélt áfram af því að ég vissi að það væri möguleiki," sagði Þormóður, sem varð bæði Íslandsmeistari og Norðurlandameistari auk þess að ná mjög góðum árangri á tveimur stórum mótum.

„Ég varð þriðji á Opna breska mótinu, sem er frekar sterkt mót. Ég náði síðan að verða Norðurlandameistari og fór síðan helgina eftir það á heimsbikarmót í Madríd þar sem ég rétt missti af þriðja sætinu og varð sjöundi. Það gekk vel þarna og ég held að þessi mót í Bretlandi og í Madríd hafi hjálpað mér mikið," segir Þormóður, sem ætlar að standa sig í Peking.

„Ég hef keppt á heimsmeistaramóti og Evrópumeistaramóti en þetta náttúrlega langstærsta mótið. Svo verður bara að koma í ljós hvort þetta verður stærsta mótið manns á ferlinum. Það er ekki nóg að komast á leikana því maður ætlar að reyna að gera eitthvað. Ég var númer þrettán á heimsmeistaramótinu af 49 og það væri ágætt að gera betur," sagði Þormóður kappsfullur fyrir átök haustsins. **- óój**

VÍGALEGUR Júdókappinn Þormóður Árni Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GAS

Eldfimt

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
shs.is

VARÚÐ–GAS!

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur útbúið miða til að merkja húsnæði þar sem gaskútar til heimilisnota eru geymdir. Komi upp eldur er mikilvægt að slökkviliðsmenn geti áttað sig á hvort gaskútar eru í húsnæðinu því af þeim getur stafað mikil sprengihætta.

Dreifing miðanna fer fram í samvinnu við bensínstöðvar og verslanir sem selja gas og búnað vegna þess. Unnt er að fá eins marga miða og þörf krefur.

SHS hvetur þá sem geyma gaskúta innan dyra til að nota límmiðana samkvæmt leiðbeiningum í bæklingi sem fylgir þeim.

Í bæklingnum er einnig að finna áríðandi skilaboð um gas og meðferð þess.

Ráðgjöf og nánari upplýsingar
Forvarnasvið SHS veitir fúslega ráðgjöf og upplýsingar í gegnum síma eða tölvupóst. Ítarlegar upplýsingar er einnig að finna á www.shs.is.

SLÖKKVILIÐ
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Skógarhlíð 14 · 105 Reykjavík
sími 528 3000 · shs@shs.is · www.shs.is

HJÁLPAÐU OKKUR AÐ LÁTA DRAUMINN RÆTAST

„Að horfa upp í stúku og hlusta á alla syngja þjóðsönginn gaf manni þvílíka gæsahúð og fyllti mann þannig þjóðarstolti að það kom aldrei annað til greina en að leggja lífið að veði fyrir sigur.“

Sif Atladóttir

„Mig langaði að stökkva upp í allan þennan fjölda í stúkunni og fagna með þeim. Þetta var ein besta stund lífs míns. Sannaði að við getum spilað góðan fótbolta og að draumurinn okkar geti ræst.“

Edda Garðarsdóttir

„Þetta var söguleg stund fyrir okkur allar og við fundum að þetta var byrjunin á einhverju stórkostlegu. Það var mikill heiður að fá að vera partur af þessu frábæra liði á þessari stundu.“

Ólína G. Viðarsdóttir

„Það sem gerði leikinn við Serbíu svo ógleymanlegan var stuðningur og hvatning íslensku þjóðarinnar. Að heyra þjóðsönginn sunginn af 6000 áhorfendum skapaði ekki bara gæsahúð og jók hjartsláttinn, heldur efldi það baráttuhuginn og viljann til að bera sigur úr bítum. Fyrir landsliðið, fyrir Ísland. Nú er komið að næsta skrefi og stuðningur þjóðarinnar er ómetanlegur. Áfram Ísland!!“

Dóra Stefánsdóttir

„Ég fæ aukna orku frá hverjum einasta áhorfenda sem mætir á leikinn. Þið góðu landsmenn nær og fjær skiptið okkur mestu máli í þessari baráttu. Draumurinn er að spila á EM 2009 og þið getið hjálpað mér að láta hann rætast, sjáumst á vellinum. Áfram Ísland!“

Hólmfríður Magnúsdóttir

„Það var ótrúlegt að sjá svona stóran hluta þjóðarinnar mættan til að styðja við bakið á okkur. Ég leit upp í stúku í þjóðsöngnum og stoltið var ólýsanlegt. þjóðerniskenndin hefur aldrei verið meiri og það var ljóst að þjóðin ætlaði með okkur alla leið á EM.“

Þóra B. Helgadóttir

„Vitandi af þjóðinni fylgjast með og standa við bakið á manni er einstakt og stórkostlegt. Ég myndi ekki skipta þeirri tilfinningu út fyrir 603.729 milljarða. Það er á svona stundu sem ég skil lífið. EM 2009 og Ísland, það er lífið!“

Katrín Ómarsdóttir

„Liðið styrkist með ykkar stuðningi, allir á völlinn!“

Guðrún Sóley Gunnarsdóttir

„Með áhorfendur okkar á móti Serbíu var eins og við værum 12 á vellinum.“

Greta Mjöll Samúelsdóttir

ÍSLAND Á EM
- STYÐJUM STELPURNAR OKKAR!

LEIKUR ÁN FORDÓMA

MasterCard KSÍ

ÍSLAND - GRIKKLAND

LAUGARDALSVÖLLUR, Í DAG KL. 16:30

KSÍ
Alltaf í boltanum

Alltaf í boltanum með KSÍ

Landsbankinn · MasterCard · Coca-Cola · vodafone · VÍS · 1X2 · ICELANDAIR

MIÐASALA

Miðaverð: 1.000 kr.
Frítt fyrir 16 ára og yngri.
Miðasala á midi.is opin fram að leik.
Miðasala við Laugardalsvöll hefst kl. 15:30.

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn. Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við aðgönguhlið.

dagskrá

> **Queen Latifah**

„Það væri óskandi að allar konur kynnu að elska sjálfa sig og fagna því sem þær hafa en allt of margar kjósa heldur að fyrirlíta sjálfa sig og fela það sem þær hafa.“

Latifah leikur í kvikmyndinni Last Holiday sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR SAKNAR DEXTERS

Hvar eruð þið, morðóðu brjálæðingar?

Eftir að Dexter og Jekyll hurfu af skjánum veit ég ekki hvað ég á til bragðs að taka. Venjulega er ég ekkert fyrir sérstakan splatter en þessir geðþekku morðingjar hlýja mér meira um hjartarætur en nokkur annar getur. Ég þrái ekki blóðið sem slíkt heldur hugmyndirnar sem streyma um huga Dexters og Jekylls eða Hydes. Forsendurnar fyrir blóðþorstanum og réttlætingarnar. Umfram allt þrái ég vel leikið sjónvarpsefni. Ekki verra ef það er vel skrifað líka.

Raunveruleikasjónvarpsbylgjan býður, eðli málsins samkvæmt, ekki upp á neina stórleikara. Vissulega vekur venjulegt fólk upp tilfinningar, jafnvel ótrúlegar geðshræringar og tár þeirra sem gráta „í alvörunni“ eru saltari en hin. En góður leikur er svo sjaldséður að þegar Michael C. Hall, sem leikur Dexter, sést bregða fyrir er engin leið að ná mér úr sófanum. Hæfileiki James Nesbitt til að skipta um ham þar sem hann flakkar frá persónu Jekylls til persónu Hydes er allt að því ómannlegur. Og þá meina ég ekki ómannlegur eins og kvikindisskapur Survivor-keppenda. Ómannlegur í merkingunni guðdómlegur.

GÆSAHÚÐ AF GÓÐUM LEIK Michael C. Hall leikur Dexter.

Nú er ég ekki að halda því fram að allt leikið sjónvarpsefni sé lélegt og illa leikið. Ég er aðeins að dást að hæfileikum ákveðinna einstaklinga til að líma mig við skjáinn. Kvikmyndaleikurum tekst þetta oft, en gott sjónvarpsefni er til hátíðabrigða. Það er ekki fyndið, þetta með að maður noti færri heilasellur við það að horfa á sjónvarp en að sofa.

Draumar mínir eru dökkir eins og Dexters. Mig dreymir um morðóða brjálæðinga með blik í auga og glott á vör og ég mun halda áfram að láta mig dreyma þar til annar lætur sjá sig.

EKKI MISSA AF

18.00 Just My Luck STÖÐ 2 BIO

18.45 EM í fótbolta Rússland-Spánn Beint SJÓNVARPIÐ

20.20 The New Adventures of Old Christine STÖÐ 2

20.30 Talk Show With Spike Feresten STÖÐ 2 EXTRA

21.25 Criss Angel Mindfreak SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

15.50 Landsleikur í fótbolta Bein útsending frá landsleik kvennaliða Íslands og Grikklands í undankeppni EM 2009.

16.50 Táknmálsfréttir

17.00 Landsleikur í fótbolta Ísland-Grikkland, seinni hálfleikur.

17.45 EM 2008 - Upphitun

18.00 Fréttir

18.23 Veður

18.25 EM 2008 - Upphitun

18.45 EM í fótbolta 2008 Bein útsending frá leik Rússa og Spánverja í undanúrslitum.

20.45 Hvað um Brian? (9:24) Bandarísk þáttaröð um Brian sem heldur enn í vonina um að hann verði ástfanginn. Aðalhlutverk: Barry Watson, Rosanna Arquette, Matthew Davis, Rick Gomez, Amanda Detmer og Raoul Bova.

21.30 Trúður (Klovn III) (10:10) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans.

22.00 Tíufréttir

22.35 EM 2008 - Samantekt

23.05 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives IV) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk: Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross og Eva Longoria.

23.50 Draugasveitin (The Ghost Squad) (8:8) Bresk spennuþáttaröð um sveit sem rannsakar spillingu innan lögreglunnar. Aðalhlutverk: Elaine Cassidy, Emma Fielding og Jonas Armstrong. (e)

00.40 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Lotta flytur að heiman

10.00 Just My Luck

12.00 Last Holiday

14.00 Lotta flytur að heiman

16.00 Longford

18.00 Just My Luck Rómantísk gamanmynd með Lindsay Lohan í aðalhlutverki.

20.00 Last Holiday Rómantísk gamanmynd með Queen Latifah, Ll Cool J og Timothy Hutton í aðalhlutverkum.

22.00 Michel Vailant

00.00 Everything Is Illuminated

02.00 Intermission

04.00 Michel Vailant

06.00 Into the Blue

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Sylvester og Tweety, Rannsóknarstofa Dexters, Camp Lazlo og Kalli kanína og félagar.

08.15 Oprah (Growing Up Intersex)

08.55 Í fínu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 La Fea Más Bella

10.15 'Til Death (14:22)

10.40 My Name Is Earl (8:22)

11.10 Homefront (13:18)

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Neighbours

13.10 Wings of Love

13.55 Wings of Love

14.40 Tískulöggurnar (Trinny and Susannah Undress) (6:6)

15.30 Friends (23:24)

15.55 Sabrina - Unglingsnornin

16.18 Tutenstein

16.43 Nornafélagið

17.08 Doddi litli og Eyrnastór

17.18 Þorlákur

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Neighbours

18.18 Markaðurinn og veður

18.30 Fréttir

18.54 Ísland í dag

19.30 The Simpsons (8:22)

19.55 Friends (11:23)

20.20 The New Adventures of Old Christine (15:22) Önnur þáttarröðin um Christine sem er nýfráskilin og á erfitt með að fóta sig sem einstæð móðir sérstaklega þar sem fyrrverandi eiginmaðurinn er komin með nýja og miklu yngri konu.

20.45 Notes From the Underbelly (8:13) Ný gamanþáttaröð um spaugilegur hliðarnar á barneignum.

21.10 Bones (13:15)

21.55 Moonlight (5:16)

22.40 ReGenesis (3:13)

23.25 Fulltime Killer

01.05 Wire (1:13)

02.00 Final Examination

03.35 Saved (10:13)

04.20 Bones (13:15)

05.05 The New Adventures of Old Christine (15:22)

05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

17.40 Kaupþings mótaröðin 2008 Sýnt frá þriðja móti sumarsins.

18.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

19.35 Inside the PGA Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni.

20.00 Sumarmótin 2008 Sýnt frá einum af Sumarmótunum 2008. Að þessu sinni verður fjallað um Kaupþingsmótið sem haldið var á Akranesi fyrr í sumar en þar sýndu listir sínar knattspyrnukappar af yngstu kynslóðinni.

20.45 Kraftasport 2008 - Sterkasti maður Íslands Allir sterkustu menn landsins mættu til leiks.

21.15 World's Strongest Man - Sterkasti maður heims Nýr keppandi mætti fyrir Íslands hönd, Magnús Ver Magnússon en flestir reiknuðu með því að bandaríska tröllið OD Wilson færi með sigur af hólmi en raunin varð önnur því íslenski nýliðinn vann yfirburðasigur.

22.15 AC Milan-Rosenborg Gullleikir

23.55 Main event, Las Vegas, NV World Series of Poker 2007 Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

SPORT 2

17.45 EM 4 4 2 Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.

18.15 Bestu leikirnir Tottenham - Reading

20.00 PL Classic Matches Leeds - Newcastle, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

20.30 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

21.00 EM 4 4 2

21.30 Football Rivalries Í þessum þætti verður fjallað um rígspænsku stórveldanna Barcelona og Real Madrid, innan vallar sem utan.

22.25 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

23.20 PL Classic Matches Middlesbrough - Man Utd, 99/00.

23.50 EM 4 4 2

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Dynasty (e)

09.30 Vörutorg

10.30 Óstöðvandi tónlist

15.00 Vörutorg

16.00 How to Look Good Naked (e)

16.30 Girlfriends Gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu.

17.00 Rachael Ray Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

17.45 Dr. Phil

18.30 Dynasty Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.

19.20 What I Like About You (e)

19.45 Style Her Famous (e)

20.10 Everybody Hates Chris (19:22) Bandarísk gamansería þar sem Chris Rock gerir grín af uppvaxtarárum sínum. Chris reynir að vera svalur en er gómaður með sígarettur og rekinn heim úr skólanum.

20.35 The IT Crowd (2:12) Breskur gamanþáttur. Tölvunördarnir Moss og Roy eru ekki mjög vinsælir hjá vinnufélögunum, enda miklir furðufuglar og best geymdir í kjallaranum. En lífið í tölvudeildinni breytist þegar kona sem kann ekkert á tölvur er ráðin sem yfirmaður deildarinnar.

21.00 The King of Queens (2:11) Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans.

21.25 Criss Angel Mindfreak - NÝTT Sjónhverfingameistarinn Criss Angel er einn frægasti töframaður heims um þessar mundir og uppátæki hans eru ótrúlegri en orð fá lýst. Hann leggur líf sitt að veði og framkvæmir ótrúlega hluti.

21.50 Law & Order. Criminal Intent

22.40 Jay Leno

23.30 Age of Love (e)

00.20 Girlfriends (e)

00.50 Vörutorg

01.50 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 EXTRA KL. 20.00

Seinfeld

Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar. Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur. Saman lenda þau Jerry, George, Elaine og Kramer oft í afkáralegum aðstæðum og taka upp á afar fáránlegum tiltækjum.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Kvennalandsleikur Ísland-Grikkland Beint

Sjónvarpið kl. 15.50

Íslensku stelpurnar reyna að halda sigurgöngu sinni áfram í undankeppni EM og tryggja sér um leið úrslitaleik á móti Frökkum í haust. Með sigri kemst íslenska liðið á toppinn í sínum riðli og nægir því jafntefli í lokaleiknum á móti Frakklandi til þess að komast í fyrsta sinn í úrslitakeppni stórmóts.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Dragspilið dunar
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Tónleikur
15.03 Útvarpssagan: Múrinn í Kína
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Flækingur
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Smásaga:Tækifærið
19.27 Sinfóníutónleikar
21.20 Stúlka í húsi í Reykjavík
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Kvöldsagan: Svartfugl
22.45 „Markgreifafrúin fór út klukkan fimm"
23.30 Betri stofan
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks
16.30 Hollyoaks
17.00 Seinfeld (16:22) Stöð 2 Extra sýnir þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
17.30 Talk Show With Spike Feresten
18.00 Pussycat Dolls Present: Girlicious (4:10)
19.00 Hollyoaks
19.30 Hollyoaks
20.00 Seinfeld (16:22)
20.30 Talk Show With Spike Feresten (16:22) Spike Feresten er einn höfunda Seinfeld og Simpson. Hann fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood sem taka meðal annars þátt alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.
21.00 Pussycat Dolls Present: Girlicious (4:10) Nú á að stofna systrahljómsveit Pussycat Dolls sem mun heita Girlicious. Hljómsveitin mun samanstanda af þremur hæfileikaríkum og gullfallegum stúlkum en fimmtán stúlkur keppa um plássin þrjú.
22.00 Cashmere Mafia (2:7) Þær eru fjórar nánar vinkonur sem búa allar og starfa í New York. Á yfirborðinu virðist líf þeirra fullkomið en þeir eiga í erfiðleikum með einkalífið.
22.45 Medium (12:16) Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu.
23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
21.00 Skoðanaskipti Umsjón: Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi.
21.30 Í nærveru sálar Umsjón: Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Penge 10.35 Et godt kvarter 10.50 Vagn på floden 11.30 Det er mængden der gør det 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 13.50 En lille reminder 14.05 Last Exile 14.30 Bernard 14.35 Lucky Luke 15.00 Væddemålet 15.30 Fandango - Mellemøsten 16.00 Sommertid 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 HåndboldEkstra: Danmark-Egypten 18.30 Hammerslag 19.00 TV Avisen 19.25 Ærlig talt 19.50 SportNyt 20.00 Hollow Man 21.50 Sex med Victor 22.20 Naruto Uncut

NRK 1

10.00 Sport i dag 12.00 Wimbledon direkte 15.50 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Barne-tv 16.25 Dykk Olli, dykk! 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Sannheten om mat 18.25 Litt som deg 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Wallander: Den femte kvinnen 20.25 Ekstremsportveko 21.00 Kveldsnytt 21.20 Sport i kveld 21.21 Nachspiel Wimbledon 21.35 Verdensserien i sandvolleyball, Stavanger 21.45 Kvinner i uniform 22.45 Spooks 23.35 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 När minnet är borta 10.35 Fantastiska berättelser 11.45 Big Love 12.40 Big Love 13.30 Baronessan 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Packat & klart sommar 15.30 Sommartorpet 16.00 Emil i Lönneberga 16.30 Hej hej sommar 16.31 Lillas smågodis 16.50 Det femte väderstrecket 17.00 Blue water high 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Landgång 18.30 Mitt i naturen 19.00 Berlinerpopplarna 19.50 Friluftsliv 20.00 Wallenbergs 21.00 Rapport 21.10 Uppdrag granskning - sommarspecial 22.10 Sändningar från SVT24

Föstudaginn 27. júní kl. 11.00 mun einn helsti sérfræðingur heims á sviði upplýsingatækni, Subramaniam Ramadorai, flytja fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands. Umhverfisvernd er mikilvægur þáttur í rekstri fyrirtækja en upplýsingatækni er ekki undanskilin þegar kemur að losun kolefnis út í andrúmsloftið. Erindi Ramadorai heitir „Vistvæn upplýsingatækni".

Ramadorai er forstjóri TCS (TATA Consultancy Services) sem er stærsta hugbúnaðarfyrirtæki Asíu og er samkvæmt skilgreiningu Gartner Group í hópi með IBM, Microsoft, HP, Deloitte og Unisys. Starfsmenn eru um 110.000 og starfa í rösklega 50 þjóðlöndum.

TCS þjónustar fjölmörg stærstu fyrirtæki heims, m.a. Chrysler, British Airways, Nissan Motors, Motorola og Microsoft. Viðskiptavinir fyrirtækisins hér á landi eru meðal annars Glitnir, Síminn, Eimskip og Kaupþing. TATA Group á annan gagnaflutningastrenginn sem liggur á hafsbotni milli Íslands og Evrópu.

Að athöfn lokinni verður boðið upp á hádegissnarl.

Aðgangur ókeypis.

MORGUNMATURINN

„Ég er með glútenóþol svo ég fæ mér yfirleitt glútenlaust múslí eða honey poppies úr quinoa með rísmjólk út á.“

Dina Akhmetzhanova, framkvæmdastjóri heildsölu Yggdrasils.

Kettir vakta fiskbúð

Á göngu í Þingholtunum fær maður oft á tilfinninguna að maður sé staddur í litlu sjávarþorpi frekar en í miðborg Reykjavíkur. Gömlu bárujárnshúsin kúra hvert upp við annað í þröngum götum, þar er enn að finna hverfisverslun þar sem fastakúnnar eru í reikning og þar er einnig lítil fiskbúð sem selur fisk upp á gamla mátann. Þeir sem leggja leið sína í fiskbúðina við Freyjugötu reka eflaust margir hverjir upp stór augu þegar inn er komið af því að þar má oft sjá tvo ketti sem liggja í makindum sínum á gólfinu. Hjónin Þóra Egilsdóttir og Einar Steindórsson hafa rekið fiskbúðina síðustu sautján árin og segja þau læðurnar vera miklar vinkonur þeirra.

„Þær búa hér í nágrenninu og eru mættar á undan okkur á morgnana. Svo eru þær hjá okkur yfir daginn og passa búðina og fá smá fiskbita að launum. Okkur finnst ósköp notalegt að hafa þær hérna,“ segir Þóra. Hún segir að í fyrrasumar hafi kettirnir meira að segja staðið vaktina þrátt fyrir að verslunin væri lokuð vegna sumarfrís þeirra hjóna. „Það vogar sér enginn annar köttur hingað inn, þær eiga staðinn alveg einar,“ segir Þóra. Það eru þó ekki aðeins kettirnir sem gera fiskbúðina einstaka því vöruúrvalið er heldur „gamaldags“ líkt og Þóra orðaði það, „Við leggjum áherslu á ferskt og ómengað hráefni og erum því ekki með mikið af tilbúnum fiskréttum. Við bjóðum þó upp á plokkfisk, fiskibollur og alltaf einn fiskrétt í sósu.“ - sm

NOTALEGUR FÉLAGSSKAPUR Þóra Egilsdóttir í fiskbúðinni við Freyjugötu ásamt öðrum kattanna sem passa upp á búðina fyrir eigendurna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



LÁRÉTT
2. löngun, **6.** klukka, **8.** skjön, **9.** gagn, **11.** þófi, **12.** snjóhrúga, **14.** drabb, **16.** mun, **17.** beiskur, **18.** skörp brún, **20.** skóli, **21.** pottréttur.

LÓÐRÉTT
1. áfengisblanda, **3.** þys, **4.** milligerð, **5.** blekking, **7.** heimilistæki, **10.** mál, **13.** framkoma, **15.** slabb, **16.** ílát, **19.** tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. lystː, **6.** úrː, **8.** skáː, **9.** nytː, **11.** ilː, **12.** skaflː, **14.** slarkː, **16.** kuː, **17.** súrː, **18.** eggg, **20.** maː, **21.** ragúː.

LÓÐRÉTT: 1. puns, **3.** ysː, **4.** skilríum, **5.** tálː, **7.** ryksuga, **10.** talː, **13.** fasː, **15.** krap, **16.** kerː, **19.** gg.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. 315.
2. Gröfin Open.
3. 6,7 milljarða.

VILHJÁLMUR ÖRN: ER MIKILL STUÐNINGSMAÐUR FORSETAFRÚARINNAR

Fornleifafræðingurinn sem fann Dorrit á Evuklæðum

„Er staðfest að þetta sé Dorrit? Þetta er líkt henni en ég útiloka ekki að þetta sé tvífari hennar,“ segir Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur.

Frétt um að líklega hafi Dorrit Moussaieff forsetafrú setið nakin fyrir hjá listakonunni Natöshu Archdale fór sem eldur í sinu um Netheima í gær. Fréttin kom í kjölfar þeirra tíðinda að Dorrit hefði keypt nektarmynd eftir Natöshu til að gefa í sextugsafmælisgjöf.

Skúbb er hugtak innan blaðamennskunnar sem felur það í sér að vera fyrstur með fréttirnar og um hríð var á huldu hver „átti“ fréttina. Bloggskrif Andrésar Jónssonar almannatengils eru lýsandi fyrir leitina að skúbbaranum: Vísi, Monitor og ... „... svo hafði ég samband við Andrés og sagði að ég hefði fyrst séð þetta hjá Vilhjálmi,“ segir Atli Fannar Bjarkason, ritstjóri Monitors. „En Vilhjálmur á þetta. Algerlega. Flott hjá honum. Skemmtileg færsla og magnað skúbb,“ segir Atli Fannar.

Vilhjálmur Örn er búsettur úti í Danmörku. Hann hefur verið búsettur þar helming ævi sinnar eða í 24 ár, þar sem hann hefur sinnt fræðigrein sinni. En hann er í augnablikinu atvinnulaus sem gefur honum svigrúm til að garfa á Netinu.

„Nú? Ég er að frétta frá þér að þetta sé skúbb. Nei, ég hef ekki lagt mig eftir því að „skúbba“ og hef aldrei starfað sem blaðamaður. Ætli það sé eitthvað laust?“ spyr Vilhjálmur. En hvað kom til að Vilhjálmur rakst á þessa mynd sem finna má á netsíðu Natöshu? Hann segist garfa í ýmsu sem fornleifafræðingur. „Ég er hrifinn af gömlum og fallegum hlutum eins og forsetinn. Og þetta segi ég ekki niðrandi heldur þvert á móti. Íslendingar eiga eina glæsilegustu forsetafrú í heimi. En, ég er einmitt mikill stuðningsmaður Dorritar og þegar ég sá þessa frétt fékk ég þessa flugu. Hlýtur Dorrit ekki að hafa setið fyrir líka? Og ætli Ólafur hafi gleymt að ná í myndina?“ spyr Vilhjálmur og vísar til þess að fyrirmenni geri þetta gjarnan – að eiginkonurnar sitji fyrir naktar. „Ef þetta er Dorrit á evuklæðum fyrir framan Tösku- og hanskabúðina er það ekkert til að skammast sín fyrir nema síður sé.“

Ekki tókst að ná í Örnólf Thorsson forsetaritara í gær til að fá staðfest að Dorrit sé módelið á myndinni. Sé vitnað í Andrés almannatengil: „Ef Örnólfur Thors vill þiggja PR-ráð frá mér, þá myndi ég bara staðfesta strax að myndin sé af Dorrit. Ekkert að þessari mynd. Óþarfi að fjölmiðlarnir séu með getgátur um hana í allan dag.“

jakob@frettabladid.is

VILHJÁLMUR ÖRN VILHJÁLMSSON Forleifafræðingingurinn í Danmörku er „skúbbari vikunnar“ þar til annað sannara reynist.

MYND NATÖSHU ARCHDALE Sé þetta Dorrit á Evuklæðum fyrir framan Tösku- og hanskabúðina er það ekkert til að skammast sín fyrir, segir Vilhjálmur.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stjörnuparið **Þóra Sigurðardóttir,** úr Stundinni okkar, og **Völundur Snær** kokkur eignuðust son í fyrrakvöld. Svo skemmtilega vill til að drengurinn kom í heiminn á brúðkaupsafmæli þeirra, en þau gengu í hjónaband fyrir tveimur árum.

Fjöldapóstur frá óljósum byrjunarreit dældist inn á rafpósthólf landsmanna í gær. Þar voru neytendur hvattir til að kaupa sér bensín alls staðar annars staðar en hjá Skeljungi og N1. Ef enginn myndi kaupa af þessum tveimur söluaðilum myndi bensínið lækka og alvöru samkeppni komast á. Olís og Atlantsolía eru eflaust himinlifandi með framtakið.

Hljómsveitin Motion Boys sendir sitt fjórða lag í spilun á föstudaginn, „Queen of Hearts“. Eldri lög sveitarinnar hafa verið vinsæl og má búast við að fyrsta stóra platan, sem Sena gefur út í haust, eigi eftir að stimpla bandið rækilega inn. Mannabreytingar hafa átt sér stað hjá Motion Boys, bæði **Viddi** bassaleikari og **Árni plús Einn** hafa horfið til annarra starfa. Eftir eru **Birgir Ísleifur**, **Gísli Galdur**, **Bjössi** í Mínus og **Tobbi** í Dr. Spock. Þeir hamast nú við að klára plötuna í Gróðurhúsinu með **Valgeiri Sigurðssyni** og nota blaut handklæði á trommusettið til að ná rétta sándinu.

Eyjólfur Eyvindarson, betur þekktur sem „afi rappsins“ eða Sesar A, er nú snúinn aftur á klakann eftir fjögurra ára nám á Spáni. Þar nam hann bæði spænska kvikmyndasögu og miðjarðarhafseldamennsku. Sesarinn kom heim með plötuna Of gott, sem er hans þriðja plata, og miðlar nú hæfileikum sínum við pottana á Kaffi Sólon. -glh

Ferskasta fiskmetið...

spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.

www.galleryfiskur.is

Fiskverslun

Nethylur 2, 110 Rvk., s. 587 2882

Gallerý fiskur

Verslun: Opið mán.-fimmt. 10:00-18:30, föstud. 10:00-18:00, laugard. lokað

OPNUNARTILBOÐ

Skeljar 199,000,-

Eigum gríðalegt úrval af rafmagnspottum!

Arctic Spas

Arctic Spas • Kleppsvegi 152 • 104 Reykjavík
Heitirpottar.is • sími 554 7755

Barnaföt úr bambus og soja

Guðbjörg Eggertsdóttir opnaði nýverið barnafataverslunina Litlu kistuna á Laugavegi. Þar er meðal annars hægt að fá föt úr lífrænni bómull, bambus og sojabaunaefni. „Þetta hefur fengið mjög góðar viðtökur,“ segir Guðbjörg. „Ég var búin að halda úti vefverslun, á litlakistan.is, í ár áður en ég opnaði og ég fann fyrir gífurlegum áhuga þar,“ segir hún.

Guðbjörg segir þessi óvenjulegu efni afar þægileg. „Þau eru eiginlega eins og ullin, hitastillandi og eyða lykt og eru svona líkari húðinni en önnur efni. Þau eru miklu mýkri, eins og það sé meiri raki í þeim,“ útskýrir Guðbjörg. „Maður finnur til dæmis alveg muninn á lífrænni bómull og venjulegri. Hún andar meira og manni líður betur í henni,“ segir Guðbjörg, sem segir fólk oft ekki átta sig á því hversu mikil eiturefni eru notuð við ræktun bómullar. „Það er rosalega mikið magn af skordýraeitri og aflaufgunarmiðlar og fleira. Svo eru oft notuð sterk efni við vinnsluna á bómullinni og að lokum notuð litarefni sem eru búin til úr málmum og olíum. Þetta er alltaf að verða meira og meira,“ útskýrir hún. „Í rauninni er þetta bara blóm. Bómullin er ræktuð eins og grænmeti. Flestir vita hvað það er mikil eiturefnanoktun í grænmetisræktun, enda hafa margir skipt yfir í lífrænt ræktað grænmeti á síðustu árum,“ bendir Guðbjörg á.

Í sama húsnæði og Litla kistan er að finna kvenfataverslunina Töru, þar sem hægt er að nálgast þýska hönnun úr afar mjúkri, tyrkneskri bómull fyrir þá sem öfunda börnin af bambusklæðunum. - sun

ÓVENJULEG FÖT Guðbjörg Eggertsdóttir í Litlu kistunni selur meðal annars barnaföt úr lífrænni bómull, bambus og sojabaunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sony BRAVIA á EM tilboði

Sony 40" X3500 BRAVIA LCD sjónvarp

Full HD 1080p upplausn • 100hz Motionflow
BRAVIA Engine Pro myndstýring • x.v.Colour
24p True Cinema • Live Colour Creation
BRAVIA Theatre Sync • Photo TV HD
Innbyggður stafrænn sjónvarpsmóttakari

Verð áður 499.900 nú 419.900

Sony 40" D3550 BRAVIA LCD sjónvarp

Full HD 1080p upplausn • x.v.Colour
BRAVIA Engine myndstýring
24p True Cinema • Live Colour Creation
BRAVIA Theatre Sync • Photo TV HD
Innbyggður stafrænn sjónvarpsmóttakari

Verð áður 249.900 nú 219.900

www.sonycenter.is

Kringlan
103 Reykjavík
588-7669
info@sonycenter.is

Sony Center

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

MEST LESIÐ:

Sat forsetafrúin nakin fyrir?
Yngri heilabilunarsjúklingar látnir bíða dauðans í geymslu
Ráðherrar borga 15 þúsund fyrir afnot af ráðherrabílum
Mál séra Gunnars sent til saksóknara

visir.is ...ég sá það á visir.is



BAKÞANKAR
Dr. Gunna

Bögg

ÉG tók strætó með hjólið upp á Akranes og hjólaði Hvalfjörðinn í bæinn. Það var frábært enda Hvalfjörður orðinn hjólareiðaparadís síðan göngin komu. Þetta voru sirka hundrað kílómetrar í brakandi blíðu og örfáir á ferli. Æðisgengið.

ÁLVERIÐ á Grundartanga blasti við allan tímann og það böggaði mig ekki neitt. Það böggar mig dálítið að það skuli ekki hafa böggað mig meira. Kannski hefði ég átt að bölva allan tímann og steyta hnefann í átt að þessari forljótu verksmiðju. Hvað er eiginlega að mér? Ég gleymdi bara alveg að láta álverið fara í taugarnar á mér því ég glápti svo stíft upp í fjöllin og naut þess svo að vera einn með fíflum og sóleyjum. Ég gleymdi meira að segja að láta ómerkilegustu jurtina, lúpínuna, bögga mig. Hún er innflutt og allt of dugleg. Landið er smátt og smátt að verða ein bláhvít lúpínubreiða.

ENN á ný er ætlast til að maður taki afstöðu í náttúruverndarmálunum. Heldurðu með Björk eða Friðriki Sophussyni? Ég vissi það ekki þá og veit það ekki nú, en einhvern veginn hallast ég að því að allt sé best í hófi. Og við eigum æðislegt land og eigum ekki að glopra því úr höndunum á okkur eins og skammsýn fífl.

ÞAÐ er erfitt að láta hlutina bögga sig úti í náttúrunni. Eiginlega vonlaust. Það er mun auðveldara í sollinum. Ég var ekki fyrr kominn inn á Þjóðveg eitt en böggið helltist yfir mig. Það er vonlaust að skrönglast þetta í vegarkantinum á hjóli. Örmjó rönd til að hjóla á við hliðina á aðvörunarrifflum og rosalegir trukkar á 120 í rassinum á manni. Ég óttaðist um líf mitt og var sjóðandi böggaður þegar ég slefaði loksins inn í Esjuskála.

SATT að segja er allt of auðvelt að vera í linnulausu böggkasti í bænum. Umferðin eins og hún er, hrun góðærisins nær sífellt nýjum botni og allt hækkar á ógnarhraða nema kaupið manns. Bankastjórar heimta nýjar virkjanir og álver svo bankinn þeirra geti haldið áfram að skila sjö trilljón króna gróða á fyrsta ársfjórðungi og Gunnar í Krossinum er stöðugt vonbetri um að heimsendir sé loksins að bresta á með tilfallandi stuði fyrir fólk eins og hann.

ÚFF. Engin furða að maður sakni böggleysis náttúrunnar.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 26. júní, 179. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	2.59	13.30	0.01
Akureyri	1.40	13.15	0.47

Heimild: Almanak Háskólans

3G Vodafone

3G net frá Vodafone

Vertu í góðu netsambandi á ferðalaginu

Með **3G neti Vodafone** ertu alltaf í besta mögulega netsambandi.

Enginn stofnkostnaður, mánaðargjald **1.990 kr.** í 12 mánuði. Innifalið er **1 GB af gagnamagni** innanlands.

Fáðu þér **3G** net strax í dag í næstu verslun Vodafone. Nánari upplýsingar í **1414** og á **vodafone.is**.

Lifðu núna

vodafone

F1on/SÍA F1026368